


skoðun 22

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Jólahlaðborð








# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
**11. október 2012**
239. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Netheimar taka við sér

*Hljómsveitin Sykur endurhljóðblandar lag með Bretunum í Snow Patrol.*

**tónlist 46**

## Gagnrýna aðbúnað

*Sjúklingar á geðdeild segja ólíðandi að misveikt fólk deili herbergi.*

**fréttaskýring 12**



## Síðasta tækifærið

*Logi Geirsson gerir lokatilraun til þess að spila handbolta.*

**sport 52**

### veðrið í dag




**TALSVERÐ RIGNING** sunnan og austan til í fyrstu en annars víða rigning með köflum. Strekkingur norðaustanlands fram eftir degi en annars fremur hægur vindur.

**VEÐUR 4**

# Áfellisdómur yfir Orkuveitu

**Orkuveita Reykjavíkur fór of geyst í fjárfestingar og eigendur tóku út mikinn arð. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu úttektarnefndar um starfsemina. Pólitíkusar eiga ekki að vera í stjórn OR.**

**STJÓRNSÝSLA** Of miklar fjárfestingar, arðgreiðslur á lánum og tregða til að hækka gjaldskrár eru orsök slæmrar fjárhagsstöðu Orkuveita Reykjavíkur (OR) á árunum 2002 til 2010. Þá nemur uppsafnað gengistap OR 100,9 milljörðum króna og tap fyrirtækisins vegna fjárfestinga í hlutabréfum 8,3 milljörðum króna. Skuldir OR jukust úr 17,7 í 224,4 milljarða króna á tímabilinu.

Þetta eru helstu niðurstöður úttektarnefndar um starfsemi OR sem skilaði af sér tæplega 600 blaðsíðna skýrslu um rekstur og stjórnun fyrirtækisins í gær. Skuldir og tap OR eru á ábyrgð íbúa Reykjavíkur, Akraness og Borgarbyggðar, eigenda OR.

Nefndin telur veigamikil rök hníga að því að stjórn OR verði ekki lengur skipuð fulltrúum eigenda sinna heldur fólki sem hefur „reynslu og/eða þekkingu á málefnasviðum fyrirtækisins og rekstri“. Umræðuhefð stjórnmálamanna í stjórninni hafi veikt stöðu hennar gagnvart forstjóra og gefið honum of mikið svigrúm til sjálfstæðra ákvarðana.

Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík, tekur undir þetta. „Þar sem þetta er svo yfirgripsmikill og flókinn rekstur tel ég algerlega nauðsynlegt að til stjórnarstarfa veljist fólk sem hefur þekkingu, reynslu eða að minnsta kosti áhuga.“ Í sama streng tekur Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, sem sat meðal annars í stjórn OR.

> **Milljarða arðgreiðsla**
>
> Orkuveita Reykjavíkur greiddi eigendum sínum 16,3 milljarða króna í arð á úttektartímabilinu. Færa má rök fyrir því að þær greiðslur hafi verið fjármagnaðar með erlendum lánum.

Spurður hvort hann telji sig bera ábyrgð á því hvernig stjórn OR var háttað svarar Dagur: „Já, ég held að við verðum öll að taka ábyrgð á þeirri stjórnmálamenningu sem verið er að lýsa í skýrslunni og einkennist af miklum átökum.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, vonast til að borgarstjórn nýti vinnuna til að minnka umsvif fyrirtækisins. Sátt verði að vera um að OR sinni grunnþjónustu við almenning og engu öðru. Hún er ekki sannfærð um að rétt sé að fagaðilum sé falið að sitja í stjórn OR. „Það er eitthvað sem verður að ræða. Það sem mér finnst mikilvægast núna er að tryggja að það geti ekki gerst aftur að stjórnendur fyrirtækisins vinni ekki í samræmi við vilja kjörinna fulltrúa. Skýrslan er ekki bara ádeila á stjórnmálamenn heldur líka stjórnendur fyrirtækisins.“

**- þsj, bþh** / sjá síðu 8 og 10.



**ÖRYGGI SÆFARENDA** Þessir vösku menn kynntu sér öryggisbúnað fyrir sjómenn á Sæbjörgu, skipi Slysavarnaskóla sjómanna í gær. „Þessa dagana erum við með fimm daga grunnnámskeið sem sjómenn allra stærri skipa verða að taka,“ segir Hilmar Snorrason skólastjóri. „Þetta eru nemendur af hinum og þessum skipum. Dagskráin er fjölbreytt en á föstudaginn verður til dæmis æfing með þyrlu Gæslunnar.“ FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Heillaði L.A. Reid:

## Jón Jónsson semur við Sony

**TÓNLIST** „Mig hefði aldrei grunað að ég myndi nokkurn tíma fá samning hjá Sony. Þetta er tækifæri sem ég verð að stökkva á og prófa,“ segir tónlistarmaðurinn, ritstjórinn og knattspyrnukappinn Jón Ragnar Jónsson. Jón hefur skrifað undir útgáfusamning við stórfyrirtækið Sony eftir að hann heillaði útgáfustjórann og X Factor-dómarann L.A. Reid.

Reid er eitt af stóru nöfnunum í tónlistarbransanum vestanhafs og hefur, sem útgáfustjóri og lagahöfundur, átt þátt í frægð og frama tónlistarfólks á borð við Rihönnu, Justin Bieber, Usher, Avril Lavigne, Mariuh Carey, Kanye West og Pink.



L.A. REID

L.A. Reid heillaðst eftir að hafa hlýtt á Jón flytja lög sín When You're Around og Kiss in the Morning á skrifstofu tónlistarmógúlsins í Sony-byggingunni í New York.

**- áp** / sjá síðu 58

Róbert Marshall býður fram í Reykjavík fyrir Bjarta framtíð í kosningunum í vor:

## Hættir í þingflokki Samfylkingarinnar

**STJÓRNMÁL** Róbert Marshall, þingmaður Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi, mun tilkynna úrsögn sína úr þingflokknum í dag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hann mun segja sig úr Samfylkingunni og bjóða fram fyrir Bjarta framtíð í alþingiskosningunum í vor.

Róbert vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði til hans en sagðist ætla að tilkynna um áform sín í dag.



RÓBERT MARSHALL

Róbert skipaði þriðja sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi fyrir síðustu alþingiskosningar og er áttundi þingmaður kjördæmisins. Þá var hann varaþingmaður fyrir flokkinn á síðasta kjörtímabili. Hann er annar varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Róbert hefur tilkynnt að hann ætli að bjóða sig fram í Reykjavík í vor og samkvæmt heimildum blaðsins breyta flokkaskiptin engu þar um.

**- kóp**









SPURNING DAGSINS



*Logi, eru komnir einhverjir stjörnustælar í þig?*

„Nei, en maður er kannski með stjörnublik í augum."

Logi Ólafsson var í vikunni ráðinn þjálfari Stjörnunnar í Garðabæ.

Þrír Pólverjar í þriggja ára fangelsi fyrir að smygla níu kílóum af amfetamíni:

# Ekki sekir um sameiginlegt smygl

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær þrjá Pólverja til þriggja ára fangelsisvistar fyrir að flytja hingað samtals tæp níu kíló af amfetamíni í vor.

Mennirnir þrír, Cyprian Eugeniusz Karolewski, Grzegorz Szacilowski og Jaroslaw Lubomirow Kalecew, eru allir frá sama smábænum í Póllandi. Þeir komu til Íslands í apríl, hver með tæp þrjú kíló af amfetamíni falin í sjampóbrúsum í farangri sínum. Þeir voru handteknir í kjölfarið.

Mennirnir játuðu sök að hluta en neituðu því að hafa vitað hvað væri í töskunum og neituðu því enn fremur að hafa staðið saman að smyglinu.



**MIÐUR SÍN** Mennirnir sögðust allir fyrir dómi sjá mjög eftir ferðinni til Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Um síðarnefnda atriðið var helst deilt fyrir dómi. Saksóknarinn reyndi að færa rök fyrir því að mennirnir hlytu að tengjast og hafa unnið saman í málinu.

Dómurinn telur þetta hins vegar ekki á nokkurn hátt sannað og sakfellir þá því bara hvern og einn fyrir innflutning á tæpum þremur kílóum.

Mennirnir eru allir dæmdir til að greiða tvo þriðju af einnar milljónar málsvarnarlaunum verjenda sinna sjálfir, en þriðjungur – samtals ein milljón – lendir á ríkissjóði. **- sh**

Nýjung á Krýsuvíkursvæðinu:

# Hundar keppa í reiðhjóladrætti

**ÍÞRÓTTIR Keppt verður í svokölluð hundadragi í Krýsuvík á laugardaginn. Keppnin felst í því að hundar draga manneskju á reiðhjóli, samkvæmt lýsingu formanns Reykjavíkurdeildar Draghundasports Iceland í erindi til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði.**

**Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar segist taka jákvætt í að veita leyfi fyrir hundadraginu þar sem lögregla og Krýsuvíkursamtökin hafi verið upplýst um viðburðinn.** **- gar**




**BREYTINGAR** Fjórar götur verða nefndar eftir merkiskonum í sögu Reykjavíkur. MYND/REYKJAVÍKURBORG

Fjórar götur nefndar upp á nýtt:

# Götunöfn fyrir heiðurskonur

**BORGARMÁL Fjórar götur í Reykjavík hafa fengið ný heiti og í gærmorgun var Bríetartún merkt, en svo heitir nú austurhluti Skúlagötu frá Snorrabraut að Höfðatúni. Höfðatún heitir framvegis Katrínartún. Skúlatún hefur fengið heitið Þórunnartún og Sætún ber nafnið Guðrúnartún.**

**Skilti með eldri götuheitum verða áfram til 2014 þannig að vegfarendur hafa rúman tíma til að venjast nýjum nöfnum.**

**Göturnar er nefndar eftir fyrstu konunum sem tóku sæti í borgarstjórn Reykjavíkur árið 1908.** **- shá**

Nauðgun á Selfossi:

# 16 ára stúlku var nauðgað

**LÖGREGLUMÁL** Sextán ára stúlku var nauðgað á Selfossi aðfaranótt sunnudags. Lögreglan handtók 36 ára mann í Reykjavík á þriðjudag og yfirheyrði, en hann var látinn laus um kvöldið eftir húsleit á heimili hans.

Stúlkan kom út af dansleik á skemmtistaðnum Hvíta húsinu undir lok hans. Maður kom að henni og leiddi hana aftur fyrir húsið þar sem hann nauðgaði henni. Lögreglan biður alla þá sem hugsanlega hafa orðið vitni að aðdraganda málsins að hafa samband í síma 480-1010. **- kóp**

# Talinn hafa verið ginntur af lögreglu

**Notkun tálbeitu varð til þess að maður sem braut gegn barnungum stúlkum náðist. Hann var á þriðjudag dæmdur í níu mánaða fangelsi. Hluti dómsins er skilorðsbundinn. Sýknað var vegna ákæruliðar þar sem tálbeitu var beitt.**

**DÓMSTÓLAR** Þrítugur Reykvíkingur hefur verið dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir brot gegn blygðunarsemi, brot gegn barnaverndarlögum og vörslu á barnaklámi. Maðurinn braut gegn stúlku í umdæmi lögreglunnar á Selfossi. Sex mánuðir dómsins, sem var kveðinn upp í Héraðsdómi Suðurlands á þriðjudag, eru skilorðsbundnir.

Maðurinn var árið 2010 í netsamskiptum við 10 ára gamla stúlku og klæmdist við hana og vinkonur hennar á spjallrás á netinu. Hann er jafnframt ákærður fyrir að hafa fengið þær til að bera sig fyrir framan vefmyndavél og reynt að fá þær til að sýna kynfæri sín. Hann þóttist vera 18 til 19 ára gamall, en var á þessum tíma í raun 27 ára.

Ættingjar stúlknanna komust á snoðir um samskipti hans við þær. Í framhaldinu og að undirlagi lögreglu á Selfossi átti móðir einnar þeirra í samskiptum við hann í nafni dóttur sinnar. Þau samskipti leiddu til þess að hann mætti til að áreita stúlkuna, sem þá var orðin ellefu ára, og vinkonu hennar og „hafa við þær kynferðismök í samræmi við ráðagerð hans þar um í samskiptum sínum við barnið," að því er segir í ákæru.

Dómurinn sýknaði manninn hins vegar af þessum ákærulið. Talið var að ákæruvaldinu hefði ekki tekist að sýna fram á að maðurinn hefði tekist förin að hitta telpurnar á hendur án þess að fá til þess hvatningu og frumkvæði, bæði frá móður stúlkunnar og áður frá rannsóknarlögreglumanni sem annaðist rannsókn málsins. „Verður þannig að telja […] að ákærði hafi verið ginntur til þess að koma austur […] í þeim tilgangi að fremja þar refsiverðan verknað sem hann annars hefði ekki reynt að fremja," segir í dómnum.

Þegar maðurinn kom á staðinn beið hans þar hins vegar lögreglumaður sem gat borið kennsl á bíl sem maðurinn var á. Hann var síðan kallaður til yfirheyrslu.

Maðurinn neitar sök í flestum ákæruliðum en játar þó á sig vörslu barnakláms í fartölvu. Er honum refsað fyrir 698 ljósmyndir auk hreyfimynda, sem alls taka rúmar fimm klukkustundir í afspilun.

Maðurinn hefur ekki gerst sekur um refsiverðan verknað áður, og frá refsingu hans dregst þriggja daga gæsluvarðhald sumarið 2010.

Stúlkunni sem maðurinn braut gegn þarf hann að greiða 200 þúsund krónur í miskabætur.

olikr@frettabladid.is

## Líklegt talið að refsing skili árangri

Í niðurstöðum matsgerðar sálfræðings sem fenginn var til að meta hvatir, heilbrigðisástand og hugarfar ákærða kemur fram að hann hafi kynferðislega hneigð til stúlkubarna. „Kemur fram að ákærði segist iðrast og vilji aðstoð við að losna við hugsanir sínar. Metur matsmaður það trúlegt að ákærði sjái eftir hegðun sinni, en jafnframt að honum finnist hugsanirnar óþægilegar og þær valdi honum hugarangri. Ákærði hafi allan tímann verið þess meðvitaður að athafnir hans væru ólöglegar og siðferðilega rangar. Réttlæting á háttseminni sé ekki áberandi," segir í dómnum. „Vegna mats á áhættu á endurteknum kynferðisbrotum kemur fram að matsmaður telji áhættu vegna endurtekningar brota hjá ákærða vera miðlungs til háa. Ýmislegt teljist honum hins vegar til tekna, hann hafi hvorki alvarlega geðröskun né persónuleikaröskun, hann eigi góða vini og fjölskyldu sem styðji við hann. Telur matsmaður nauðsynlegt að eftirlit verði með ákærða, hver svo sem niðurstaða dómsmálsins verði. Líklegt sé að refsing muni skila árangri."



ASÍ gagnrýnir ríkisstjórnina:

# Ólíðandi verkstopp á tímum atvinnuleysis

**EFNAHAGSMÁL** Hörð gagnrýni á vinnubrögð stjórnarflokkanna kom fram á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands í gær. Var þar sérstaklega vísað í ummæli Álfheiðar Ingadóttur, þingmanns VG, á Alþingi í fyrradag um framkvæmdir í Bjarnarflagi.

„Þar kom fram að þegjandi samkomulag ríkti um að ríkisfyrirtæki héldu að sér höndum í virkjanamálum meðan rammaáætlun hefði ekki verið afgreidd á Alþingi," segir í tilkynningu frá ASÍ. Enn fremur segir að það sé ólíðandi að ríkisstjórn krefjist þess af æðstu embættismönnum og forstöðumönnum stofnana að þeir starfi ekki samkvæmt gildandi lögum. Það þýði í raun verkstopp og að meiriháttar fjárfestingar hafi verið settar á ís. Slíkt sé ábyrgðarleysi í ljósi þess mikla atvinnuleysis sem hér ríki. **- th**

Aðgerðir vegna Outlaws:

# Allir eru nú lausir úr haldi

**LÖGREGLA** Tveir karlar og ein kona, sem voru handtekin og úrskurðuð í gæsluvarðhald í tengslum við aðgerðir lögreglu gegn vélhjólagenginu Outlaws í síðustu viku, eru laus úr haldi samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni. Þar segir einnig að rannsókn málsins haldi þó áfram og miði ágætlega.

Þremenningarnir voru handteknir vegna gruns um að þeir hefðu skipulagt árásir á heimili lögregluþjóna, en lögreglan fóru fram í síðustu viku og voru þær einhverjar umfangsmestu aðgerðir lögreglunnar hér á landi. Fólkið er grunað um að hafa lagt á ráðin um að fara inn á heimili lögreglumanna og beita þá, sem og fjölskyldur þeirra, ofbeldi.

DALA FETA FYRIR ÞÁ SEM GERA KRÖFUR




ms.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

Æðsti herforingi Pakistans fordæmir skotárás talibana á skólastúlkur:

# Árásin vekur hörð viðbrögð

**PAKISTAN, AP** Skotárás talibana á skólastúlkur í Swatdalnum í Pakistan hefur vakið hörð viðbrögð. Efnt hefur verið til mótmælafunda og mörgum skólum var lokað í mótmælaskyni í gær.

Þá hefur æðsti herforingi landsins, Ashfaq Parvez Kayani, sent frá sér harðorða yfirlýsingu þar sem hann fordæmir árásina. Sjaldgæft er að her landsins sendi frá sér yfirlýsingar af þessu tagi.

„Með því að ráðast á Malala sýna hryðjuverkamennirnir að þeir hafa ekki áttað sig á því að hún er ekki aðeins einstaklingur, heldur tákn um hugrekki og von sem sýnir fram á gildi þeirra miklu fórna sem íbúar í Swat-dalnum og víðar í ríkinu hafa fært með því að losa dalinn úr höndum hryðjuverkamanna," sagði Kayani herforingi.

Árásin var gerð á skólabíl fyrir utan skóla í bænum Mingora á þriðjudag. Talibani réðst inn í bílinn og skaut á tvær stúlkur.

Önnur þeirra er Malala Yousoufzai, fjórtán ára stúlka sem þekkt er fyrir ótrauða baráttu sína fyrir skólagöngu stúlkna og gegn kúgun talibana.

Læknar sögðu vel hafa tekist til við að fjarlægja byssukúlu úr hálsi hennar, en stúlkurnar eru báðar á sjúkrahúsi og báðum er hugað líf. **- gb**




**MÓTMÆLI Í ISLAMABAD** Talibönum voru ekki vandaðar kveðjurnar víða í Pakistan í gær. NORDICPHOTOS/AFP




Takmarkað magn á þessum vildarkjörum

*Upphæð inneignarkortsins er 260.000 kr. sem samsvarar 1.000 lítrum á núverandi verði.
* Meðalakstur miðað við fólksbíl (bensín), árið 2011, samkvæmt Umferðarstofu.

**Opið: 10:00 - 18:00 og laugardaga 12:00 - 16:00**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna • Tangarhöfða 8 • 590 2000 | Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330 | Bílaríki • Glerárgötu 36 Akureyri • 461 3636 | www.benni.

**GENGIÐ 10.10.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,71 | 123,29 |
| Sterlingspund | 196,41 | 197,37 |
| Evra | 157,84 | 158,72 |
| Dönsk króna | 21,16 | 21,284 |
| Norsk króna | 21,329 | 21,455 |
| Sænsk króna | 18,333 | 18,441 |
| Japanskt jen | 1,567 | 1,5762 |
| SDR | 188,44 | 189,56 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 218,6919

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bandarískir vísindamenn fá Nóbelsverðlaunin í efnafræði þetta árið:

# Hafa auðveldað lyfjaþróun

**SVÍÞJÓÐ, AP** Tveir bandarískir vísindamenn fá Nóbelsverðlaunin í efnafræði þetta árið fyrir rannsóknir sínar á prótínviðtökum, sem gera frumum líkamans kleift að skynja og bregðast við merkjum að utan, svo sem merkjum um hættu eða tiltekið bragð eða lykt.

Sænska Nóbelsnefndin skýrði frá þessu í gær, og sagði rannsóknir þeirra Roberts Lefkowitz og Brians Kobilka á níunda áratugnum hafa markað tímamót. Þær hefðu ekki síst komið að góðu gagni við þróun lyfja af ýmsu tagi. Um það bil helmingur allra lyfja er byggður á virkni þessara viðtaka, sem nefndir eru G-prótíntengdir viðtakar. Í mannslíkamanum eru um þúsund tegundir þessara viðtaka, meðal annars í nefi, tungu og augum.

Á þriðjudag skýrði sænska Nóbelsnefndin frá því að tveir franskir vísindamenn, Serge Haroche og David Wineland, fengju verðlaunin í eðlisfræði fyrir rannsóknir þeirra í skammtafræði.

Í dag verður tilkynnt um verðlaunahafann í bókmenntum þetta árið. Nóbelsverðlaunin verða að venju afhent í Stokkhólmi hinn 10. desember. **- gb**



**ROBERT LEFKOWITZ** Nýbakaður Nóbelsverðlaunahafinn fékk góðar viðtökur þegar hann mætti til vinnu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Gæslan eyddi sprengjum:

## Sprengjur í Bryggjuhverfi

**LANDHELGISGÆSLAN** Sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar eyddu tveimur sprengjukúlum eftir hádegi í gær. Þær fundust á svæði Björgunar í Bryggjuhverfinu í Reykjavík.

Sprengjurnar voru fjarlægðar af svæðinu. Talið er að þær séu úr seinni heimstyrjöldinni og hafi komið að hafsbotni með sanddæluskipinu Sóley. Sérfræðingar Landhelgisgæslunnar segja mikla hættu stafa af svona sprengjum jafnvel þó þær hafi legið í sjó í tugi ára. **- bþh**

Iceland Express í Danmörku:

## Þriðja besta lággjaldafélagið

**FERÐAÞJÓNUSTA** Íslenska lággjaldaflugfélagið Iceland Express hefur verið valið þriðja besta lággjaldaflugfélagið í Danmörku. Niðurstöður Danish Travel Awards voru kynntar á þriðjudag.

Danish Air Transport er besta félagið í sínum flokki og Norwegian er næstbest að mati neytenda. Túristi.is greinir frá þessu. Hátt í fjórtán hundruð neytendur greiddu atkvæði í könnuninni auk töluverðs fjölda starfsmanna í dönsku ferðaþjónustunni. **- bþh**



**Í RÉTTARSALNUM** Jekaterína Samúsevitsj, María Aljokína og Nadesjda Tolokonnikova í glerbúrinu, sem sakborningar eru hafðir í. NORDICPHOTOS/AFP

Læknisheimsóknir Dana:

## Þúsundir meiða sig á dósum

**DANMÖRK Á hverju ári fara 3.800 Danir á slysavarðstofu eftir að hafa meitt sig á umbúðum. Af þeim hafa 2.500 meitt sig á umbúðum utan um matvæli, eins og niðursuðudósum, glerflöskum og töppum.**

**Á fréttavef Politiken segir að meirihluti þeirra sem slasast, eða 59 prósent, sé karlar. Flestir þeirra eru á aldrinum 15 til 24 ára. Talið er víst að miklu fleiri slasi sig á umbúðum en þeir sem leita til læknis.** **- ibs**

Fyrirlestur um sjón barna:

## Tvö blind börn á ári á Íslandi

**HEILBRIGÐISMÁL Talið er að um 108 blind og sjónskert börn séu á Íslandi í dag. Á hverju ári fæðast sex til sjö blind og sjónskert börn hér á landi, þar af að meðaltali tvö alblind. Viðbótarfötlun meðal barnanna er algeng, til dæmis heyrnarskerðing, að því er fram kemur í tilkynningu frá Blindrafélaginu.**

**Meðferð blinduvaldandi sjúkdóma hjá börnum hefur þó fleygt fram á síðustu áratugum og mun Guðmundur Viggósson augnlæknir ræða á fundi Blindrafélagsins í dag um orsakir blindu og sjónskerðingar hjá börnum. Fyrirlesturinn er haldinn í tengslum við Dag hvíta stafsins, sem er á mánudaginn næstkomandi.** **- sv**

**LEIÐRÉTT**

Í frétt um uppgjör Norvikur hf. í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins í gær, var sagt að félagið hefði tapað 500 milljörðum króna á síðasta ári. Það er rangt. Tap félagsins nam 500 milljónum króna. Beðist er velvirðingar á þessu.

# Ein látin laus en tvær sendar í fangabúðir

**Jekaterína Samúsevitsj fékk skilorðsbundinn dóm vegna þess að hún tók ekki jafn virkan þátt í mótmælunum og hinar tvær. Tveggja ára fangelsisdómur Nadesjdu Tolokonnikovu og Maríu Aljokínu staðfestur af áfrýjunardómstól.**

**RÚSSLAND** Áfrýjunardómstóll í Moskvu komst í gær að þeirri niðurstöðu að Jekaterína Samúsevitsj, ein þriggja kvenna úr pönksveitinni Pussy Riot, hefði ekki tekið jafn virkan þátt í mótmælum hljómsveitarinnar í febrúar síðastliðnum.

Þess vegna var dómi hennar breytt úr tveggja ára fangelsi í skilorðsbundinn dóm, og var hún samstundis látin laus. Félagar hennar, þær Nadesjda Tolokonnikova og María Aljokína, verða hins vegar sendar í vinnubúðir til að ljúka afplánun dómsins. Samúsevitsja gekk upp að altari kirkjunnar ásamt félögum sínum, en öryggisvörður fjarlægði hana eftir að hún hafði aðeins verið þar í um það bil fimmtán sekúndur. Þar af leiðandi tókst henni ekki að vera við hliðina á hinum konunum þessa einu mínútu sem þær hoppuðu og hrópuðu slagorð gegn Vladimír Pútín forseta.

Þær tjáðu sig í réttarsalnum í gær og sögðu mótmælin eingöngu hafa verið af pólitískum toga, ekki trúarlegum. Jafnframt báðust þær afsökunar á því að hafa hugsanlega sært trúartilfinningar einhverra.

„Í þessum og fyrri mótmælum okkar beindum við okkur gegn stjórn núverandi forseta landsins," sagði Samúsevitsj, „og gegn rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni sem ríkisstofnun, gegn pólitískum ummælum rússneska patríarkans."

Dómarinn greip ítrekað fram í fyrir þeim en þær héldu ótrauðar áfram: „Við munum ekki þagna. Og jafnvel þótt við förum til Mordóvíu eða Síberíu munum við ekki þagna," sagði Aljokína, en vinnubúðir fanga eru flestar í Mordóvíu eða Síberíu.

Lögmenn þeirra voru allir ósáttir við niðurstöðu áfrýjunarréttarins og íhuguðu að skjóta málinu til hæstaréttar. Mannréttindasamtökin Amnesty International fögnuðu því að dómur yfir einni þeirra hafi verið styttur en fordæmdu engu að síður niðurstöðuna: „Eins og þessi niðurstaða sýnir er rússneska réttarkerfið ekki líklegt til að bjóða mikla vernd til handa þeim sem komast í kast við það."

Vladimír Pútín forseti sagði hins vegar nýverið að dómur þeirra væri réttlátur: „Það er ekki hægt að leyfa fólki að grafa undan siðferðilegum grundvelli okkar, siðferðisgildunum, að reyna að eyðileggja landið."

**gudsteinn@frettabladid.is**



**TOYOTA** Verksmiðjurnar innkalla nú 7,4 milljónir bíla um heim allan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bilaður takki veldur innköllun:

## Toyota kallar inn 3.690 bíla

**BÍLAR** Toyota á Íslandi þarf að innkalla 3.690 bifreiðar hérlendis, en Toyota-verksmiðjurnar innkalla nú 7,4 milljónir bifreiða um allan heim vegna bilaðs hnapps í bílstjórahurð.

Um er að ræða Corolla, Yaris, Auris og Rav 4 af árgerð 2006 til 2008. Eigendur þessara bifreiða verða boðaðir með bíla sína í viðgerð á næstu dögum. Ekki er gert ráð fyrir að viðgerðin taki meira en klukkutíma. Bilunin lýsir sér þannig að hnappur í bílstjórahurð bílanna stendur á sér. Eigendur umræddra bifreiða munu ekki bera neinn kostnað af innköllunni. **- bþh**


Haustferð fyrir eldri borgara til

**Kanarí**

30. október

Frá kr. 129.900 í 23 nætur

Heimsferðir bjóða einstakt tilboð í ferð fyrir eldri borgara í haust til Kanaríeyja. Við bjóðum fjölbreytt úrval gististaða. Haustið er svo sannarlega frábær tími á þessum einstaka áfangastað. **Mikil dagskrá í boði í fylgd reyndra fararstjóra.**

**Kr. 129.900**
Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð á Corona Blanca í 23 nætur. **Sértilboð 30. október.**

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099**
**www.heimsferdir.is**

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**RIGNING**
í mismiklu magni einkennir veðrið víða um land næstu daga. Eftir rigningu dagsins í dag verður þó bjart með köflum og þurrt vestanlands á morgun en laugardag má búast við rigningu sunnan og vestan til. Á sama tíma styttir hins vegar upp á Austurlandi.





**Á MORGUN**
Strekkingur með SA-ströndinni, annars hægari.



**LAUGARDAGUR**
Strekkingur með S-ströndinni, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 13° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 15° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 15° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 10° |
| París | 18° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# SJÓÐHEITT SÓLAR LOTTÓ

## Spilaðu með og láttu sólina leika við þig!

**Kanarí** 27. okt. - 19 nætur

VERÐ FRÁ: **139.900 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli á
3 stjörnu hóteli **með morgunmat**.
Brottför 27. okt - 19 nætur

**Tenerife** 27. okt. - 21 nótt

VERÐ FRÁ: **169.900 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli á
4 stjörnu hóteli á **hálfu fæði**.
Brottför 27. okt - 21 nótt

Þú bókar sólarlottó hjá okkur til Tenerife eða Kanarí
á 3 - 4 stjörnu hótel á frábæru verði!
5 dögum fyrir brottför færð þú uppgefið
á hvaða hóteli þú gistir!

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

* Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hve miklum hagnaði skilaði Myllusetur ehf., eigandi Viðskiptablaðsins, í fyrra?*

**2.** *Hvað heitir framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans?*

**3.** *Hvaða bresk-líbanski tónlistarmaður mun spila í Hörpu 18. desember næstkomandi?*

**SVÖR**

**1.** *14 milljónum króna* **2.** *Páll Matthíasson* **3.** *Mika*

Könnun verðlagseftirlits ASÍ á þjónustu vegna dekkjaskipta hjá 24 verkstæðum:

# Yfir 90 prósenta verðmunur á dekkjaskiptum

**NEYTENDUR** Mestur verðmunur í verðkönnun ASÍ á 24 hjólbarðaverkstæðum síðastliðinn mánudag var á þjónustu vegna dekkjaskipta á jeppa. Þjónusta vegna dekkjaskipta á Mitsubishi-jeppa með 18 tommu stálfelgum var ódýrust hjá Nýbarða, þar sem hún kostaði 7.000 krónur, en dýrust hjá Sólningu, þar sem hún kostaði 13.398 krónur. Verðmunurinn var 6.398 krónur, eða 91 prósent.

Fyrir álfelgu af sömu stærð er þjónustan ódýrust hjá Dekkverk og Nýbarða á 7.500 krónur en dýrust á 13.398 krónur hjá Sólningu. Verðmunurinn var 5.898 krónur, eða 79 prósent.

Minnstur verðmunur var á þjónustu við dekkjaskipti undir smábíl og minni meðalbíl á 14 og 15 tommu álfelgu. Hún var ódýrust hjá VDO – Borgardekkjum, þar sem hún kostaði 5.490 krónur, en dýrust á 7.820 krónur hjá Öskju. Verðmunurinn var 2.330 krónur, eða 42 prósent. Fyrir stálfelgu af sömu stærð er þjónustan ódýrust á 5.390 krónur hjá Nýbarða en dýrust á 7.820 krónur hjá Öskju. Verðmunurinn er 2.430 krónur, eða 45 prósent.

Sex hjólbarðaverkstæði hafa hækkað hjá sér verðið við dekkjaskipti á meðalbíl með 16 tommu álfelgu frá því í október í fyrra. Mesta hækkunin var hjá Kvikk-Fix, 34 prósent. Næstmesta hækkunin var hjá Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur, Bílabúð Benna og Nýbarða, 11 prósent. Verð þjónustunnar hefur lækkað hjá sex aðilum.

Mesta lækkunin var hjá Kletti, 20 prósent, hjá Sólningu var lækkunin 13 prósent en 12 prósent hjá Gúmmívinnslustofunni SP dekk. **- ibs**



**DEKKJASKIPTI** Verðkönnun ASÍ leiddi í ljós talsverðan verðmun á umfelgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR









# Rannsaka öll kúabú vegna smitsjúkdóms

**Alvarlegur smitsjúkdómur hefur greinst á kúabúi í fyrsta skipti hér á landi. Hann er ekki hættulegur fólki og smitast ekki með afurðum. Rannsókn á landsvísu að hefjast. Ótímabært að leggja til að nautgripir búsins verði felldir.**

**LANDBÚNAÐUR** Smitandi barkabólga, sem er alvarlegur smitsjúkdómur, hefur greinst á einu kúabúinu á Egilsstöðum á Austurlandi. Matvælastofnun mun kalla eftir sýnum frá öllum kúabúum landsins á næstu dögum. Sjúkdómurinn er litinn alvarlegum augum, en hann flokkast með þekktum skaðvöldum eins og riðu, sullaveiki og gin- og klaufaveiki.

Hjörtur Magnason, héraðsdýralæknir Austurumdæmis, segir að málið sé alvarlegt, upp að vissu marki. „Hins vegar vitum við ekki enn hvernig dreifingin á smitinu er og erum því í lausu lofti hvað varðar aðgerðir og hversu alvarlegt þetta er."

Hjörtur er búinn að senda sýni úr öllum mjólkurbúum í Austurumdæmi, sem eru fjörutíu bæir frá Bakkafirði austur í Öræfi, til rannsóknar, en niðurstöður liggja fyrir um miðja næstu viku. Þá voru tekin stroksýni úr öllum smituðum dýrum á Egilsstaðabúinu á þriðjudagskvöld og send til rannsóknar á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. „Niðurstaða þeirra sýnir væntanlega hvaða týpa af veiru þetta er. Við vitum því ekki í dag hversu alvarleg þessi mynd er," segir Hjörtur en tekur fram að allt of snemmt sé að tala um möguleikann á því að stofninn á Egilsstaðabúinu verði felldur. Um áttatíu mjólkurkýr eru á Egilsstöðum og helmingur þeirra er smitaður. Mælt hefur verið fyrir um auknar smitvarnir og bann við sölu lífdýra frá búinu. Sýni voru jafnframt tekin á öðrum búum sem Egilsstaðabúið hefur nýlega haft viðskipti við með lifandi dýr en þau reyndust öll neikvæð. Því bendir ekkert til annars en að sýkingin sé einangruð við Egilsstaðabúið.

Vegna sýkingarinnar hefur Landssamband kúabænda óskað eftir samstarfi við Matvælastofnun, sem mun kalla eftir sýnum frá öllu landinu á næstu dögum. Frá árinu 2007 hafa árlega verið tekin sýni frá um áttatíu búum á ári til rannsókna á nokkrum alvarlegum smitsjúkdómum, þar á meðal smitandi barkabólgu, en öll sýni hafa hingað til verið neikvæð.

Matvælastofnun fundar með bændum á Austurlandi í dag vegna málsins.

**svavar@frettabladid.is**

Gunnar Andersen vill öll gögn um viðskipti Guðlaugs Þórs lögð fyrir dóminn:

# Helgi ekki vanhæfur í máli Gunnars

**DÓMSMÁL** Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari er ekki vanhæfur til að fara með mál Gunnars Andersen fyrir dómi. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp úrskurð þess efnis í gær.

Gunnar, sem er ákærður fyrir brot á þagnarskyldu í starfi sínu sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins, (FME) krafðist frávísunar á þeim grundvelli að Helgi Magnús hefði sótt um stöðu forstjóra FME á móti honum og væri því vanhæfur til að reka mál gegn honum.

Þessu mótmælti Helgi og sagði það ekki gera hann vanhæfan á nokkurn hátt. Héraðsdómur tók undir með Helga.

Ákæran á hendur Gunnari snýr að því að hann hafi aflað sér upplýsinga um viðskipti þingmannsins Guðlaugs Þórs Þórðarsonar við Landsbankann og komið þeim til DV.

Þegar úrskurðurinn var kveðinn upp í gær lagði Guðjón Ólafur Jónsson, lögmaður Gunnars, fram bókun, þar sem fram kemur að Gunnar hafi grunað Guðlaug Þór um refsiverða háttsemi. Þar segir einnig að ógerlegt verði fyrir Gunnar að koma að fullnægjandi vörnum í málinu nema ákæruvaldið leggi fram öll gögn um viðskiptin, enda geti þær upplýsingar haft áhrif á refsingu hans ef ekki verður fallist á kröfuna um sýknu. **- sh**



**GUNNAR Þ. ANDERSEN** **HELGI MAGNÚS GUNNARSSON** **GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

# LED SJÓNVÖRP Á FRÁBÆRU VERÐI

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.




GOTT VERÐ 64.999

SALORA

**24" Salora LED sjónvarp**
5644/5643
• Innbyggður DVD spilari • 12 og 230 volta
• Spilar beint af USB disk • Full HD 1920x1080
• Starfrænn móttakari DVB-T • CI kortarauf
• Einnig til í svörtu




GOTT VERÐ 49.999

SALORA

**19" Salora LED sjónvarp**
5605/5602
• Innbyggður DVD spilari • 12 og 230 volta
• Spilar beint af USB disk • HD Ready 1366x768
• Starfrænn móttakari DVB-T • CI kortarauf
• Einnig til í svörtu




KYNNINGAR VERÐ 59.999

Haier

**26" Haier LED sjónvarp**
LET26T1000HF
• Edge LED tækni með Slim hönnun • Full HD 1920x1080
• MEGA Contrast tækni - dýpri litir • Spilar beint af USB disk eða lykli • USB upptaka - tekur upp á minnislykil eða disk
• USB TimeShift - Settu sjónvarpið á pásu ! • DVB T/C stafrænn móttakari • Orkunotkun A




KYNNINGAR VERÐ 39.999

Haier

**22" Haier LED sjónvarp**
LET22T1000HF
• Edge LED tækni með Slim hönnun • Full HD 1920x1080
• MEGA Contrast tækni - dýpri litir • Spilar beint af USB disk eða lykli • USB upptaka - tekur upp á minnislykil eða disk
• USB TimeShift - Settu sjónvarpið á pásu !• DVB T/C stafrænn móttakari • Orkunotkun A




KYNNINGAR VERÐ 149.999

Haier

**46" Haier LED sjónvarp**
LET46Z18HF
• Edge LED tækni með Slim hönnun • Full HD 1920x1080 / 200Hz • MEGA Contrast tækni - dýpri litir • Spilar beint af USB disk eða lykli • USB upptaka - tekur upp á minnislykil eða disk • USB TimeShift - Settu sjónvarpið á pásu !
• DVB T/C móttakari • Snúningsfótur • Orkunotkun A




KYNNINGAR VERÐ 99.999

Haier

**39" Haier LED sjónvarp**
LET39Z18HF
• Edge LED tækni með Slim hönnun • Full HD 1920x1080 / 100Hz • MEGA Contrast tækni - dýpri litir • Spilar beint af USB disk eða lykli • USB upptaka - tekur upp á minnislykil eða disk • USB TimeShift - Settu sjónvarpið á pásu !
• DVB T/C móttakari • Snúningsfótur • Orkunotkun A

Gildir til 18. október á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## Rannsóknarskýrsla um Orkuveitu Reykjavíkur




# Slæmir stjórnarhættir sliguðu OR

**Úttektarnefnd um Orkuveitu Reykjavíkur (OR) segir slæma stjórnarhætti hafa einkennt rekstur OR á árunum 2002 til 2010. Pólitískar deilur innan stjórnar OR hafi skaðað fyrirtækið.**

Miklar fjárfestingar og fjárfrekar framkvæmdir á skömmum tíma, háar arðgreiðslur til eigenda og tregða þeirra til að hækka gjaldskrár í samræmi við verðlagsþróun og gríðarlegt gengistap eru ástæður fjárhagserfiðleika Orkuveitu Reykjavíkur, að mati úttektarnefndarinnar.

Margrét Pétursdóttir veitti nefndinni formennsku en auk Margrétar sátu Ása Ólafsdóttir, lögfræðingur og lektor við lagadeild Háskóla Íslands og Ómar H. Kristmundsson, prófessor við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, í nefndinni. Gestur Páll Reynisson stjórnsýslufræðingur var starfsmaður nefndarinnar.

„Það má segja að þetta sé einhvers konar vasaútgáfa af íslensku efnahagskerfi,“ segir Ása um skýrsluna sem kynnt var í gær. „Við erum að sjá það sama og í rannsóknarskýrslunni: Það er andvaraleysi sem leiðir til þessarar stöðu sem fyrirtækið er í núna.“

Úttektartímabilið er frá ársbyrjun 2002 til ársloka 2010. Í skýrslunni fellur þungur dómur á stjórnarhætti OR á tímabilinu sem kannað var sérstaklega. Vegna pólitískra átaka innan stjórnar fyrirtækisins veitti stjórnin forstjóra og öðrum stjórnendur OR ekki nægt aðhald og vanrækti eftirlitshlutverk sitt gagnvart stjórnendum. Því hafði forstjóri fyrirtækisins stefnumótandi hlutverk innan OR.

Nefndin var skipuð þann 23. júní í fyrra og átti skýrslan upphaflega að koma út 1. mars síðastliðinn en seinkaði vegna umfangsins. „Þetta var bara svo mikil vinna,“ segir Margrét Pétursdóttir, formaður nefndarinnar. Spurð hvort vinnan hafi verið yfirgripsmeiri en áætlað var segir hún að svo hafi verið. Ritun skýrslunnar lauk í júlí en síðan hefur staðið yfir frágangur af ýmsum toga.

31. desember 2010
224,4
milljarðar króna

### Skuldir Orkuveitunnar ruku upp

Skuldir OR jukuist úr 17,7 milljörðum króna í upphafi árs 2002 í 224,4 milljarða króna í lok árs 2010. Þær hækkuðu því um 206,6 milljarða króna á tímabilinu.

## Fjárfestingar í hlutabréfum: ýmis ævintýri

OR fjárfesti í margs konar dótturfyrirtækjum, sem mörg hver voru í óskyldum rekstri, og hlutabréfum í öðrum fyrirtækjum á því tímabili sem úttektin nær til. Á meðal þeirra er Lína.Net hf., Gagnaveita Reykjavíkur, Reykjavík Energy Invest (REI) útrásararmur OR, Farice og Tetra-Ísland.

Samtals nam uppsafnað tap vegna þessara fjárfestinga 8,3 milljörðum króna. Meginhluti þeirrar fjárhæðar er vegna viðskipta með hlutabréf í Hitaveitu Suðurnesja, sem síðar var skipt upp í HS Orku og Veitur. Alls hafði aðkoma OR að þeim viðskiptum neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins upp á 2,5 milljarða króna. Tap vegna fjarskiptafyrirtækja var líka umtalsvert. Þannig kostuðu félögin sem síðar runnu saman í Tetra-Ísland OR um 750 milljónir króna, Lína.Net skilaði tapi upp á 1,2 milljarða króna og 3,3 milljarðar króna töpuðust á ævintýrinu í kringum Gagnaveitu Reykjavíkur. Þá kostaði aðkoma OR að Farice fyrirtækið um hálfan milljarð króna og REI-tilraunin skilaði 1,8 milljarða króna neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Sumar fjárfestingar OR á tímabilinu skiluðu þó arði. Söluhagnaður vegna hlutar fyrirtækisins í Jarðborunum var til að mynda 1,3 milljarðar króna.

## Arðgreiðslur: Fjármagnaðar með erlendum lánum

Eigendur OR greiddu sér út háar arðgreiðslur og ábyrgðargjald og tóku eignarhlut í Landsvirkjun út úr fyrirtækinu á tímabilinu. Allt þetta veikti eiginfjárstöðu OR mikið. Úttektarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið grundvöllur fyrir þorra þessarra aðgerða.

Í skýrslunni segir að frá árinu 2002 til ársins 2010 hafi eigendum OR verið greiddar 16,4 milljarðar króna í arð. Til viðbótar var samþykkt á árinu 2005 „að greiða eigendum svokallað ábyrgðargjald vegna ábyrgðar eigenda á skuldbindingum fyrirtækisins[...] samtals 2.005 millj.kr.“. Nefndin telur arðgreiðslur hafa í reynd valdið því að erlendar lántökur hafi þurft að vera hærri og því megi „velta fyrir sér hvort eigendur hafi verið meðvitaðir, eða þeim verið kynnt, sú áhætta sem úttektir þeirra sköpuðu fyrirtækinu, þar sem færa má rök fyrir því að þær hafi í reynd verið fjármagnaðar með lánum í erlendri mynt“.

Úttektarnefndin fjallar sérstaklega um að stjórn OR hafi haldið áfram að greiða sér út arð á árunum eftir hrun. Í skýrslunni segir að „árið 2009, þegar óráðstafað eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur er neikvætt, var allt að einu tekin ákvörðun um arðgreiðslur út úr fyrirtækinu. Einnig sýnir samanburður á úttektum eigenda við arðsemi eigin fjár, skort á samhengi greiðslnanna og ávöxtunar eigin fjár.“ Samtals greiddi Orkuveitan 1,6 milljarða króna í arð á árunum 2009 og 2010.

Þá gagnrýndu margir viðmælendur nefndarinnar að eignarhluta í Landsvirkjun hefði ekki verið haldið í OR, í stað þess að flytjast yfir til Reykjavíkurborgar. Borgi seldi hann til ríkisins árið 2007 fyrir tugi milljarða.

1. janúar 2002
17,7
milljarðar króna



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is


Birgir Þór Harðarson
birgirh@frettabladid.is


## Fjármögnun: Tóku stöðu með krónunni

Á tímabilinu sem úttektarnefndin skoðaði fjárfesti OR fyrir 210,4 milljarða króna. Fjárfestingarnar skiluðu hins vegar ekki nægjanlegri arðsemi og hafa hvorki staðið undir kostnaði við fjármagn né uppfyllt arðsemismarkmið sem sett voru af stjórn. Í skýrslunni segir: „Meðalarðsemi eigna á tímabilinu er 3% án áhrifa tekjuskatts og fjármagnskostnaðar. Huga þarf að því hvaða þýðingu það hafi til lengri tíma ef arðsemi eigna fyrirtækisins stendur ekki undir fjármagnskostnaði.“

Þá varð misbrestur við áhættustýringu innan OR. Að áliti úttektarnefndarinnar má rekja það til nokkurra samverkandi ástæðna, en sérstaka athygli hennar vakti að stjórnendur tóku ákvörðun, sem hluta af skuldastýringu fyrirtækisins, um að verja fyrirtækið ekki fyrir gengisáhættu án þess að fyrir þeirri „ákvörðun lægi ítarleg greining á mögulegum áhrifum þessa til lengri tíma litið. Þar með var tekin áhætta, sem að mati úttektarnefndarinnar eigi ekki að viðgangast í fyrirtæki sem er í almannaeigu [...] Á árunum 2005-2007 voru aðstæður til kaupa á áhættuvörnum með besta móti, en fyrirtækið varði einungis áhættu milli erlendra mynta á efnahagsreikningi félagsins. Gengisáhætta tengd íslensku krónunni var ekki varin, heldur var tekin staða með íslensku krónunni. Uppsafnað gengistap fyrirtækisins á tímabilinu nemur 83.698 millj.kr. á verðlagi hvers árs sem gerir 100.866 millj.kr. á meðalverðlagi ársins 2010. Fall íslensku krónunnar er því án efa stærsta einstaka ástæðan fyrir fjárhagsstöðu fyrirtækisins [...] Meginástæða hækkunar skulda Orkuveitunnar er þó eftir sem áður skuldsetning í erlendum myntum á móti tekjum sem eru fyrst og fremst í íslenskum krónum“.

## Nýjar höfuðstöðvar: Kostuðu 8,5 milljarða króna

Árið 1999 var ákveðið að byggja nýjar höfuðstöðvar OR við Bæjarháls í Reykjavík. Byggingin átti upphaflega að kosta um tvo milljarða króna. Boðað var til sérstaks blaðamannafundar vegna mikillar umræðu um kostnað við byggingu hússins í janúar 2005. Þar upplýstu Guðmundur Þóroddsson og Alfreð Þorsteinsson, forstjóri og stjórnarformaður OR á þeim tíma, að heildarkostnaður hefði verið um 4,2 milljarðar króna. Alfreð sagði á fundinum að kostnaðurinn „væri ekki nema rétt rúmlega það sem gerðist í vandaðri grunnskólabyggingu í Reykjavík“.

Úttektarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að þessar tölur séu fjarri lagi. Kostnaður við byggingu nýrra höfuðstöðva OR var 8,5 milljarðar króna á verðlagi ársins 2010, 5,2 milljörðum króna umfram söluverð fasteigna sem áður hýstu höfuðstöðvar fyrirrennara hennar. Í skýrslunni segir að „af framangreindum upplýsingum er ljóst að bygging höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur fór langt fram úr þeim áætlunum sem gerðar voru um byggingarkostnað, hvort heldur miðað er við upphaflega áætlun, síðari áætlanir eða þær upplýsingar sem kynntar voru fjölmiðlum í janúar 2005 um endanlegan kostnað byggingarinnar“. Auk þess vakti það athygli nefndarinnar að stjórn OR virtist sama sem ekkert hafa fjallað um byggingu höfuðstöðvanna. Í dag nýtir OR ekki nema hluta af höfuðstöðvunum og hefur hug á að selja þær að hluta eða öllu leyti.

## Stjórnarhættir: Fluttu pólitík inn í fyrirtækið

Stjórn OR hefur verið vettvangur pólitískra átaka sem átt hafa sér stað á undanförnum árum milli meiri- og minnihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Vegna þess hafi ekki reynst gerlegt að ná samstöðu um mikilvæg mál sem snerust um mikla fjárhagslega hagsmuni. Í skýrslunni segir að stjórnmálamennirnir sem sátu í stjórn OR virtust „hafa flutt með sér þá umræðuhefð sem tíðkast í borgarstjórn og borgarráðum, og myndað skýran minnihluta og meirihluta stjórnar, sem er óhefðbundið í rekstri fyrirtækja.[…] Þessir starfshættir stjórnar veiktu stöðu hennar gagnvart forstjóra og gáfu honum og öðrum stjórnendum mikið svigrúm til sjálfstæðra stefnumótandi ákvarðana. Eftirlitshlutverk stjórnar var takmarkað og oft í reynd aðeins formlegt og þá eftir á. Sum viðamikil mál voru borin undir stjórn með afar skömmum fyrirvara […] Þá eru dæmi um að stjórnendur fyrirtækisins hafi gert samninga svo sem um uppkaup á veitum án þess að leggja þá fyrir stjórn eða eigendur til staðfestingar“.

Af þessum ástæðum telur úttektarnefndin að veigamikil rök hnígi að því að stjórn OR verði héðan af einvörðungu skipuð fólki sem hefur þekkingu og reynslu á efnissviðum fyrirtækisins og af rekstri almennt, ekki stjórnmálamönnum sem sitja í sveitarstjórnum eigenda fyrirtækisins.

Stjórnendur OR fá líka sinn skerf af gagnrýni í skýrslunni. Þar segir að brotalamir megi greina í ákvörðunartöku þeirra á úttektartímabilinu. „Stefnumótandi ákvarðanir virðast á stundum hafa verið illa undirbúnar og mikils hraða gætt við ákvarðanatöku.“


BAÐ INNRÉTTINGAR
ÚTSALA!
Allt að 55% afsláttur
Hlynur 160x48 sm
Eik 150x48 sm
Epli 150x48 sm
010 hvítt glans 80x60 sm
Hnota 122x48 sm
S-002 Eik 51x40 sm
Corner B 44x44 sm
blöndunartæki
með lyftitappasetti
3.900
101 hvítt glans 80x48 sm
101 silki matt 60x48 sm
104 hvítt glans 130x48 sm
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
www.i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332
i-t@i-t.is

## Rannsóknarskýrsla um Orkuveitu Reykjavíkur

### Hunsuðu nefndina

Alls voru 29 boðaðir fyrir nefndina og gáfu 26 þeirra svör. Alfreð Þorsteinsson, sem var stjórnarformaður fyrirtækisins um árabil, forfallaðist og Hjörleifur Kvaran, sem var forstjóri fyrirtækisins, svaraði ekki boði nefndarinnar.

Ingi Jóhannes Erlingsson, sem starfaði á fjármálasviði, lántöku- og áhættustýringarsviði og víðar svaraði hins vegar ekki boði nefndarinnar.

Engum var skylt að mæta til viðtals við nefndina en nokkrir mættu þó til fundar við hana að eigin frumkvæði.


ALFREÐ ÞORSTEINSSON


HJÖRLEIFUR KVARAN







Konur til áhrifa

Landssamband sjálfstæðiskvenna efnir til opins fundar í Suðvesturkjördæmi

**Fimmtudag 11. október kl. 19.30**

**Framsögur halda:**


*Jarþrúður Ásmundsdóttir*
formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna


*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir*
þingkona


*Ragnheiður Ríkarðsdóttir*
þingkona

**Pallborðsumræður** með framsögukonum. Aðrir þátttakendur:


*Elín Hirst*
fjölmiðlakona og frambjóðandi


*Karen Elísabet Halldórsdóttir*
varabæjarfulltrúi í Kópavogi og frambjóðandi


*Rósa Guðbjartsdóttir*
bæjarfulltrúi í Hafnarfirði


**Fundarstjóri:**
*Margrét Björnsdóttir*
forseti bæjarstjórnar Kópavogsbæjar

**Fundarstaður:**
Félagsheimili Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði, Norðurbakka 1a í Hafnarfirði.

Léttar veitingar í boði.

Fundurinn er liður í fundaröð Landssambands sjálfstæðiskvenna í aðdraganda kosningavetrs. Allar konur sem hafa áhuga á að bjóða sig fram eru sérstaklega hvattar til að mæta.

Nánari upplýsingar á www.xd.is

Sjálfstæðisflokkurinn


# *Hvernig svöruðu þau nefndinni um ástæður fjárhagsstöðunnar?*



**■ Björn Ingi Hrafnsson,** borgarfulltrúi og stjórnarmaður

En eftir á að hyggja var farið of hratt í skuldsetningu, of mikil áhætta tekin gagnvart gengi gjaldmiðla og á því bera allir ábyrgð sem komu að stjórn fyrirtækisins undanfarin ár. Hins vegar má ekki gleyma því að þetta er, þrátt fyrir allt, gífurlega stöndugt fyrirtæki og það skapar mjög miklar tekjur og ef allt gengur að óskum þá verður hægt að líta á vandræðin núna sem mikilvæga lexíu. **Þetta hefði allt getað farið mjög vel.** Þetta hefði líka getað farið mjög illa.



**■ Dagur B. Eggertsson,** borgarstjóri, borgarfulltrúi og stjórnarmaður

Það er ákveðin stefna sem litar vorið 2006, sem VG myndi kalla stóriðjustefnu. Ég meina að fyrirtækið, fjárhagur þess og allar áætlanir eru lagðar undir draum um að virkja alveg gríðarlega mikið til þess að selja rafmagn til stóriðju. Án þess að vera með áhættumat. Án þess að sýna fram á hvernig fjárhagur fyrirtækisins þróast í ljósi þessara áforma. [...] Nýr meirihluti Framsóknar og Sjálfstæðisflokks rak hins vegar skýra útþenslustefnu. Til þess að framfylgja henni, **þá er farið í svona mumbo jumbo,** sem við vitum núna að var mjög víða í samfélaginu, að belgja út efnahagsreikninginn með því að endurmeta eignir Orkuveitu Reykjavíkur til þess að bara auka veðhæfi og lántökumöguleika. Þetta var nefnilega allt tekið að láni, án nokkurrar þolinmæði.



**■ Eiríkur Hjálmarsson,** upplýsingafulltrúi og ritari stjórnar frá 2006

Í fyrsta lagi of miklar fjárfestingar. Í öðru lagi fjárfestingar sem eru fjármagnaðar með of áhættusömum hætti, ofmetnaður sem er þar undirliggjandi og ofurtrú á getu eða fjárhagslega stöðu fyrirtækisins. Í þriðja lagi hrunið. Undirliggjandi er líka **kúltúrvandi hjá OR** og stefnuvandi og afstöðuvandi Reykjavíkurborgar gagnvart Orkuveitunni, þar sem menn hafa gjarnan viljað láta fyrirtækið uppfylla pólitískan metnað sem borgarsjóðurinn gat ekki.



**■ Guðlaugur G. Sverrisson,** stjórnarformaður og varaborgarfulltrúi

**Pólitísk.** Lausafjárvandi félagsins sem ég var stöðugt að benda á allan tímann út af 2013. Ég sá hann 2008, ég sá hann 2009, ég sá hann 2010.



**■ Guðlaugur Þór Þórðarson,** borgarfulltrúi, stjórnarformaður og stjórnarmaður

Það voru mikil mistök að útvíkka starfsemi Orkuveitunnar. Staðan væri önnur ef fyrirtækið hefði einbeitt sér að kjarnastarfseminni. Það hefur farið mikil orka í hluti sem eiga ekki að vera á borði fyrirtækisins. Mikill kostnaður hlaust af höfuðstöðvunum og fjárfestingu í óskyldri starfsemi sem hefur ekki skilað sér. **Fjáraustur til Reykjavíkurborgar** í formi millifærslna og aukins arðs kemur eðli málsins samkvæmt niður á fyrirtækinu. [...] Orð núverandi borgarstjóra um að fyrirtækið væri á hausnum eru væntanlega ein dýrustu orð í sögu borgarinnar.



**■ Guðmundur Þóroddsson,** forstjóri

Ég vil nú helst ekki svara henni. Á þessum tíma er ég farinn og augljóslega eru teknar ákvarðanir eftir að ég fór sem skópu misræmi í greiðslugetu og greiðsluþörf. Ég get ekkert verið að velta vöngum um réttmæti þessara ákvarðana. **Ég var ekki viðstaddur þessar ákvarðanir.** Ég efa það ekki að fyrir þeim hafi verið góðar ástæður.



**■ Hanna Birna Kristjánsdóttir,** borgarstjóri og borgarfulltrúi

Ég myndi segja að það sé vegna þess að OR missti sjónar á hlutverki sínu, hún gerði það mjög fljótt eftir sameiningu veitufyrirtækjanna og gerði það mjög fljótt eftir að hún varð einhvern veginn **ríki í ríkinu.** Þetta gerist með skýrustum hætti við upphaf valdatíma R-listans þegar stjórnarformennskan í fyrirtækinu verður allt í einu að einu valdamesta embætti borgarinnar. Í framhaldi af því missir fyrirtækið sjónar á almannahlutverki sínu þó það sinnti því vel, **fer að haga sér eins og einkafyrirtæki með eigin stefnu og OR varð eins og sjálfstæð valdaeining í borgarkerfinu** sem var bæði óeðlilegt og óæskilegt. Menn þar fóru líka inn í verkefni sem OR átti alls ekki að koma nálægt og borgarstjórn tók ekki nægilega skýra stjórn fyrr en átök um framtíð fyrirtækisins urðu svo harkaleg og djúpstæð að þau rufu samstöðu innan flokka og meirihluta. [...] En fyrst og síðast er ástæðan fyrir fjárhagsstöðunni að fyrirtækið missti fyrir löngu, löngu síðan sjónar á hlutverki sínu og gekk allt of langt í að fjárfesta og fara í framkvæmdir og sinna gæluverkefnum þáverandi stjórnenda.



**■ Haukur Leósson,** stjórnarformaður

Árið 2007 er hluturinn [í Landsvirkjun] seldur og ég var alltaf að röfla við þá: „Bíddu, ég vil fá þennan hluta inn í Orkuveituna, hún á þennan hlut.“ Ég segi að þetta séu 100 milljarðar og sundurliðast þannig að 39,4 milljarðar eru fyrir hlutinn og 31,7 milljarðar vegna arðgreiðslna 1998 til 2010, mismunurinn upp á 28 milljarða er Bæjarhálsinn, Gagnaveitan og verk í vinnslu, svo sem Hverahlíð og fleira á Hellisheiðinni auk nýju og óbyggðu íbúðahverfanna á höfuðborgarsvæðinu. **Það að hafa látið frá sér Sogsvirkjanirnar, sem eru gullmoli, er grafalvarlegt mál.** Ef borgin vildi eiga í Landsvirkjun, þá átti hún bara að borga fyrir hlutinn sinn sjálf í stað þess að taka hann út úr OR. **Þetta er eins og þegar Perlan var byggð og fleira og segja bara, Orkuveitan borgar.**



**■ Helgi Hjörvar,** varaformaður stjórnar

Ég fór 2002, en stundum hefur það verið reynsla mín í kringum svona rekstur óskyldan að vandamál megi oft rekja til þess að á einhverju tímabili hafi menn heykst á því að taka gjaldskrárákvarðanir. Það skiptir engu máli hvort það eru opinber félög, eða hvað það er. Það er bara að ef það eru vandamál, þá er mjög oft ástæðan sú að **menn hafa ekki haft þrek, pólitískt þrek til þess bara að segja það, til að hækka gjaldskrár.** Og það var ekki vandamál 1994 til 2002. En það gæti líka verið hluti af þessu vandamáli núna.



**■ Helgi Þór Ingason,** forstjóri

Á einhverjum tímapunkti voru peningamálin orðin svo umfangsmikil að **Orkuveitan var í raun og veru alveg jafn mikið fjármálafyrirtæki og orkufyrirtæki.** En innviðir Orkuveitunnar endurspegla það ekki. Þetta er ábyggilega mikilvægt atriði, að menn aðlöguðu sig ekki að breyttum aðstæðum og breyttu umhverfi og það var ekki brugðist við nógu snemma. Þessi tilhneiging líka að horfa á björtu hliðarnar og að allt færi vel.

**■ Ólafur Jónsson,** lögfræðingur og ritari stjórnar

**Gegndarlaus sóun og sukk.** Eins og ég var að segja, kaupa þetta og hitt, tóm helvítis vitleysa. Eins og með vatnslindina á Snæfellsnesinu, hitaveiturnar og margt fleira. **Allt var þetta til að henda peningum.** Gott dæmi eru höfuðstöðvarnar að Bæjarhálsi. Þetta er hvorki traust né gott hús auk þess sem það var gríðarlega dýrt. Einnig vantaði ákveðnari stjórn, meiri formfestu og stefnumörkun eigenda. **Það var eins og tekin væri fjöl úr botninum á peningakassa.** Það var gegndarlaust sem lak út.



**■ Svandís Svavarsdóttir,** stjórnarmaður

Stóriðjustefnan var hinn pólitíski grunnur sem ákvarðanirnar byggðu á. Sama hvort það er ákvörðun um að viðhalda samningnum þarna milli jóla og nýárs 2008 eða að fara á einhverjum túrbóhraða í Hellisheiðarvirkjun, miklu hraðar heldur en við höfðum nokkru sinni farið í jarðhitasvæði. Eða þá leyndin í kringum orkuverðið. **Allt þetta hvílir á stóriðjustefnunni sem hugmyndafræði.** En ef ég á að nefna einhverja staka ákvörðun þá vil ég benda á þessa ákvörðun um að framlengja samninginn á milli jóla og nýárs 2008, þegar að séð var að bankarnir voru farnir og Ísland átti í verulegum erfiðleikum, að þá var í raun og veru, í þágu stundarpólitískra hagsmuna, tekin ákvörðun um það að leggja þetta áfram undir. Það er að segja, taka áhættuna áfram á kostnað almennings. Orkuveitan er enn ekki búin að bíta úr nálinni með þá ákvörðun.



**■ Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson** borgarstjóri, borgarfulltrúi og stjórnarmaður

Efnahagshrunið hafði stórfelld áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækisins þar sem erlend lán þess hækkuðu sem bein afleiðing af hruninu um tæpa 90 milljarða króna. Frá hruninu hafa mörg hundruð milljarðar verið afskrifaðir hjá íslenskum fyrirtækjum og verulegir fjármunir tapast á öðrum vettvangi. **Ekki ein króna hefur verið afskrifuð hjá OR.** Efnahagshrunið hefur auk þess valdið fyrirtækinu miklum skaða, líkt og átt hefur sér stað hjá mörgum íslenskum fyrirtækjum. Íslensk stjórnvöld hafa ekki hjálpað til með stefnu sinni í virkjanamálum, m.a. áformin um álver í Helguvík, sem ekki hafa enn komist í framkvæmd. M.a. hefur þetta mál skaðað hagmuni OR verulega jafnframt neikvæðu viðhorfi núverandi ríkisstjórnar til framgangs í orkumálum almennt. Ef vitneskja, sem leiddi til efnahagshrunsins haustið 2008, hefði legið fyrir 2005-2006, er ljóst að margar ákvarðanir sem teknar voru á árunum fyrir hrunið hefðu orðið með öðrum hætti, t.d. ekki keyptur hluti í Hitaveitu Suðurnesja og hægt á virkjunaráformum.

# DEBENHAMS

# HAUSTÚTSALA

# 30-70% AFSL.

20% afsláttur af öllum nýjum yfirhöfnum*

20% afmælisafsláttur af öllum snyrtivörum, bara í dag!

**Opið** 11 - 21 í dag

Gerðu lífið skemmtilegra

*Gildir út sunnudag

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Geðveikt fólk er ekki alltaf brjálað

**Sjúklingur á geðdeild LSH segir nauðsynlegt að skilja fólk betur að inni á deildunum. Hún merkir mun á starfsfólkinu eftir niðurskurð síðustu ára og segir álagið ólíðandi. Hún finnur fyrir fordómum gagnvart geðsjúkum, bæði frá sjálfri sér og samfélaginu.**

Ásta María Jensen dvelur nú á geðdeild Landspítalans (LSH) í fimmta sinn. Hún er með geðhvarfaklofa, sjúkdóm sem skilgreindur er sem geðhvörf með geðklofaeinkennum. Hún veiktist fyrst árið 1996, þá rúmlega þrítug, þegar hún stóð í erfiðum skilnaði við fyrrverandi manninn sinn sem var mikill alkóhólisti og beitti hana ofbeldi. Hún átti þá tvö börn, tveggja og þriggja ára, og allt álagið varð til þess að hún hrundi saman.

Nú er Ásta þriggja barna móðir, en yngsta barn hennar er fætt árið 1999 og er með Downsheilkenni. Þegar drengurinn fæddist hafði hún verið einkennalaus af sjúkdómnum í þrjú ár, en hún veiktist fyrst aftur á síðasta ári. Að hennar mati er nauðsynlegt að skilja ólíka sjúklinga betur að á geðdeildum LSH.

> Manneskja tók til heima hjá sér því hún var í „maníu". Ég get fullyrt að manneskja í maníu er ekkert að taka til, hún er einhvers staðar úti að halda að hún sé að bjarga heiminum. Fólk verður að venja sig af þessari orðanotkun.
>
> ÁSTA MARÍA JENSEN
> SJÚKLINGUR Á HRINGBRAUT

### Póstar frá Stephen Hawking

„Í fyrsta sinn var ég í sjö vikur inni á deild, þar af í miklu geðrofi í tvær vikur. Það var sennilega alvarlegasta tilfellið," segir hún.

Ásta tekur sjúkdóm sinn ekki of alvarlega og vill tala opinskátt um einkennin sem honum fylgja. Hún segir til dæmis frá því að hún tali alltaf ensku þegar hún fer í geðrof.

„Það er rosalega furðulegt. Allir reyna að láta mig tala íslensku, en ég get bara talað ensku. Svo upplifi ég mig ofboðslega mikilvæga því ég sé í beinu sambandi við einhverjar frægar persónur. Síðast heyrði ég bæði raddir og fékk tölvupósta frá Stephen Hawking, sem er vægast sagt mjög sérstakt. Hálfgert mikilmennskubrjálæði."

### Meiri aðskilnaður nauðsynlegur

Ásta segir það mikinn ókost hversu blandaðar deildirnar á Hringbraut séu. Geðsjúkdómar hafi í för með sér ólík einkenni sem að hennar mati passa oftast illa saman.

„Við maníusjúklingarnir gerum okkur enga grein fyrir því hvað við erum háværir. Með okkur geta svo verið afskaplega veikir geðklofasjúklingar sem geta ekki tjáð sig og jafnvel látið sér detta í hug að berja einhvern. Svo hef ég verið inni á deild í þunglyndi og man hvaða áhrif hávaði hafði á mig þá. Því get ég alveg ímyndað mér að þegar ég er í maníu, dansandi um gólfin, rosalega kát og jafnvel syngjandi jólalög, að fólki geti liðið illa," segir hún. Vissulega eigi þó ekki að skilja sjúklinga algjörlega að því samskipti séu nauðsynlegur spegill.

„En með því að aðskilja betur gæti fólk hvílt sig, verið andvaka og hlustað á raddir – hvert í sínu horni. Og þeir sem eru hættulegir gætu svo verið afsíðis í sínum heimi þar til þeir eru orðnir nægilega frískir til að koma á hinar deildirnar."

### Bitnar á sjúklingum

Engum blöðum er um það að fletta að niðurskurður til Landspítalans síðustu ár hefur haft áhrif, bæði á starfsfólk og sjúklinga. Þó almenn ánægja sé með aðbúnaðinn meðal sjúklinga, þá má margt betur fara, að mati Ástu. Hún ítrekar þó að starfsfólkið sé mjög gott og henni líði almennt vel þegar hún dvelur á deildinni.

„Mér líður alltaf vel hérna og það væri engan veginn lift fyrir mig ef ég væri einhvers staðar utan spítala í mínum veikindum. Auðvitað líður mér illa fyrst þegar ég kem inn, því þá átta ég mig á því að ég er orðin veik, en það er alltaf tekið vel á móti mér. Manni líður eins og maður megi vera til."

### Aldrei séð fólkið eins þreytt

Eins og áður sagði hefur Ásta legið í fimm skipti á geðdeild LSH. Hún merkir breytingar á líðan starfsfólksins á milli ára og segir álagið hafa aukist. Að hennar mati þarf að auka mannskapinn á deildinni, þar sem álagið sé farið að bitna á sjúklingum, sem og starfsfólkinu sjálfu.

„Ég hef aldrei séð fólkið eins þreytt og núna. Þó þau bíti á jaxlinn sé ég að þau eru örmagna. Þetta var þó skömminni skárra þegar ég kom í fyrra, en nú er þetta orðin bilun. Stjórnvöld verða aðeins að hugsa sinn gang áður en það er skorið svona mikið niður."

### Það tekur enginn til í maníu

Ásta finnur fyrir miklum fordómum gagnvart geðsjúkum, bæði hjá sjálfri sér og samfélaginu.

„Ég hef ofboðslega fordóma fyrir sjálfri mér, ég viðurkenni það. Mér finnst ekkert gaman að vera svona, mér finnst það asnalegt. Auðvitað langar mig að vera heilbrigð. En ég sé líka að ég hef það ekkert verra en margir aðrir," segir Ásta.

Hún segir fordóma sérstaklega fyrirfinnast í misnotkun hugtaka yfir geðsjúkdóma og fatlanir. Því verði að breyta. „Manneskja sem hegðar sér bjánalega er „geðveik" eða hún tók til heima hjá sér vegna þess að hún var í „maníu". Ég get fullyrt að manneskja í maníu er ekkert að taka til, hún er einhvers staðar úti að halda að hún sé að bjarga heiminum. Fólk verður að venja sig af þessari orðanotkun."

### Við erum ekki alltaf veik

Þegar dóttir Ástu var í grunnskóla var sú spurning lögð fyrir bekkinn hennar hvort einhver gæti hugsað sér að búa við hliðina á geðsjúkri manneskju. Dóttir Ástu var sú eina sem rétti upp hönd.

„Hún orðaði þetta svo vel. Hún sagði við kennarann: „Geðveikt fólk þarf ekki að vera brjálað." Fólk heldur nefnilega að maður sé alltaf veikur og ekkert sé að marka sem maður segir. En við erum ekki alltaf veik. En þegar við erum það, þarf samfélagið að sýna okkur þolinmæði og gefa okkur leyfi til þess."



ÁLAGIÐ BITNAR Á ÖLLUM Ásta segir álagið á starfsfólk geðdeildanna bitna líka á sjúklingum og telur frekari aðskilnað vera stórt skref í rétta átt. Hún dvelur nú á Hringbraut í fimmta sinn og segist finna mun á starfsfólki eftir niðurskurðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Þunglyndi og kvíði algengastir

Þunglyndi og kvíði eru algengustu geðsjúkdómarnir. Þeir eru algengari meðal kvenna en karla, en talið er að um tíu prósent fólks fái slík einkenni einhvern tímann á ævinni. Alvarlegur áfengisvandi er algengari hjá körlum, en hafa ber í huga að birtingarform sjúkdómanna getur verið það sama.



Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is

Á MORGUN:
Ungt fólk í byrjandi geðrofi

## Kona með alvarlegt þunglyndi gagnrýnir aðbúnað harðlega

**Kona á fertugsaldri greinir frá reynslu sinni af geðdeild. Hún greindist með alvarlegt þunglyndi 2004.**

„Ég var lögð inn snemma á síðasta ári í þriðja sinn. Fyrstu tvö skiptin hafði ég einfaldlega útskrifað sjálfa mig of snemma vegna vangetu minnar til að takast á við veikindi þeirra sjúklinga sem lagðir voru inn á herbergi með mér.

Þegar ég átti að fá þriðja herbergisfélagann á meðan ég lá á spítalanum fór ég og bjó um mig inni á pínulitlu, gluggalausu sturtuherbergi og bað um að fá að sofa þar á meðan ég jafnaði mig. Fyrri sjúklingarnir tveir voru annars vegar ung stúlka litlu eldri en elsta barnið mitt og hins vegar kona á aldur við móður mína. Ég var byrjuð að gefa stúlkunni móðurlegar ráðleggingar og hlusta á hennar sögu áður en hún var útskrifuð. Svo þurfti ég að halda uppi samræðum við eldri konuna á meðan hún stóð nakin að neðan fyrir framan sjúkrarúmið mitt og sýndi mér prjónaskapinn sinn. Það er óþarfi að taka það fram að þetta voru aðstæður sem mér hefði þótt erfitt að takast á við heilbrigð og eins veik og ég var voru þetta óbærilegar kringumstæður.

Að vera lagður inn fársjúkur af geðsjúkdómi veldur ólýsanlegum sársauka.



Að þurfa að deila herbergi með öðrum veikum sjúklingum er einfaldlega ómanneskjulegt.

Við sem glímum við geðsjúkdóma höfum sjaldnast rödd eða getu til að bera hönd fyrir höfuð okkar. Ég hef verið í bata í tæp tvö ár og hét sjálfri mér því að vera rödd þessa sjúklingahóps ef ég fengi tækifæri til. Þessu lofaði ég mér daginn sem ég bjó um mig í gluggalausri kompu inni á 32C, með þeim litlu kröftum sem ég hafði eftir samskiptin við sambýlinga mína á deildinni."

> Að vera lagður inn fársjúkur af geðsjúkdómi veldur ólýsanlegum sársauka. Að þurfa að deila herbergi með öðrum veikum sjúklingum er einfaldlega ómanneskjulegt.

## Geðhvörf (e. bipolar disorder)

Algengast er að fyrstu einkenni komi fram á aldrinum 16 til 25 ára. Líkur á að einstaklingur fái geðhvörf eru um eitt prósent. Sjúkdómurinn er örlítið algengari meðal kvenna en karla. Einkenni geðhvarfa eru sveiflur á milli oflætis (maníu) og þunglyndis, geðhæðar og geðlægðar. Í um 60 til 70% tilfella fylgjast oflæti og þunglyndi að og upplifir einstaklingur því tilfinningalegan rússíbana á skömmum tíma.

**Meðal einkenna örlyndis (maníu):**
- Minnkuð svefnþörf
- Aukin vellíðan
- Stutt skil á milli gleði og reiði
- Sterk raddbeiting, hratt tal
- Háar hugmyndir
- Minnkuð dómgreind

**Meðal einkenna þunglyndis:**
- Þreyta og/eða líkamlegir verkir
- Skortur á frumkvæði
- Erfiðleikar með að taka ákvarðanir
- Pirringur og reiði
- Svefntruflanir
- Sjálfsvígshugsanir

## Geðklofi (e. schizophrenia)

Einkenni geðklofa koma oftast fyrst fram hjá körlum á aldrinum 15 til 25 ára og hjá konum á aldrinum 20 til 30 ára. Sjúkdómurinn er jafn tíður hjá konum og körlum, en algengi er tæplega eitt prósent. Talið er að hérlendis veikist um 160 til 180 nýir sjúklingar af geðklofa á ári hverju.

**Meðal einkenna eru:**
- Ranghugmyndir
- Ofsóknarbrjálæði
- Ofskynjanir
- Tilfinningadoði
- Truflun á sjálfsmati
- Raunveruleikafirring

**23%** fólks verða geðsjúk á einhverjum tímapunkti.

**2%** verða geðfötluð, það er verða öryrkjar vegna geðsjúkdóms.




# SHISEIDO DAGAR Í HAGKAUP 11.-17. OKTÓBER

í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Garðabæ, Holtagörðum, Njarðvík og á Selfossi

NÝR VARALITUR í fljótandi formi, 8 glansandi flottir litir sem sitja lengi á vörunum.

Við kynnum nýjan byltingarkenndan farða sem fjarlægir alla skugga úr andlitinu með birtunni einni saman um leið og hann nærir og lyftir húðinni innan frá. Komdu og sjáðu með eigin augum.

## Í TILEFNI AF 140 ÁRA AFMÆLI SHISEIDO BJÓÐUM VIÐ:

» Bio-Performance Super Corrective Serum 50 ml á verði 30 ml. Þú sparar 11.500 kr.
» Bio-Performance A.S.Revitalizing Cream 75 ml á verði 50 ml. Þú sparar 6.700 kr.

GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR EF KEYPTAR ERU SHISEIDO VÖRUR FYRIR 7.000 KR. EÐA MEIRA.*



* Gildir á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Opið til
21
í kvöld

# Við eigum afmæli

## og fögnum því í dag!

Bjóðum alla hjartanlega velkomna í 11 ára afmælisveislu Smáralindar í dag. Frábær afmælistilboð fyrir alla fjölskylduna. Krakkar á öllum aldri fá blöðrur og candyfloss frá kl. 16 til 19.

**Hlökkum til að sjá þig!**

**Bleika slaufan**
fylgir keyptum gjafakortum yfir 5.000 kr.*



* Gildir á meðan birgðir endast



Blöðrur
eru gefnar við
SUSHIGRYFJUNA
Candyfloss
fyrir alla við
Skemmtigarðinn
Smáralind
ENNEMM / SÍA / NM54629

# AFMÆLIS TILBOÐ

**Frábær afmælistilboð aðeins í dag**

**Tvennutilboð**
á Serrano Mission Burrito og Kristal
**Tilboðsverð: 999 kr.**
serrano

**20% afsláttur**
af öllum bleikum vörum
DÚKA

**25% afsláttur**
af öllum vörum
Signatures Of Nature Organic Beauty

**50% afsláttur**
af fylltum brauðstöngum
Pizza Hut

**30% afsláttur**
af öllum Miz Mooz skóm
BOSSANOVA

**25% afsláttur**
af öllum vörum innan Madagascan Vanilla Flower-línunnar
THE BODY SHOP

**25% afsláttur**
af öllum bleikum flíspeysum
ZO·ON ICELAND

**Bragðarefur**
miðstærð á verði lítils
Kjörís ÍSBÚÐIN SMÁRALIND

Pylsa og Coke í dós
**400 kr.**
nammi.is

**15% afsláttur**
af öllum bleikum vörum
66° NORÐUR

**30% afsláttur**
af skarti
Drangey

**25% afsláttur**
af öllum skóm
TOPSHOP

**25% afsláttur**
af öllum skóm og fylgihlutum
DOROTHY PERKINS

**20% afsláttur**
af gallabuxum
evans.

**20% afsláttur**
af kápum
KAREN MILLEN

**11% afsláttur**
af Tandoori Masala kjúklingasalati
energia RESTAURANT - KAFFI - BAR

**20% afsláttur**
af vörum frá Caviar of Switzerland
HYGEA

**25% afsláttur**
af öllum hettupeysum
HERRA KÓPAVOGUR

**20% afsláttur**
af öllum úrum
meba | rhodium ÚR OG SKARTGRIPIR

**20% afsláttur**
af öllum jökkum og kjólum
smárar

**2 fyrir 1**
af öllum brjóstahöldurum
Ice in a bucket

**20% afsláttur**
af öllum peysum
ORGINAL

**Burt með táfýluna!**
**20% afsláttur**
af öllum sokkum
ÚTILÍF

**20% afsláttur**
af öllum skóm
Bata Skóverslun Smáralind

**20% afsláttur**
af öllum bolum
BOYS

**2 fyrir 1**
af öllum gjafapokum
MegaStore

**Barnaklipping**
**fyrir 0-11 ára á 1.100 kr.**
Tímapantanir í s: 527 2829
MODUS Hárstofa SMÁRALIND

**25% afsláttur**
af öllum vörum
Dressmann

**25% afsláttur**
af öllum Guess og Calvin Klein gallabuxum
Monroe

Ostborgari Adesso
með frönskum á
**1.100 kr.**
Uppáhellt kaffi
**11 kr.** með mat
CAFÉ ADESSO

8 bita sushi-bakki
**1.100 kr.**
SUSHIGRYFJAN

**20% afsláttur**
af öllum skartgripum
CARAT Haukur gullsmiður



Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl. Verð á vörum gildir meðan birgðir endast.



Smáralind
11 ára

**15% afsláttur**
af öllum skóm
snúðar & snældur

**20% afsláttur**
af öllum tímaritum
Eymundsson

**30% afsláttur**
af völdum bolum
Levi's

**30% afsláttur**
af jogginggöllum
í barnadeild
United Colors of Benetton

**15% afsláttur**
af öllum Rosendahl vörum
**20% afsláttur**
af öllum bleikum vörum
Líf & List Smáralind

**20% afsláttur**
af Moss, naglalakk fylgir í kaupbæti
Solid Chinos herrabuxur
**9.995 kr.**
galleri sautján

**20-50% afsláttur**
af völdum vörum
Jack & Jones

**20% afsláttur**
af Soaked in Luxury vörum
Karakter konur

**50% afsláttur**
af öllum DELBANA úrum
Jón & Óskar

**20% afsláttur**
af öllum snyrtivörum
DEBENHAMS

**20% afsláttur**
af völdum vörum
gs skór

**20-50% afsláttur**
af völdum vörum
VERO MODA

**6 vinsælustu réttirnir**
á 11 ára gömlu verði,
auk fleiri tilboða
T.G.I. Friday's

**Stór bátur**
að eigin vali og lítið gosglas
**aðeins 999 kr.**
Subway

**20% afsláttur**
af öllu kaffi í
250 g pakkningum
Te & Kaffi

**20% afsláttur**
af öllum vörum
oasis

**20% afsláttur**
af öllum vörum
Corner

**20% afsláttur**
af völdum vörum
focus

**25% afsláttur**
af öllum bleikum varalitum
Lyfja

**20% afsláttur**
af öllum skóm
SMASH

**20-40% afsláttur**
af völdum vörum
name it

**20-50% afsláttur**
af völdum dömuvörum
SELECTED

**20-40% afsláttur**
af völdum vörum
VILA clothes

**20-30% afsláttur**
af völdum vörum
Bjarkarblóm

**25% afsláttur**
af öllum vörum
Joe Boxer

**20% afsláttur**
af öllum sólgleraugum
og linsum
Optical Studio

**35% afsláttur**
af öllum skóm
Júník

Komdu í bleiku í dag og fáðu
**fría ferð í klessubílana**
Skemmtigarðurinn Smáralind

**20% afsláttur**
af öllu bleiku
Pandora
Ógleymanleg augnablik

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM54629

FJÖGUR ÁR FRÁ EFNAHAGSHRUNI – ÞRIÐJA GREIN

# Sannleikurinn settur í nefnd

Þjóðin beið spenntari eftir rannsóknarskýrslu Alþingis en barn eftir jólunum. Hún olli fáum vonbrigðum öðrum en þeim sem þar fengu útreið og síðan hafa stjórnmálamenn verið hrifnir af af rannsóknarnefndum, skipað tvær í viðbót og íhuga enn fleiri.



**ALLIR AÐ HORFA** Þjóðin settist við sjónvarpið klukkan 10.30 11. apríl 2010 og horfði á eins og hálfs tíma blaðamannafund Páls Hreinssonar og félaga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fáar kröfur hljómuðu eins hátt og víða í kjölfar bankahrunsins og krafan um að við þyrftum að vita allt um það hvað hefði farið úrskeiðis. Við vildum undanbragðalaust uppgjör, sannleikann upp á borð án allra refja, og gagnsæi átti að verða helsta einkunnarorð „nýja Íslands“.

Þessi krafa var ekki aðeins áberandi meðal almennings heldur einnig í stjórnmálunum og því beið Alþingi ekki boðanna: Í desember 2008 var skipuð rannsóknarnefnd um bankahrunið. Nefndinni voru veittar fordæmalausar heimildir, ekki bara á íslenska vísu heldur nánast hvert sem litið var.

Hún hafði aðgang að öllum upplýsingum innan úr föllnu bönkunum og heimild til að nýta þær á hverja þá lund sem hún taldi henta, jafnvel þótt á þeim hvíldi hin almenna þagnarskylda og bankaleynd. Öllum var gert að hlýða kalli nefndarinnar um að mæta til skýrslutöku og refsing lögð við því að segja henni ósatt eða villa um fyrir henni.

### Fáheyrð eftirvænting

Fyrir nefndinni fór hæstaréttardómarinn Páll Hreinsson, og með honum sátu Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, og Sigríður Benediktsdóttir, hagfræðingur við Yale-háskóla. Miklar vonir voru bundnar við starf þremenninganna. Nefndin átti upphaflega að skila skýrslu sinni 1. nóvember 2009, en skilin frestuðust í þrígang og það var ekki laust við að óþreyju væri farið að gæta hjá þjóðinni allri þegar skýrslan var loksins kynnt við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu 12. apríl 2010.

Fréttaumfjöllun dagana á undan bar óþreyjunni glögg merki. Væntanleg útgáfa skýrslunnar var aðalfréttaefnið. Sagt var frá blaðsíðufjölda hennar, þykkt og þyngd og prentkostnaði í löngu máli. Til að tryggja að ekkert læki út um efnið voru skýrslustæðurnar geymdar á miðju prentsmiðjugólfinu í Odda undir vökulum augum öryggisvarða helgina fyrir opinberun. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hvatti vinnuveitendur til að gefa starfsfólki sínu ráðrúm til að horfa á blaðamannafund nefndarinnar og kynna sér efni skýrslunnar.

### Ísland allt í spennufalli

Skýrslan reyndist löng. Prentaða útgáfan var 2.382 blaðsíður í níu bindum með viðaukum. Það sem meira var: Hún stóð að mestu undir væntingum almennings, sem margir töldu að gætu aldrei orðið neitt annað en óraunhæfar. Í skýrslunni afhjúpaðist hvílík blaðra íslensku bankarnir voru orðnir löngu fyrir hrun, getuleysi stjórnkerfisins til að eiga við ástandið, svimandi krosseignatengslasúpa, röð rangra pólitískra ákvarðana, oflifnaður þotuliðsins og daður stjórnmálanna við hann, einkennilegir viðskiptahættir og lögbrot sem vísað var til frekari rannsókna.

Mikilvægast var líklega að engum leið eins og nokkuð hefði verið dregið undan. Og það var kannski táknrænt fyrir spennufall alls samfélagsins að tveimur dögum eftir útgáfuna losnaði um slíka spennu í íslensku jarðskorpunni að eldgos hófst í Eyjafjallajökli.

### Ekki allir jafnánægðir

Skýrslan var svo vinsæl að hún fór á topp metsölulista og var leiklesin – í heild sinni – í Borgarleikhúsinu. Það tók tímann sinn. Ekki voru samt allir jafnánægðir. Gagnrýnisraddir tóku að heyrast strax á fyrsta degi og heyrast enn. Skýrsluhöfundar voru sakaðir um ónákvæm vinnubrögð, rangfærslur, mistúlkanir og að ganga sums staðar of langt í að draga upp háðulega mynd af viðmælendum sínum.

Raunar eiga flestir gagnrýnendurnir það sammerkt að hafa verið skotspænir í skýrslunni og fengið þar umtalsverða ofanígjöf. Þar nægir að nefna Ólaf Ragnar Grímsson, Geir H. Haarde, Björgólf Thor Björgólfsson, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Jón Ásgeir Jóhannesson, Lýð Guðmundsson, Sigurð Einarsson og Jónas Fr. Jónsson.

### Umbætur um allt

Strax eftir að skýrslan var gerð opinber voru settar á laggirnar nefndir um allar koppagrundir sem áttu að vinna að umbótum og endurskipulagningu með ábendingar skýrsluhöfunda að leiðarljósi. Þetta átti við um einkageirann, stjórnmálaflokkana, lífeyrissjóði, Alþingi og stjórnarráðið, svo aðeins fátt eitt sé nefnt.

Þingmannanefnd, undir forystu Atla Gíslasonar, lagði til að ráðherrar yrðu dregnir fyrir landsdóm, eins og nánar verður fjallað um síðar í þessum greinaflokki, en birti jafnframt fjölda tillagna að umbótum sem síðan hefur verið unnið eftir, bæði á Alþingi og í stjórnarráðinu. Í úttekt Fréttablaðsins í mars síðastliðnum kom fram að málin væru mislangt komin, sumar breytingarnar væru þegar lögfestar, aðrar í frumvarpsformi og unnið væri að frumvörpum um enn aðrar.

**3** **rannsóknarnefndir** hafa verið settir á laggirnar af Alþingi.
**fulltrúar** skipa hverja nefnd.
**...svar** þurfti rannsóknarnefnd Alþingis að fresta útgáfu skýrslu sinnar.

**454** **milljónir** kostaði skýrslugerðin íslenska ríkið. Mestur peningurinn fór í starfsmenn nefndarinnar en prentkostnaðurinn var líka ærinn og hljóp á mörgum tugum milljóna.

**2.382** **blaðsíður** voru í prentaðri útgáfu skýrslunnar. Þá voru þúsund blaðsíður af ítarefni til viðbótar sem birtust eingöngu á vefnum.

**0** **manns** gengust við ábyrgð á því hvernig fór. „Það gekkst enginn þeirra við ábyrgð,“ sagði Páll Hreinsson um þá 147 sem gáfu skýrslu fyrir nefndinni.

### Hinar rannsóknirnar dragast

Fljótlega eftir hrunið tóku lífeyrissjóðirnir Alþingi sér til fyrirmyndar og settu á fót sína eigin óháðu rannsóknarnefnd um starfshætti sína. Hún skilaði skýrslu sinni í febrúar síðastliðnum og helsta niðurstaðan var sú að fjárfestingar sjóðanna fyrir hrun hefðu verið óvarlegar og valdið sjóðfélögum tjóni.

En rannsóknunum linnti ekki þar. Í fyrra skipaði Alþingi tvær þriggja manna rannsóknarnefndir til viðbótar. Önnur þeirra fékk það hlutverk að fara í saumana á starfsemi og innviðum sparisjóðanna í aðdraganda falls þeirra, á sama hátt og nefndin um stóru bankana þrjá gerði, og hin átti að vinna allsherjarúttekt á starfsemi Íbúðalánasjóðs.

Báðar nefndirnar eiga, samkvæmt ákvörðunum þingsins í fyrra, að vera löngu búnar að skila af sér. Íbúðalánasjóðsnefndin átti að skila skýrslu sinni í byrjun mars en sú um sparisjóðina 1. júní. Ekkert bólar hins vegar á þeim enn og báðar nefndirnar hafa fengið svo til ótímabundna fresti vegna þess hve mikið stærri í sniðum rannsóknirnar hafa reynst en við var búist. Til stendur að reyna að skila báðum skýrslunum fyrir áramót. Fyrir því er engin vissa.

Það er hins vegar varla til að bæta úr skák að formaður sparisjóðanefndarinnar, Sigríður Ingvarsdóttir, sagði nýverið af sér í kjölfar deilna um niðurstöðurnar við ólöglærða samnefndarmenn sína. Nýr formaður hefur verið skipaður í hennar stað.

### Enn fleiri á leiðinni?

Fjórum árum eftir hrunið sér enn ekki fyrir endann á rannsóknum tengdum því. Nú hefur verið lögð fram, í þriðja sinn, tillaga um rannsókn á einkavæðingu bankanna upp úr aldamótum. Sjálfstæðismenn hafa upp til hópa ekki verið áhugasamir um að sú tillaga nái fram að ganga. Framsóknarmenn hafa á hinn bóginn talið jafnbrýnt að rannsaka hina svokölluðu „nýju einkavæðingu“ bankanna eftir hrun og starfsemi skilanefnda og slitastjórna. Verði þessar nefndir skipaðar er eins víst að niðurstöðurnar liggi ekki fyrir fyrr en undir miðjan áratug.



Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is

## Ekki nóg að setja á laggirnar rannsóknir



**Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir**, forseti Alþingis, sem hefur með höndum skipun rannsóknarnefndanna, segir að þingið hafi brugðist við þeim kröfum sem settar voru fram um úrbætur í skýrslu þingmannanefndarinnar, sem fór yfir niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis. „Við hér í þinginu höfum reynt að verða við flestöllum þeim atriðum sem bent var á í skýrslunni að mættu betur fara. Þingsköpum hefur til dæmis aldrei verið breytt eins mikið og frá hruni,“ segir Ásta Ragnheiður.

Hún nefnir starf vinnuhóps um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu, sem var settur á laggirnar sumarið 2008 – fyrir bankahrun. Í hópnum sátu Bryndís Hlöðversdóttir, Andri Árnason og Ragnhildur Helgadóttir. Hann skilaði niðurstöðum sínum í september 2009 og lagði til fjölda breytinga. „Rannsóknarnefnd Alþingis tók svo undir þau atriði og við höfum komið þeim flestum í framkvæmd,“ segir Ásta.

Meðal breytinganna sem gerðar hafa verið nefnir Ásta lög um rannsóknarnefndir og stofnun stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar þingsins. „Hennar tilvist er farin að skila sér verulega,“ segir hún. Þá tiltekur hún breytta nefndarskipan til að hún endurspegli ekki skipulag stjórnarráðsins heldur vinnuálag þingsins, sem var hugsað til að skerpa á þrískiptingu ríkisvaldsins. Þá hafi verið bætt í þingsköpin ákvæðum um opna nefndarfundi, beinar útsendingar af þeim og sérstaka fundi með fjölmiðlum. „Ný lög um umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun eru í undirbúningi, en lög um ráðherraábyrgð og landsdóm hafa af eðlilegum ástæðum beðið. Ég á von á að nú getum við hafið þá endurskoðun.“

Síðan hafa verið skipaðar tvær rannsóknarnefndir á grundvelli nýju laganna og rætt hefur verið um að skipa fleiri. Við setningu Alþingis í september vék Ásta að þessu og sagði mikilvægt að menn spyrðu sig hvort starf slíkra nefnda stæði undir væntingum og skilaði raunverulegum árangri fyrir samfélagið. Þær væru kostnaðarsamar og ekki bót allra meina. „Ég legg ríka áherslu á, að það er ekki nóg að setja bara á laggirnar rannsóknir – það verður líka að fylgja þeim eftir,“ segir Ásta um þetta.

Nefndirnar tvær, um sparisjóðakerfið og Íbúðalánasjóð, áttu báðar að skila af sér fyrir mörgum mánuðum en þær eru enn að störfum og ekki er ljóst hve langt er í að þær skili. „Ég tel reyndar að þeim hafi verið markaður of skammur tími,“ segir Ásta. „En hef áhyggjur af því að þeim miði ekki betur, meðal annars vegna þess að þetta er kostnaðarsamt.“

# 4,9 – 8,0 L/100 KM
# GERI AÐRIR BETUR!

KYNNIÐ YKKUR REKSTRARLEIGU TIL FYRIRTÆKJA

TRAFIC STUTTUR
VERÐ FRÁ: **3.338.645** KR. ÁN VSK.
**2,0 DÍSIL - 115 HÖ - 6,9 L/100 KM***



KANGOO II EXPRESS
VERÐ: **2.462.151** KR. ÁN VSK.
**1,5 DÍSIL - 90 HÖ - 4,9 L/100 KM***



MASTER MILLILANGUR
VERÐ FRÁ: **4.215.139** KR. ÁN VSK.
**2,3 DÍSIL - 125 HÖ - 8,0 L/100 KM***



ENNEMM / SÍA / NM54620

**www.renault.is**

**RENAULT – Í LIÐI MEÐ ATVINNUREKENDUM Í 100 ÁR.** Það er ekki að undra að Renault sé stærstur á sviði sendibíla í Evrópu. Eftir meira en 100 ár í bransanum vita þeir hjá Renault hvað skiptir máli þegar bíllinn er vinnustaðurinn þinn: áreiðanleiki, sveigjanleiki og ekki síst þægindi. Þeir vita líka að hagkvæmnin verður að vera í fyrirrúmi hjá þér sem atvinnurekanda. Master hefur gríðarstórt flutningarými og er fáanlegur í nær óendanlega mörgum útfærslum, Trafic er þægilegur bíll í millistærð sem léttir starfsdag margra iðnaðarmanna og Kangoo er bíllinn sem er svo miklu stærri en hann sýnist.

*Eyðsla á 100 km miðað við blandaðan akstur

RENAULT

**BL ehf.** Sævarhöfða 2 / 525 8000
Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – Bílasala Akureyrar / 461 2533

# neytendur
*hagur heimilanna*

**6,3 PRÓSENTA** lækkun varð á vísitölu kaupmáttar launa hérlendis frá því í ágúst 2007 fram í ágúst á þessu ári.

■ **Mataræði**

## Virkni fæðubótarefna rannsökuð



Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að neysla amínósýrukeðja bæti árangur eða flýti fyrir bata eftir íþróttaæfingar. Frá þessu er greint í nýjasta tölublaði Neytendasamtakanna, þar sem einnig kemur fram að aukin neysla á karnitíni hafi lítil áhrif á líkamlega getu og þyngdartap þeirra sem þess neyta. Rannsóknir hafa sýnt að neysla á kreatíni getur aukið hámarksafköst við hámarksáreynslu í stuttan tíma.

■ **Mataræði**

## Ávaxtasafi hættulegri fyrir tennurnar en kóladrykkir



Ávaxtasafi eyðir glerungi tannanna meira en kóladrykkir. Þetta er fullyrt í frétt á vef Svenska Dagbladet, sem fékk vísindamenn við Karólínsku stofnunina í Stokkhólmi til að rannsaka áhrif ýmissa drykkja á glerung tannanna. Bent er á að sýrustig drykkjanna, það er pH-gildið, sé mikilvægur þáttur en einnig skiptir máli hvaða sýru er um að ræða. Greint er frá því að ávaxtasafi sé súrari og hættulegri fyrir glerung tanna heldur en kóladrykkir, þar sem sítrónusýra sé hættulegri en fosfórsýran í kóladrykkjunum. Súrir drykkir með sýrustig undir pH 5,5 eru sagðir leysa glerunginn upp. Rannsóknin var gerð á tönnum sem sex ára nemendur við tvo skóla í Stokkhólmi voru búnir að missa.




Ársfundur Úrvinnslusjóðs

*Ársfundur Úrvinnslusjóðs verður haldinn á Icelandair Hótel Reykjavík Natura, Víkingasal 4, Nauthólsvegi 52, fimmtudaginn 11. október kl 13:30*

Dagskrá

- Formaður stjórnar setur fundinn
- Ávarp umhverfisráðherra
- Ávarp formanns stjórnar Úrvinnslusjóðs
- Ársreikningur 2011 kynntur
- Starfsemi Úrvinnslusjóðs
- Umræður

Fundargögn munu liggja frammi á fundarstað

*Stjórn Úrvinnslusjóðs*

ÚRVINNSLUSJÓÐUR www.urvinnslusjodur.is


# Veljið réttan regnfatnað handa börnunum

**Börn sem leika sér í pollum og sitja í blautum sandi þurfa sennilega að klæðast regnfatnaði úr gúmmíi frekar en vatnsfráhrindandi útivistarfatnaði sem andar. Öryggisins vegna ættu að vera endurskinsmerki á regnfatnaðinum sem keyptur er handa börnunum.**



**HAUSTRIGNING** Mikilvægt er að vera í góðum regnfatnaði þegar buslað er í pollum. NORDICPHOTOS/GETTY

Við val á regnfötum fyrir börn þarf að hafa í huga að skálmarnar á regnbuxum barnanna þurfa að vera svo síðar að þær geti verið utan yfir stígvélunum. Annars er hætta á að regnvatn komist niður í stígvélin. Band til að smeygja undir stígvélið þarf að vera á skálmunum, annaðhvort úr gúmmíi eða teygju. Það er mat starfsmanna leikskóla, sem blað danskra neytendasamtaka spurði ráða, að gúmmíband væri betra en teygja þar sem teygjan verður fljótt slök.

Starfsmennirnir segja það hentugra að hafa rennilás á regnjakkanum, heldur en eingöngu smellur. Þeir segja börnin ekki hafa nógu mikla krafta til að eiga við smellurnar. Auk þess sé meiri hætta á að vatn komist inn undir jakkann ef ekki er rennilás á honum. En þar sem rennilásar eru ekki alltaf vatnsheldir sé þó gott að hafa smellur utan yfir rennilásinn.

Mælt er með því að axlabönd séu á regnbuxunum því að þá nái þær lengra upp. Regnbuxur með teygju í mittinu sitja betur á börnunum, heldur en regnbuxur með smellum, að því er leikskólastarfsmennirnir benda á. Þeir segja að á sumum buxum séu smellurnar svo stórar að börnin finni til undan þeim þegar þau detta.

Mikilvægt er að börnin sjáist vel í umferðinni í haustmyrkrinu. Endurskinsmerki ættu þess vegna að vera bæði framan og aftan á regnfatnaðinum og á ermum og skálmum.

Vatnsfráhrindandi útivistarfatnaður sem andar þykir henta vel börnum sem komin eru af leikskólaaldri og eru hætt að setjast í polla.

ibs@frettabladid.is

## Sum endurskinsmerki veita falskt öryggi

Endurskinsmerki sem föst eru á fatnaði mást smám saman af. Við kaup á nýjum endurskinsmerkjum þarf að skoða merkingar á þeim. Samkvæmt frétt á vef Neytendastofu hefur það oft komið fyrir að merki sem seld eru sem endurskinsmerki séu það í raun ekki. Endurskinsmerki sem standast kröfur verða að vera m.a. með CE-merki og merkt með númerinu EN 13356 eða ÍST EN 13356. Í fréttinni segir að slík merking tákni að framleiðandinn hafi látið prófa vöruna og staðfest sé að hún sé í lagi. Bent er á að endurskinsmerki sem ekki uppfylla kröfur um endurskin veiti falskt öryggi.

## Gæðakannanir á regnfatnaði barna

Didriksons Waterman Kid's set reyndist besti regnfatnaðurinn fyrir börn í könnun á vegum sænska neytendablaðsins Råd & Rön sem greint var frá í ágúst síðastliðnum. Kannaðar voru ellefu tegundir regnfatnaðar í rannsóknarstofum auk þess sem tekið var mið af notkun barna.

Vatn komst inn um saumana á nokkrum tegundum þegar börnin voru látin hlaupa um í vatni. Jafnframt urðu þau blaut á öxlunum eftir tveggja mínútna notkun einnar tegundarinnar.

Regnfatnaður frá Didriksons fékk einnig hæstu einkunn í könnun á vegum fyrirtækisins Testfakta síðastliðið vor.

Þungmálmar og þalöt reyndust vera í þremur tegundum regnfatnaðar, að því er kemur fram á vefsíðunni tryggabarn.nu


BARNALEIKSÝNING ÁRSINS 2012

Skrímslið litla systir mín

Miðasala hafin á midi.is Nánari upplýsingar á tiufingur.is

SÝNINGAR Í NORRÆNA HÚSINU Í NÓVEMBER OG DESEMBER 2012

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös. | 9. nóv. | kl. 17.00 | |
| Lau. | 10. nóv. | kl. 14.00 | / 16.00 |
| Sun. | 11. nóv. | kl. 14.00 ö | / 16.00 |
| Fös. | 23. nóv. | kl. 17.00 ö | |
| Lau. | 24. nóv. | kl. 14.00 | / 16.00 |
| Sun. | 25. nóv. | kl. 14.00 | / 16.00 |
| Fös. | 30. nóv. | kl. 17.00 | |
| Lau. | 1. des. | kl. 14.00 | / 16.00 |
| Sun. | 2. des. | kl. 14.00 | / 16.00 |

Ath. aðeins þessar 3 sýningarhelgar!

★★★★★ E.B. Fbl ★★★★★ I.G. Mbl ★★★★½ J.V.J. DV

LEIKHÚSIÐ 10 FINGUR NORRÆNA HÚSIÐ



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

OPIÐ ALLA DAGA
KL. 11:00–18:00

NÚ ENN MEIRI AFSLÁTTUR!

# Rýmingarsala

# 30-70%

## afsláttur í öllum verslunum Europris

Dæmi um afslátt:

**40%** afsláttur á öllum verkfærum

**50%** afsláttur á öllum leikföngum

**60%** afsláttur á öllum fatnaði og skóm

**70%** afsláttur á öllum kertum og servíettum

FISKISLÓÐ • DALVEGI, KÓPAVOGI • AUSTURVEGI, SELFOSSI
WWW.EUROPRIS.IS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvaða lærdóm á að draga af svartri skýrslu um Orkuveitu Reykjavíkur?

## Út með pólitíkina

Meginniðurstöður úttektarnefndar á rekstri Orkuveitu Reykjavíkur koma ekki stórlega á óvart; þær staðfesta margt sem áður var vitað. Þær setja hins vegar ýmsa þætti málsins í skýrara ljós.

Skýrsla nefndarinnar opinberar yfirgengilegt rugl í rekstri þessa stóra og mikilvæga fyrirtækis, sem er þeim mun dapurlegra í ljósi þess hversu miklir hagsmunir almennings eru í húfi. Ruglið hófst í tíð Reykjavíkurlistans, þegar menn misstu gjörsamlega sjónar á grundvallarhlutverki Orkuveitunnar, fóru að leggja fé í misglæfraleg ævintýri, allt frá umfangsmiklum fjarskiptarekstri sem hefur aldrei borið sig til spennandi risarækjueldis. Á sama tíma keypti OR upp önnur veitufyrirtæki um allar jarðir og nú upplýsist að það gerðist oft og iðulega án þess að það væri borið undir stjórn fyrirtækisins fyrir fram.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það sem úttektarnefndin upplýsir um skort á fyrirhyggju í rekstrinum, skort á arðsemismati við fjárfestingar, skeytingarleysi um gengisvarnir sem hefur síðan komið herfilega niður á fjárhag OR og fleira af því tagi vekur raunar mikla furðu. Það er með ólíkindum að þetta stóra fyrirtæki í eigu almennings skuli hafa verið rekið með þessum hætti.

Vegna þess að eigendur og stjórn Orkuveitunnar vissu ekki hvar átti að draga mörkin um hlutverk hennar var eftirlit þeirra með gjörðum stjórnenda hins vegar í molum. Það bætti síðan gráu ofan á svart hvað sumum stjórnarmönnum fannst augljóslega gaman og fullnægjandi fyrir valdagirndina að vera í stórbisniss með peninga skattgreiðenda.

Lýsingarnar á bruðlinu í kringum byggingu nýrra höfuðstöðva fyrirtækisins eru ævintýri líkastar og verður að draga í efa að peningum skattgreiðenda hafi oft verið eytt í meiri vitleysu.

REI-málið er svo kórónan á ruglinu, sem hafði víðtækar afleiðingar fyrir borgarmálapólitíkina í Reykjavík og traust almennings á fólkinu sem þar hefur haldið um stjórnartaumana. Af því máli ekki sízt ættu menn að læra að pólitík og áhættu- og samkeppnisrekstur eru skelfileg og baneitruð blanda.

Eins og úttektarnefndin bendir svo kurteislega á varð stjórn OR „vettvangur pólitískra átaka í borgarstjórn Reykjavíkur“. Það þýddi að ekki var reynt að ná samstöðu um ákvarðanir; stjórnmálamenn fluttu með sér umræðuhefðina úr borgarstjórnarsalnum og skiptust á hnyttnum bókunum á stjórnarfundum í stað þess að reyna að reka fyrirtækið skynsamlega. Í raun gerði þetta stjórnina hlægilega út á við og inn á við valdalitla gagnvart forstjóra sem vissi betur hvað hann vildi en pólitíkusarnir.

Úttektarnefndin segir veigamikil rök hníga að því að stjórn Orkuveitunnar sé eingöngu skipuð öðrum en kjörnum fulltrúum, það er að segja fólki sem hefur reynslu og þekkingu á málefnum fyrirtækisins og rekstri almennt. Sveitarstjórnarmenn eigi hins vegar að einbeita sér að því að tryggja hagsmuni íbúanna og skilgreina hlutverk þeirra fyrirtækja sem sveitarfélagið rekur. Þetta er góð tillaga og ástæða til að hrinda henni í framkvæmd sem fyrst.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Samfylkingin

**Landsfundur**
Samfylkingarinnar

Landsfundur Samfylkingarinnar verður haldinn **1.-3. febrúar 2013.** Staðsetning fundarins og dagskrá verða kynnt síðar.

Allir félagar í Samfylkingunni eiga sæti á landsfundi með málfrelsi og tillögurétti. Atkvæðisrétt á fundinum hafa fulltrúar aðildarfélaga samkvæmt lögum flokksins.

xs.is

*Framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvað með launahækkun?

Björgvin G. Sigurðsson, formaður allsherjar- og menntamálanefndar, vill að skoðað verði hvort breyta eigi reglum þannig að leikskólakennarar geti útskrifast eftir þriggja ára nám. Ástæðan er hrun í aðsókn í námið, en eftir að það var lengt í fimm ár minnkaði hún um 77 prósent. Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra hefur viðrað sömu hugmyndir; að hægt sé að útskrifast fyrr með einhvers konar hlutapróf sem gefi þó réttindi. Þetta er gott og blessað, þótt vissulega sé það heldur snautleg staðreynd að draga þurfi úr námskröfum. En er ekki svarið við þessum vanda ósköp einfalt? Þarf ekki bara að hækka launin?



### Ekki ríkisins

Þar er þó ekki við þingmenn eða ráðherra að sakast, þar sem laun leikskólakennara eru greidd af sveitarfélögum. Það er hins vegar engum blöðum um það að fletta að lág laun þeirra eru hluti af kúltúr þar sem umönnunarstörf eru ekki hátt metin. Allir, einnig þingmenn og ráðherrar, geta lagt sín lóð á vogarskálarnar til að breyta því.

### Er ohf. fullreynt?

Ríkisútvarpið er opinbert hlutafélag, svokallað ohf. Um það gilda skrýtnar reglur þar sem enginn virðist bera ábyrgð á niðurskurði, framlögum eða jafnvel efni. Nú er komin út skýrsla fyrir annað ohf. fyrirtæki, Orkuveitu Reykjavíkur. Skemmst er frá því að segja að sú samþætting opinbers og einkarekstrar sem þar er reynd fær algjöra falleinkunn. Er ekki kominn tími til að viðurkenna að tilraunin mistókst? Hafið hlutina annaðhvort í hefðbundnum opinberum rekstri eða einkavæðið.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Valkostur að vera öryrki?

Samfélagsmál



Ragnheiður Sverrisdóttir
djákni og verkefnisstjóri á Biskupsstofu

Nokkrir einstaklingar hafa að undanförnu komið fram í fjölmiðlum í nafni Öryrkjabandalags Íslands og fullyrt að þeir hafi ekki valið að verða öryrkjar. Þetta er athyglisverð fullyrðing. Hún vekur spurningar um hvort maður álíti hugsanlega að fólk velji að verða öryrkjar af því að það sé því á einhvern hátt til framdráttar. Maður staldrar við og veltir fyrir sér eigin viðhorfum til öryrkja og örorku.

Það er margt sem við veljum ekki í lífinu eins og t.d. hvaða sjúkdóma við fáum eða hvort við verðum öryrkjar. Við höfum mismunandi afstöðu til sjúkdóma og ég hef heyrt geðfatlað fólk segja: „Bara að ég hefði frekar fengið krabbamein. Þá hefði ég fengið meiri stuðning, meiri samúð og mér væri ekki kennt um að hafa „valið“ það að verða geðfötluð.“ Þetta er skýrt dæmi um hversu ólík viðhorf eru til sjúkdóma og þá ekki síst til geðsjúkdóma borið saman við líkamlega.

> Samfélag okkar er mótað af því viðhorfi að sérhver einstaklingur sé mikilvægur og skuli njóta mannréttinda.

Slys gera ekki boð á undan sér og þar eiga orð John Lennons sannarlega við: „Life is what happens to you while you're busy making other plans.“ – „Lífið er það sem á sér stað meðan þú skipuleggur annað.“ – En það gerist ýmislegt óvænt sem enginn mundi velja en verður samt sem áður að búa við til æviloka.

Með auglýsingum ÖBÍ eru öryrkjar ekki að kalla eftir vorkunnsemi heldur þvert á móti skilningi og að mannréttindi þeirra séu virt og að lífsskilyrði þeirra verði bætt. Margir öryrkja leggja mikið af mörkum til samfélags okkar og flestir hafa verið á vinnumarkaði og greitt skatta og gera enn því bætur eru skattskyldar.

Enginn sem ekki er til þess neyddur vill vera „áskrifandi“ að örorkubótum því þær eru langt undir neysluviðmiðum velferðarráðuneytisins og leiða fólk oft inn í fátæktargildru. En það er mikilvægt að gæta þess að manngildi okkar felst ekki í því hvort við vinnum launavinnu eða ekki. Samfélag okkar er mótað af því viðhorfi að sérhver einstaklingur sé mikilvægur og skuli njóta mannréttinda. Barátta ÖBÍ gengur út á það.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Svo margt sameiginlegt

Evrópumál
Stefan Füle
stækkunarstjóri ESB



Þegar ég hitti Íslendinga er ég gjarnan spurður sömu tveggja spurninganna: Af hverju ættum við að ganga til liðs við Evrópusambandið á erfiðleikatímum? Og hvaða raunverulegi ávinningur fæst fyrir báða aðila ef Ísland gengur í sambandið?

Þessar spurningar krefjast skýrra og heiðarlegra svara því þær ná inn að innsta kjarna sambands okkar sem byggir á sameiginlegum og óhagganlegum grunni.

Til að byrja með þá deilum við sömu gildum. Samfélög okkar byggja á sömu grundvallarreglum um lýðræði og frelsi. Alþingi, elsta starfandi þing í heimi, er til marks um það. Ég einblíni á gildin vegna þess að þau móta sýn okkar á heiminn og viðbrögð okkar við hnattrænum áskorunum. Slíkar áskoranir, og viðbrögð við þeim, eru í síauknum mæli viðfangsefni bæði Íslands og ESB. Leyfið mér að orða það svona: Við erum eins og nágrannar sem búa hlið við hlið. Þrátt fyrir að stundum komi upp erjur erum við ávallt sammála í lykilmálum.

Við deilum ekki einungis sameiginlegum gildum, áhugamálum og áskorunum heldur einnig sameiginlegum lausnum. Efnahagur okkar er náttúrdur: ESB er langstærsti viðskiptaaðili Íslands, en þrír fjórðungar af útflutningi Íslands fara til landa ESB. Þá eigum við sameiginlegra hagsmuna að gæta hvað varðar sjálfbæran sjávarútveg og málefni norðurslóða, sem gegna stöðugt mikilvægara hlutverki. Með aðild að Schengen-samkomulaginu njóta Íslendingar þess að ferðast án vegabréfs til flestra landa ESB. Ísland er öflugur og virkur þátttakandi í rannsóknum sem fjármagnaðar eru af ESB. Fleiri en 2.100 íslenskir nemar hafa tekið þátt í Erasmus skiptinemaáætluninni frá 2007. Og síðast en ekki síst eru lög okkar að ákveðnum hluta sameiginleg, þökk sé aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Því er að sjálfsögðu ekki að neita að ESB er í kreppu en ég efast þó ekki um að sambandið nái sér á strik. Erfiðleikar – hvort sem þeir eru af efnahagslegum, pólitískum eða náttúrulegum toga – eru staðreynd lífsins. Það þarf ekki að sannfæra ykkur um það, sem hafið nýverið upplifað og jafnað ykkur á efnahagslegum og náttúrulegum hamförum. Bæði Ísland og ESB munu þurfa að kljást við aðra erfiðleika í framtíðinni. Það að kljást við er í raun lykilatriði. ESB hefur í gegnum tíðina sýnt merkilega hæfni til aðlögunar og til að takast á við erfiðleika, og jafnvel komið út sterkari fyrir vikið. Þetta er nokkuð sem við sjáum gerast núna. Þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í til að takast á við núverandi ástand eru teknar að móta nýja, bætta, samhæfðari og sterkari Evrópu. Í framtíðinni munu Ísland og ESB takast á við nýjar hnattrænar áskoranir. Það er mat mitt að bæði Ísland og ESB verði betur í stakk búin að takast á við þessar áskoranir í sameiningu. Þið verðið í aðstöðu til að móta stefnumál hjá leiðandi viðskiptabandalagi á heimsvísu og þungavigtaraðila á alþjóða vettvangi. ESB mun einnig njóta góðs af frumkvöðlakrafti Íslendinga og hæfileika þeirra til að yfirstíga hindranir.

Þegar þið veltið fyrir ykkur framtíðarmöguleikum þá hvet ég ykkur eindregið til að horfa á það sem við eigum sameiginlegt, sér í lagi þegar samningar hafa náð mikilvægu stigi. Ég fagna þeirri opnu umræðu sem ég hef orðið vitni að hingað til og hvet alla Íslendinga til að taka þátt í þeirri umræðu. Ég er fullviss um að undir lok viðræðna getum við kynnt samning sem tekur tillit til sérstöðu Íslands og tryggir grundvallarreglur ESB. Hann mun gera ykkur, íslensku þjóðinni, kleift að taka ákvörðun.

Greinin er birt í tilefni af útgáfu framvinduskýrslu framkvæmdastjórnar ESB um Ísland, 10. október 2012.

> Ég fagna þeirri opnu umræðu sem ég hef orðið vitni að hingað til og hvet alla Íslendinga til að taka þátt í þeirri umræðu.

# Vilt þú tillögur stjórnlagaráðs sem grundvöll að stjórnarskrá?

Ný stjórnarskrá
Þorkell Helgason
sat í stjórnlagaráði



Í pistlum undanfarnar vikur hafa verið reifaðar þær fimm spurningar sem lagðar verða fyrir þjóðina 20. október nk. og fjalla um einstök lykilatriði í nýrri stjórnarskrá. Eftir situr fyrsta, og um leið aðalspurningin, um það hvort tillögur stjórnlagaráðs skuli lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá.

Spurningin er í heild þannig: *„Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá?“*

Spurningin er nokkuð opin, væntanlega vísvitandi. Fyrir liggur að þingnefnd sú sem fjallar um málið er að láta hóp lögfræðinga yfirfara tillögur stjórnlagaráðs. Ekki til að breyta þeim efnislega, heldur til að lagfæra hugsanlega frædilega hnökra. Jafnframt verður að ætla að þingnefndin muni bregðast við svörum þjóðarinnar við sundurgreindu spurningunum fimm. Komi ótvírætt í ljós að þjóðin vilji hafa einhver af þeim atriðum sem um er spurt á annan veg en stjórnlagaráð leggur til, hlýtur þingnefndin að breyta frumvarpinu eins og það kom frá ráðinu til samræmis.

Grundvallarspurningin er því hvort leggja skuli tillögur stjórnlagaráðs fyrir þingið sem frumvarp að nýrri stjórnarskrá eftir lagatæknilegar lagfæringar og breytingar í samræmi við úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Þjóðaratkvæðagreiðslan er einungis ráðgefandi fyrir þá nefnd þingsins sem mun að lokum leggja frumvarpið fyrir þingið. Síðan tekur við umræða og afgreiðsla á þinginu sjálfu. Þingið gæti átt til að breyta frumvarpinu enn frekar – en vonandi aðeins til bóta! Þjóðin er því ekki að taka afstöðu til endanlegrar gerðar stjórnarskrár á þessu stigi. Vonandi gefst henni tækifæri til þess á lokastigi. Þjóðaratkvæðagreiðslan 20. október er engu að síður afar mikilvægur áfangi að því marki að fá lýðveldinu endurbætta og heilstæða stjórnarskrá.

**Rök fyrir JÁ við spurningunni**

Þjóðin hefur búið við bráðabirgðastjórnarskrá allan lýðveldistímann. Nú er tækifæri til að setja okkur tryggan íslenskan samfélagssáttmála. Það er allsendis óvíst hvort annað tækifæri gefst næstu áratugina.

Í stjórnarskrárfrumvarpi stjórnlagaráðs eru m.a. eftirfarandi nýmæli:

- Ákvæði um mannréttindi efld.
- Náttúruvernd gert hærra undir höfði en áður.
- Auðlindir skilgreindar sem þjóðareign og kveðið á um afnotagreiðslur.
- Jafn atkvæðisréttur allra og persónukjör.
- Staða Alþingis styrkt andspænis framkvæmdarvaldinu.
- Ítarleg ný ákvæði um beint lýðræði.
- Stjórnarskráin vernduð með skipun eftirlitsnefndar, Lögréttu.
- Ákvæði um forseta Íslands gerð skýr og honum falið aðhaldshlutverk.
- Þingræðið treyst, m.a. með því að Alþingi kjósi forsætisráðherra.
- Ákvæði til að tryggja óháð val á dómurum.
- Sveitarfélögunum lyft á stall í sérstökum kafla.
- Tryggt að ekki verði af inngöngu í Evrópusambandið nema þjóðin ákveði það sjálf.
- Þjóðin staðfesti framvegis stjórnarskrárbreytingar.

> Vilji kjósendur koma í veg fyrir að málinu verði drepið á dreif og að stjórnarskrárumbættur verði að engu eiga þeir að flykkjast á kjörstað og gjalda stjórnarskrárfrumvarpinu jáyrði sitt.

**Rök fyrir NEI við spurningunni**

Úrtöluraddir heyrast:

- „Ekki núna heldur seinna“ segja sumir. Svo hefur verið talað í nær sjötíu ár. Tilraunir hafa verið gerðar til semja nýja stjórnarskrá – en án árangurs. Einmitt nú gefst kjósendum kostur á að tjá hug sinn og stuðla að gagngerum umbótum á stjórnarskránni.
- „Það er verið að bylta stjórnarskránni“ er sagt. Þetta eru ýkjur. Það eru tiltölulega fá atriði sem breytast umtalsvert, en lykilatriði að vísu. En einmitt um flest þeirra verður spurt í þjóðaratkvæðagreiðslunni.
- „Gamla stjórnarskráin olli ekki kreppunni“ er líka sagt. Hún var e.t.v. ekki bein orsök en með því herta aðhaldi að valdinu sem lagt er til í stjórnarskrárfrumvarpinu er það gert ólíklegra að þvílík ósköp af mannavöldum hendi okkur aftur.
- Heyrist hefur að það hafi ekki verið „rétta“ fólkið sem sat í stjórnlagaráði. Hverjir völdust til verksins má ekki skipta máli heldur innihaldið í því sem lagt er til. Kjósendur dæmi af verkunum, ekki höfundunum. Aukin heldur kom fjöldi annarra en stjórnlagaráðsmanna að málinu, svo sem stjórnlaganefnd, sérfræðingar stjórnlagaráðs og fyrri stjórnarskrárnefndir, en ekki síst þúsundmannafundur þjóðarinnar haustið 2010.
- „Frumvarp stjórnlagaráðs er gallað“ segja einstaka fræðingar, en nefna þó sjaldnast bitastæð dæmi. Vitaskuld getur gott lengi batnað. Verið er að yfirfara lögfræðina í frumvarpinu og þjóðin mun kveða upp úr um nokkur álitamál í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Síðan geta þingmenn, velviljaðir málinu, bætt um betur þegar frumvarpið hefur verið lagt fram. Fullyrða má að aldrei hafi jafn vel verið staðið að endurbótum á stjórnarskránni og nú.

**Ályktun**

Valið stendur aðeins um tvennt: Stjórnarskrá sem byggð er á frumvarpi stjórnlagaráðs eða núgildandi bráðabirgðastjórnarskrá frá 1944. Vilji kjósendur koma í veg fyrir að málinu verði drepið á dreif og að stjórnarskrárumbætur verði að engu eiga þeir að flykkjast á kjörstað og gjalda stjórnarskrárfrumvarpinu jáyrði sitt.

Verði þátttaka 20. október góð og afstaða kjósenda afgerandi hlýtur þingið að taka mark á niðurstöðunum og greiða götu nýrrar stjórnarskrár sem getur tekið gildi 17. júní 2013.

Höfundur þessa pistils bendir á að nú gefst einstætt tækifæri til að stuðla að bættum stjórnarháttum og mælir því eindregið með jáyrði við grundvallarspurningunni um stjórnarskrárfrumvarpið.

SÝNING LAUGARDAG KL. 11:00-15:00




NÝJUNG
á íslenskum
innréttingamarkaði

ÞÝSK ÍSLENSK SAMVINNA

Við höfum gert samning við einn stærsta innréttingaframleiðanda Þýskalands um framleiðslu á eldhúsinnréttingum sem verða seldar undir vörumerki Eirvíkur.

Þér er boðið í glæsilegan sýningasal okkar þar sem við kynnum nýjustu strauma í hönnun eldhúsa.

*Farðu alla leið með Eirvík*

EIRVÍK *innréttingar*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Komandi kosningar – JÁ eða NEI?

Ný stjórnarskrá



Sighvatur Björgvinsson
fv. alþingismaður

Bandaríska stjórnarskráin er orðin tvö hundruð tuttugu og fjögurra ára gömul og er að megininntaki óbreytt þó samþykktar hafi verið breytingar og viðbætur tuttugu og sjö sinnum. Á líftíma bandarísku stjórnarskrárinnar hafa margvíslegar hremmingar riðið yfir bandarísku þjóðina – miklar og stórar kreppur – en stjórnarskráin er ekki talin hafa valdið þeim.

Íslenska stjórnarskráin er 138 ára gömul og er að megininntaki óbreytt þó samþykktar hafi verið viðbætur og breytingar alls sjö sinnum. Á líftíma íslensku stjórnarskrárinnar hafa margvíslegar hremmingar riðið yfir íslensku þjóðina – miklar og stórar kreppur – en stjórnarskráin er ekki talin hafa valdið þeim.

Samt sem áður getur verið skynsamlegt að endurskoða íslensku stjórnarskrána frá grunni til breytinga – þó það geti vart talist vera lífsnauðsynlegt. Þjóðfundur og Stjórnlagaráð hafa unnið vel og komið fram með margar, góðar hugmyndir – en aðrar miður góðar. Nú á að fara að greiða atkvæði um tiltekna efnisþætti. Og hvað á fólk að gera?

Þorvaldur Gylfason og fleiri Stjórnlagaráðsmenn segja, að þeir, sem segja JÁ við spurningunni um hvort leggja eigi tillögur Stjórnlagaráðs til grundvallar við meðferð Alþingis á málinu séu að lýsa fortakslausum stuðningi sínum við öll atriðin í tillögum ráðsins og þeim megi alþingismenn því á engan hátt breyta. Þá get ég ekki sagt JÁ, því þó ég sé sammála sumum tillögunum er ég ósammála öðrum.

Reimar Pétursson og aðrir skoðanabræður hans segja að ef sagt sé NEI við sömu spurningu sé það höfnun á tillögum Stjórnlagaráðs og þá eigi að leggja tillögurnar til hliðar og ekki taka mark á þeim meir. Ég get þá ekki heldur sagt NEI, því þó ég sé ósammála sumum tillögunum er ég sammála öðrum og vil ekki að mikilli og góðri vinnu Þjóðfundarins og Stjórnlagaráðs verði hent út í hafsauga.

Ég get því hvorki sagt JÁ né NEI eins og málið er kynnt fyrir þjóðinni og svo mun fleirum farið. Nú er það svo, að samkvæmt gildandi stjórnarskrá er stjórnarskrárgjafinn Alþingi. Þeim fyrirmælum verður að fylgja. Þarna verður Alþingi sem sé að kveða upp sinn dóm. Hver verða viðbrögð Alþingis við niðurstöðum atkvæðagreiðslunnar? Telur Alþingi að ef meirihlutinn segi JÁ við umræddri spurningu sé Alþingi þar með óheimilt að hnika til eða breyta tillögum Stjórnlagaráðs? Telur Alþingi, að ef meirihlutinn segir NEI eigi Alþingi ekkert tillit að taka til tillagna Stjórnlagaráðsins og ekkert mið hafa af tillögum þess við framhaldsmeðferð málsins?

Ég sé ekki hvernig hægt er að ganga til atkvæða á forsendum þeirra Þorvaldar og Reimars. Í lýðræðislandi má ekki og á ekki að efna til atkvæðagreiðslu um mikilvæg mál með jafn mikilli óvissu um hvað afstaða hvers og eins raunverulega þýðir. Æðsti lýðræðisvettvangur þjóðarinnar er Alþingi. Þaðan verður að koma leiðsögn um hvernig túlka ber afstöðu kjósenda í komandi kosningum og sú leiðsögn verður að koma áður en gengið er til kosninganna. Forseti Alþingis er rödd þjóðþingsins. Hvað segir sú rödd?

# Sýnum bændum stuðning

Landbúnaður



Hólmfríður S. Haraldsdóttir
ferðamálafræðingur

Nú líður að útborgunardegi hjá sauðfjárbændum, þeir uppskera laun fyrir áralanga og áratugalanga ræktun sauðfjár. Það sauðfé býr yfir ákveðnum einkennum og gæðum sem bændur hafa valið að framleiða og hafa lagt sig fram til að ná þeim eiginleikum. Að baki liggja langtímasjónarmið og ígrundun með það leiðarljós að afurðirnar skili sauðfjárbóndanum sem mestum arði svo búið standi undir sér og helst að það framfleyti fjölskyldunni. Alger óvissa ríkir nú meðal sauðfjárbænda víða um norðanvert landið og sú óvissa er margþætt;

- Hvert verður innlegg þeirra í sláturhús; hvað fá bændur útborgað á þessu hausti?
- Hver verða launin sem eru afrakstur síðastliðins árs og ára?
- Hvað er framundan?

**Gríðarlegt tjón en enginn veit enn hversu mikið**

Sláturtíð lýkur ekki fyrr en seinni hluta október og þá geta menn einhverja grein gert sér fyrir tjóninu sem þeir hafa orðið fyrir, en langt í frá að allt liggi ljóst fyrir. Allt vinnuskipulag hefur riðlast vegna þess gjörningaveðurs sem gekk yfir landið 10.-11. september. Haustverkum er ýtt til hliðar vegna brýnni verkefna; leitar að búfénaði í kapphlaupi við tímann – og þeim verður sinnt síðar, þegar færi gefst. Skemmdir urðu á trjágróðri, korni, grænfóðri, girðingum, jafnvel byggingum og víða tókst ekki að slá hána. Að ýmsu öðru þarf að hyggja fyrir veturinn en það hefur allt orðið að víkja um sinn. Þá er ýmislegt annað sem bætist þar ofan á, s.s. að vegna rafmagnsleysis varð matur e.t.v. ónýtur, hella þurfti niður mjólk og svo það að bændur urðu fyrir óvæntum útgjöldum í stórum stíl vegna leitarstarfa sem staðið hafa yfir vikum saman. Aukinn mannskapur við leitarstörf þarfnast matar, húsaskjóls og fatnaðar – en hlífðarfatnaður dugði jafnvel ekki daginn út. Á vélknúin ökutæki af ýmsum gerðum þurfti eldsneyti og reikna má með bilunum og sliti á tækjum við leitarstörf í erfiðum aðstæðum. Allt þetta eru óvænt útgjöld við búsýsluna.

> Gleymum ekki því að bændur þurfa á stuðningi okkar að halda nú næstu vikur og mánuði. Verkefnin sem bíða þeirra nú eru óþrjótandi og óvissan mikil um marga þætti í nánustu framtíð.

**Bændum eðlislægt að taka hlutunum með jafnaðargeði**

Það gjörningaveður sem skall á svo óvænt og með afleiðingum sem ekki sér fyrir endann á kallar fram margvísleg viðbrögð og tilfinningar. Áfallið leggst af mismunandi þunga á fólk og mannfólkið er misjafnlega í stakk búið að taka áföllum. Þó má segja að bændum sé eðlislægt að taka því sem að höndum ber með jafnaðargeði. Þeir þekkja litróf lífsins harla vel, allt frá því að líf kviknar og þar til því lýkur, og eru ekki óvanir að aflífa skepnur þegar þess er þörf. Þeir hafa ekki lagt í vana að barma sér þótt illa gangi og eru ekki að því heldur á þessum tíma. En það ástand sem nú hefur skapast reynir á hinn mannlega mátt, meira en góðu hófi gegnir. Í húfi er lifandi fénaður sem bændum er kær og að auki leggjast á þá áhyggjur af fjárhagslegu tjóni og í mörgum tilfellum stórtjóni. Ekki má gleyma að huga að börnunum sem mörg eiga sínar uppáhaldsskepnur og vegna álagsins hafa foreldrar ærin verkefni. Þörf er á varkárni í umræðunni um ástandið því börn skilja oft hlutina öðruvísi en hinir fullorðnu, eða misskilja og það getur bakað þeim óþarfa hræðslu og óöryggi.

**Endurreisnarstarf og samhjálp**

Íslenska sauðkindin hefur sýnt alveg ótrúlega seiglu, líklega meiri seiglu en menn bjuggust við. Leitarfólk hefur unnið þrekvirki og ekki má gleyma að nefna þátt björgunarsveitanna, en hann er ómetanlegur. Í þessum aðstæðum hefur komið berlega í ljós hve samtakamáttur fólks og samkennd er mikils virði. Einmitt í slíku andrúmslofti ætti að nýta alla jákvæða krafta til endurreisnar – og af myndarskap. Á íbúafundinum í Skjólbrekku kom fram að raflínan í sveitinni yrði lögð í jörð og því var spurt hvort ekki væri lag nú, að leggja ljósleiðara samtímis þannig að menn í sveitinni sætu við sama borð og meirihluti landsmanna hvað nettengingu varðar. Ástæða er til að skora á alla hlutaðeigandi, að vinna því máli brautargengi.

Gleymum ekki því að bændur þurfa á stuðningi okkar að halda nú næstu vikur og mánuði. Verkefnin sem bíða þeirra nú eru óþrjótandi og óvissan mikil um marga þætti í nánustu framtíð. Eftir því sem tíminn líður frá óveðursdögunum og daglegu verkefnin taka við hjá almenningi, er enn mikilvægara að við munum eftir þeim. Gerum það sem í okkar valdi stendur og verum þeim innan handar og hjálpum eftir því sem okkur er unnt.

Lengri útgáfu greinarinnar má sjá á visir.is

Lífeyrissparnaður með góða ávöxtun

Landsbankinn býður fjölbreyttar leiðir í lífeyrissparnaði og er traustur bakhjarl. Íslenski lífeyrissjóðurinn og Lífeyrisbók Landsbankans hafa skilað góðri ávöxtun undanfarin ár.



# Kennaramenntun á Íslandi – Stöndum með kennurum

Menntamál

**Þórður Á. Hjaltested**
formaður KÍ



**Björg Bjarnadóttir**
varaformaður KÍ



Í Fréttablaðinu 10. október 2012 er viðtal við Björgvin G. Sigurðsson, formann allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, undir yfirskriftinni „Skoða styttingu náms í þrjú ár“.

Kennarasamband Íslands (KÍ) telur það algjörlega galið að forystufólk þjóðarinnar sé í alvöru að hugsa á þessum nótum. Hvar er metnaður og framsýni yfirvalda? Á að kasta út um gluggann framsýnni stefnu sem sett var með heildarendurskoðun á lögum um skólastigin og menntun kennara og skólastjórnenda 2008? – Uppgjöf myndi einhver segja.

KÍ hefur haft það á stefnuskrá sinni um langt skeið að nám kennara sé eflt og styrkt. Sá áfangi náðist með lögum frá Alþingi 2008. Þar með stöndum við jafnfætis þeim þjóðum sem lengst hafa gengið. Lagabreytingin var gerð í samhengi við breytingu á lögum allra skólastiga og í samvinnu allra hagsmunaaðila, m.a. ríkis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, samtaka foreldra og stéttarfélaga kennara. Um var að ræða mikið framfaraspor sem við getum verið verulega stolt af og eftir því hefur verið tekið í löndunum í kringum okkur.

Það var vitað að einhver fækkun yrði á nemendum við kennarabrautirnar fyrstu árin eftir að ný lög tækju gildi. Við verðum að horfa til framtíðar og því má það alls ekki gerast að þessu sé breytt aftur í fyrra horf. Það er engu minni ábyrgð að kenna nemendum á fyrsta skólastiginu, þ.e. leikskólanum, heldur en nemendum í grunnskóla eða framhaldsskóla. Það að leikskólakennari útskrifist með meistaragráðu er jafn mikilvægt og það er fyrir grunn- og framhaldsskólakennara. Menntun kennara á að vera samræmd. Það var eitt af lykilatriðum þess að hægt væri að tengja betur saman mörk skólastiganna og setja sameiginlega aðalnámskrá.

Við Íslendingar viljum vera í fremstu röð meðal þjóða þegar kemur að menntun. Við viljum að kennarar séu vel menntaðir og vel undirbúnir til að takast á við það mikilvæga verkefni að mennta börn og ungmenni í því fjölbreytta samfélagi sem við lifum í.

Nær væri að alþingismenn og sveitarstjórnarmenn færu að meta menntun betur til launa og búa kennurum betri starfsaðstæður. Kennarinn er háskólamenntaður sérfræðingur og á að vera metinn sem slíkur. Það sem fælir ungt fólk mest frá því að velja sér kennarastarfið sem framtíðarstarfsvettvang eru launakjörin sem í boði eru.

Við brýnum forystumenn þjóðarinnar til að beita sér af alvöru fyrir bættum kjörum kennara. Þá mun ungt fólk flykkjast í kennaranám.

# Grotnandi safn í kössum

Náttúruminjar

**Ágúst H. Bjarnason**
grasafræðingur og fv. formaður HÍN



Fyrir rúmu ári skoraði ég opinberlega á stjórn Hins íslenzka náttúrufræðifélags að rifta samningi þess við hið opinbera um byggingu náttúrugripasafns vegna vanefnda (Mbl. 14./9. 11). Nú eru liðin 65 ár frá því, að ríkið tók í sínar hendur öll gögn og gæði félagsins með loforði um að reisa veglegt safn. Náttúrufræðistofnun Íslands var komið á fót, en safn félagsins koðnaði niður í höndum hennar. Hörmungarsaga þessa máls er orðin löng og löngu orðið ljóst, að vilji hins opinbera er enginn.

Fyrir fáum árum var Náttúrufræðistofnun flutt til umhverfisráðuneytis og stofnað Náttúruminjasafn Íslands undir forræði menntamálaráðuneytis. Til málamynda var safninu holað niður við Túngötu og síðar í Loftskeytastöðinni gömlu við Suðurgötu. Nýverið var svo tilkynnt, að unnið væri að því að pakka öllu niður eina ferðina enn og setja í geymslur. Forstjóri safnsins er farinn frá, en þjóðminjaverði ætlað að standa yfir moldum þess, þó að hann hafi enga þekkingu á söfnun og varðveizlu náttúrugripa.

Það kemur alls ekki á óvart, að þýzk stofnun, Senckenberg Gesellschaft für Naturforschung, sem reiddi af hendi hundruð sýna af sjávarlífverum (sjá Fréttab. 29.9.12), hefur nú krafizt þess að fá þau í hendur aftur, því að þar á bæ hafa menn augljóslega engan áhuga á því, að þau séu læst niðri í kistum um ókomin ár. Söfnun á þessum sýnum kostaði milljónir króna.

Þegar Náttúruminjasafn var stofnað 2007 og sýningarskyldu létt af Náttúrufræðistofnun voru gerð mikil mistök við lagasetningu. Hvorugri stofnuninni voru sett nægilega skýr verkefni og margt hangir í lausu lofti. Eðlilegast hefði verið, að Náttúruminjasafn fengi að dafna á eigin forsendum, en óskýr ákvæði laga um afhendingu muna úr gamla safni Náttúrufræðifélagsins eru ósvinna og hafa hamlað starfsemi. Þá vakti það ekki síður furðu síðsumars 2010, að umhverfisráðherra hafði afskipti af hvalreka norður á Skaga og lét það mál í hendur Náttúrufræðistofnun í bága við meginhugsun safnalaga.

Náttúruminjasöfn um allan heim hafa rannsóknir í flokkunarfræði að megin viðfangsefni, enda fær ekkert safn þrifizt án raunverulegra rannsókna. Það átti því að flytja allar flokkunarrannsóknir á dýrum, sveppum og plöntum yfir til Náttúruminjasafns. Ætli það sé ekki nærri lagi, að þeir séu aðeins þrír sem sinna slíkum störfum nú á Náttúrufræðistofnun, það er í fléttufræði, sveppafræði og skordýrum. Athuganir á mosum hafa legið niðri í nærri áratug, en háplöntum og þörungum hefur aldrei verið sinnt að gagni. Fulltrúi stofnunarinnar í norrænu flóruverkefni, Flora Nordica, er á níræðisaldri, og sýnir það bezt að ekki er hugsað til mikilla tilþrifa í þeirri grein. Flestir líffræðingar á Náttúrufræðistofnun fást við umhverfisverkefni.

Rannsóknir í flokkunarfræði fara að einhverju leyti fram á öðrum stofnunum, Hafrannsóknastofnun, Veiðimálastofnun og víðar, og hefði verið kjörið að sameina allar slíkar rannsóknir á einn stað fyrir miðlægan gagnagrunn. Margvísleg önnur rök eru og fyrir því að flytja flokkunarfræði alla í sömu deild.

Það hefði mátt ætla, að eitt af verkefnum Náttúrufræðistofnunar á sviði jarðfræði væri að gefa út jarðfræðikort. En það voru Íslenskar orkurannsóknir, sem gáfu út sérlega vandað jarðfræðikort af Suðvesturlandi í fyrra. Það er örugglega um verulega skörun verkefna að ræða meðal stofnana hins opinbera, sem kostar skattborgara stórfé. Á hinn bóginn hefði verið skynsamlegt að flytja steinda- og bergfræði til Náttúruminjasafns.

Í annan stað átti undanbragðalaust við aðskilnaðinn að flytja yfir til Náttúruminjasafns alla muni og bækur, sem tilheyrðu Náttúrufræðifélaginu 1947. Þetta eru hinar raunverulegu eigur Náttúruminjasafns. Félagið afhenti þær ríkinu með ákveðnum skilyrðum, og hefur hið opinbera engan rétt á að ráðstafa þeim eftir geðþótta. Ríkisendurskoðandi komst einnig að þessari niðurstöðu í áliti sínu.

Málefni Náttúruminjasafns eru nú komin í hnút, sem erfitt verður að greiða úr. Samskipti á milli þess og Náttúrufræðistofnunar hafa verið stirð, ef dæma má af blaðafregnum þar um. Þá er alltaf hætta á, að stjórnmálamenn reyni að leysa mál með því að hygla öðrum og kæmi engum á óvart, að reynt verði að finna einhverjar lausnir til málamynda og lappa upp á bágan fjárhag annarra með því að leigja aðstöðu til bráðabirgða eins og jafnan áður. Þannig starfa pólitíkusar.

Stjórn Hins íslenzka náttúrufræðifélags getur ekki lengur skellt skollaeyrum við ófremdarástandi í málum Náttúruminjasafns. Henni ber að fá samninginn frá 1947 dæmdan ógildan vegna vanefnda og endurheimta allar eigur sínar að nýju. Það verður að leita nýrra leiða. Grasasafn Stefáns Stefánssonar, Helga Jónssonar og fleiri, dýrasafn frá Bjarna Sæmundssyni og fjöldi annarra sýna hafa legið vanrækt í fjölda ára og hætt við að þessi söfn liggi undir skemmdum, ef sumt er ekki þegar ónýtt. Í raun eru þetta þjóðargersemar, ígildi mikilla listaverka.

Að pakka Náttúruminjasafni Íslands enn einu sinni niður lýsir fullkominni uppgjöf, óvisku og forsmán í garð þessa málefnis af hálfu menntamálaráðherra.




Íslenski lífeyrissjóðurinn

| | | 1 ár* | 3 ár* | 10 ár* |
|---|---|---|---|---|
| Líf 1 | Hentar þeim sem eiga 20 ár eða meira eftir af söfnunartíma. | 10,7% | 11,8% | 8,9% |
| Líf 2 | Hentar þeim sem eiga meira en 5 ár eftir af starfsævi. | 10,6% | 11,2% | 8,4% |
| Líf 3 | Hentar þeim sem eiga 20 ár eða meira eftir af söfnunartíma. | 10,9% | 11,5% | 7,5% |
| Líf 4 | Hentar þeim sem eiga skamman tíma eftir af söfnunartíma. | 11,7% | 12,5% | - |
| Samtrygging | Fyrir þá sem vilja samtvinna ævilanga sameign og séreignarsparnað. | 7,3% | 8,0% | 9,1% |
| **Lífeyrisbók Landsbankans** | | | | |
| Verðtryggð | Verðtryggð Lífeyrisbók | 6,9% | 8,1% | 11,3% |
| Óverðtryggð | Óverðtryggð Lífeyrisbók | 3,7% | 4,6% | 9,0% |
| **Fjárvörslureikningur Landsbankans** | | | | |
| Gengisbundinn | Erlend verðbréf | 6,3% | 2,6% | 8,1% |

* Meðaltal árlegrar nafnávöxtunar til 30.08.2012

**Íslenski lífeyrissjóðurinn** er almennur lífeyrissjóður sem starfar skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Íslenski lífeyrissjóðurinn er með rekstrarsamning við Landsbankann hf. Nánari upplýsingar um sjóðinn og ávöxtun hans má finna á islif.is. Landsbankinn er rekstrar- og vörsluaðili **Lífeyrisbókar Landsbankans** samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ávöxtun í fortíð gefur ekki endilega vísbendingu um framtíðarávöxtun. Nánari upplýsingar um Lífeyrisbók og ávöxtun hennar má finna á landsbankinn.is.

**Kynntu þér** lífeyrissparnað Landsbankans í síma 410 4040, í næsta útibúi eða reiknaðu þitt dæmi til enda á landsbankinn.is.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Fellum tillögu stjórnlagaráðs

Ný stjórnarskrá

Haukur Arnþórsson
stjórnsýslufræðingur



Ég hef ákveðið að greiða atkvæði gegn því að tillaga stjórnlagaráðs verði notuð sem grundvöllur nýrrar stjórnarskrár 20. október 2012. Hér vil ég draga fram eitt grundvallaratriði af nokkrum sem hafa áhrif á afstöðu mína.

### Markalínur opinbers skipulags

Nánast öll þjónusta opinbers valds miðar við staðbundin mörk. Þannig höfum við skólahverfi, sveitarfélög og umdæmi af öllu tagi, meðal annars kjördæmi. Skattheimta fer fram innan staðbundinna marka og sköttum er jafnan ráðstafað innan þeirra. Þótt netið geti veikt staðbundin mörk opinberrar þjónustu standa þessar staðreyndir enn óhaggaðar.

> Við þessar séríslensku aðstæður eru margir höfuðborgarbúar farnir að líta svo á að þeir búi í borgríki...

Þýskaland er sambandsríki og opinber gjöld renna einkum til hvers ríkis og þjónusta er veitt innan þess. Danmörk (og hin norrænu ríkin hafa svipað fyrirkomulag) hefur 5 regioner og 76% alls skattfjár helst innan þeirra og eru notuð til þess að veita þjónustu þar.

Kjördæmaskipulag tekur mið af þessum staðbundna grundvelli og eru kjördæmi (mis)smá og tengja fulltrúa við kjósendur á ákveðnum stað og við þá sameiginlegu hagsmuni sem þeir hafa, meðal annars við öflun og ráðstöfun skattfjár þeirra og uppbyggingu staðbundinnar þjónustu fyrir þá.

### Afdrifarík mistök

Hér á landi var fallið frá landshlutatengdu millistjórnsýslustigi undir miðja síðustu öld. Það hefur reynst afdrifaríkt fyrir svæðin utan höfuðborgarinnar – og nú renna um ¾ hlutar alls opinbers fjár til hins miðlæga ríkisvalds (Reykjavíkur) og staðbundin yfirvöld (sveitarfélögin) eru veik og þjónusta þeirra lítil miðað við það sem gerist í nágrannaríkjunum. Þar sem tekjustofnar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu eru stærstir má reikna með því að allt að 90% af öllu skattfé sé ráðstafað af yfirvöldum á því svæði, á báðum stjórnsýslustigum.

### Sjónarmið borgríkis

Við þessar séríslensku aðstæður eru margir höfuðborgarbúar farnir að líta svo á að þeir búi í borgríki, en ekki í ríki sem hefur vestræna uppbyggingu. Þeir telja því ekki að máli skipti að íbúar utan höfuðborgarsvæðisins njóti vernda staðbundinna marka þannig að tekjur flytjist ekki frá upprunastað og til að þjónusta sé veitt nálægt íbúunum. Þessi hugsun endurspeglast í tillögum um veikingu eða niðurfellingu kjördæmaskipulags og raunar líka í lausnum stjórnsýslunnar; t.d. að hafa eitt sjúkrahús og eina ríkisstofnun á hverju sviði og að þær séu á höfuðborgarsvæðinu – í stað dreifðra lausna og þjónustu. Á sama tíma er höfuðborginni skipt í hverfi og byggð er upp staðbundin þjónusta innan þeirra – þannig að tvískinnungur höfuðborgarbúa er allsráðandi.

Þegar fylgismenn tillagna stjórnlagaráðs segja að kjördæmi eigi að skipuleggja fyrir fatlaða, fyrir konur o.s.frv. í stað staðbundinna marka, þá hafa þeir yfirgefið grundvöll stjórnmálalegs veruleika í okkar heimshluta. Þá er ekki endilega samræðugrundvöllur milli stjórnsýslufræðinga og aktívistanna, sem ekki búa við skorður vestrænna hefða. Svo ríkar hefðir eru fyrir staðbundinni nálgun í stjórnmálum að nánast ekkert vestrænt ríki gengur gegn þeim. Víða eiga ríki eða fylki (millistjórnsýslustig) fulltrúa á þjóðþingum án tillits til íbúafjölda þeirra.

### Hættulegar tillögur

Ef tillögur stjórnlagaráðs um veikingu eða niðurfellingu kjördæmakerfis hér á landi verða að veruleika fellur eitt af síðustu varnarvígum vestrænnar uppbyggingar stjórnmála og stjórnsýslu í landinu. Það er einkennileg þróun í ljósi þess hvernig og hvar þjóðartekjur okkar verða til – og að landið allt felur í sér sóknarfæri á öllum sviðum, t.d. fyrir ferðamannaiðnaðinn á grundvelli staðbundinnar menningar, sem þá þarf að vera til staðar. Við búum í stóru og fallegu landi og við þurfum að endurskipuleggja opinberu kerfin þannig að þau styðji dreifða uppbyggingu í því.





flutt
í Skútuvog 11
( Beint á móti Húsasmiðjunni og Blómavali )
Stofnað 1988
Neyðarþjónustan
Lásasmiðurinn
www.las.is
Verslun: Skútuvogi 11 • 104 Reykjavík • 510 8888


# Samfylkingin og jafnaðarstefnan

Stjórnmál

Mörður Árnason
alþingismaður



Samfylkingin er hreyfing jafnaðarmanna á Íslandi. Því miður eru ekki allir íslenskir jafnaðarmenn félagar í Samfylkingunni, stuðningsmenn hennar eða kjósendur. En við í Samfylkingunni erum öll jafnaðarmenn, hvert með sínum hætti. Við teljum að jöfnuður í lífskjörum og jöfn tækifæri séu heilladrýgst fyrir einstaklinga og samfélag. Við teljum að hver maður skuli vera frjáls gerða sinna og hugsana svo fremi hann skerðir ekki frelsi annarra og kemur fram af heilindum. Við teljum að mennirnir beri ábyrgð hver á öðrum – játumst undir þá samábyrgð sem Frakkarnir kölluðu bræðralag á 18. öld – en krefjumst þess líka af hverjum og einum að hann taki ábyrgð á sjálfum sér sé hann þess megnugur. Við þökkum frumherjum jafnaðarmanna á Íslandi fyrir að rækta þennan garð – skáldunum sem ortu kjark í alþýðu um aldamótin þar síðustu, fólkinu sem stofnaði verkalýðshreyfingu og alþýðusamtök á fyrstu áratugum 20. aldar.

### Velferðarþjónustan – Norðurlönd

Okkur finnst nánast liggja fyrir af dæmum Norðurlanda að öflug velferðarþjónusta sé burðarás þjóðarheimilis þar sem menn vinna saman jafnt að almannaheill og eigin þroska. Við teljum markaðinn þarfan þjón í atvinnulífi og viðskiptum – en afleitan húsbónda. Við viljum efla menntir og menningu, sem hafa gildi í sjálfu sér í sífelldri hollustu mannsins við hamingju sína, en gæða samfélagið líka innihaldi – og skapa störf! Við þökkum forystumönnum alþýðuflokkanna, félagsskap fólksins og framsýnum fræði- og listamönnum fyrir mikið verk í þessum efnum alla síðustu öld. Þau hafa borið árangur þrátt fyrir óhjákvæmilegar villur og mistök.

### Græn jafnaðarstefna, kvenfrelsi

Sígild jafnaðarstefna mótaðist á árunum eftir iðnbyltingu, í karlveldisþjóðfélögum 19. aldar, í andrúmslofti óbilandi tæknihyggju og framfarablætis. Nú eru aðrir tímar – og þeir jafnaðarflokkar í Evrópu hafa dregist aftur úr og trénast upp sem ekki tókst að auðga jafnaðarstefnuna með því að samþætta hana kvenfrelsi og umhverfisstefnu – jafnrétti kynjanna og jöfnuði kynslóðanna. Þetta var sá boðskapur sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir færði jafnaðarflokki okkar öðrum fremur – og við þökkum henni fyrir ásamt öðrum hetjum kvennahreyfingarinnar og mörgum einörðum baráttumönnum fyrir náttúruvernd og umhverfisviðhorfum síðustu fjóra áratugi.

### Samsafnskenningin

Það er misskilningur sem sumir halda fram, að í Samfylkingunni sé samankomið frekar tilviljunarkennt samsafn hinna og þessara pólitískra klúbba og áhugahópa þar sem sumir séu klassískir og aðrir frjálslyndir, einhverjar kvenfrelsiskellingar innan um græna öfgaliðið sem togast á við virkjunarsinna og byggðajálka. Flokkurinn endurspeglar vissulega fjölbreytileikann í íslensku samfélagi, eftir starfsstéttum, kynslóðum, menntadeildum, héruðum. Sem betur fer. En við eigum okkur öll sameiginlegan grunn – jafnaðarstefnuna.

### Sjálfsmynd

Þess vegna er óþarfi að hafa miklar áhyggjur af sjálfsmynd Samfylkingarmanna eða kjölfestunni í pólitík þeirra frá degi til dags. Sjálfsagt er að leiðrétta kúrsinn eftir stórsjó og brim á siglingunni. Við skulum muna að stefna og verk samsteypustjórnar í stjórnarráðinu eða sveitarfélögunum markast að sjálfsögðu af málamiðlunum og forgangsröðun þeirra afla sem að henni standa, og af fjölmörgum fleiri þáttum. Jafnaðarstefnan – og nauðsynleg umræða í hópi jafnaðarmanna – veitir góða yfirsýn og skýra sjálfsmynd.

### Formannsefni

Fram undan er formannskjör. Þau sem nú hafa verið nefnd sem hugsanlegir formenn gætu hvert og eitt sinnt því starfi með prýði, og líklega verður ekki mikill málefnalegur munur á formannsefnunum. Fyrir mína parta ætla ég þó að hlusta grannt eftir þessu tvennu:

### Grænar áherslur

Ég vil vita hvar þau standa í umhverfis- og náttúruverndarmálum, og hvert þau vilja stefna í atvinnumálum. Nú eru að verða straumhvörf. Eðlilegt er að segja skilið við fortíðardrauma um stóriðjuuppbyggingu í sovéskum stíl, með öllum sínum umhverfisfórnum, og byggja markvisst upp grænt hagkerfi. Upp úr hruninu erum við að komast með hjálp náttúrugæða af landi og hafi, en því má ekki gleyma að verulegur hluti af verðmætasköpun dagsins sprettur af okkar eigin hyggjuviti. Hugverkageirinn er ört vaxandi hluti atvinnulífsins og forsvarsmenn hans hafa bent stjórnvöldum á að nokkur helstu fyrirtæki hans þurfi tæknimenntað fólk þúsundum saman á næstu árum.

> Stjórn með hægrimönnum er ekki eðlilegur kostur fyrir Samfylkinguna, enda hafa slíkar tilraunir gefist illa. Samstarf við hægriflokka tel ég því aðeins koma til greina að um mikilvæga þjóðarhagsmuni sé að ræða...

### Samstarfskostir

Samfylkingin, flokkur jafnaðarmanna, er stofnuð til að vera höfuðafl í íslenskum stjórnmálum. Hún er mið-vinstriflokkur, og á að bjóða til samstarfs öðrum flokkum og hreyfingum til vinstri og fyrir miðju, fólki sem leggur áherslu á jöfnuð og frjálslyndi hvað sem líður afstöðu þess í einstökum átakamálum. Stjórn með hægrimönnum er ekki eðlilegur kostur fyrir Samfylkinguna, enda hafa slíkar tilraunir gefist illa. Samstarf við hægriflokka tel ég því aðeins koma til greina að um mikilvæga þjóðarhagsmuni sé að ræða, svo sem inngöngu í Evrópusambandið, eða þá brýnar umbætur innanlands sem ekki yrði komið á með öðrum hætti.

Önnur spurningin er um samfélagsstrategíu, hin um pólitíska taktík. Báðar mikilvægar.

# Seinfarin ganga lánsveðshópsins

Fjármál

Sverrir Bollason
verkfræðingur



Nú fer að viðra vel til göngunnar upp úr Kreppudal. En það er hlálegt að lánsveðshópurinn mun hefja sína göngu með þyngri byrðar en flestir aðrir. Sá hópur sem af varfærni brúaði bilið milli uppblásins fasteignaverðs og lágs fasteignamats á uppgangstímum með veð fengið að láni í eign foreldra eða annarra ættingja verður skilinn eftir og látinn dragast aftur úr samferðamönnum sínum. Þessar skuldir skulu hvíla á herðum þeirra um ókomna tíð meðan aðrir hafa fengið að kasta sínum byrðum af sér á botni kreppudals. Leiðin upp hlíðar kjarabóta verður þeim erfið og seinfarin. Sumir munu aldrei komast úr dalnum.

Þær leiðir til minnkunar skulda heimilanna svo sem 110% leiðin geta ekki nýst lánsveðshópnum. Þrátt fyrir nær einróma yfirlýsingar allra stjórnmálaflokka sl. vetur hefur ekkert áunnist og skammarlega lítil, léttfætt skref verið tekin. Það er skömm að því þegar fögrum fyrirheitum fylgja ekki efndir. Traust fólks á umboðsmönnum almennings má vart við frekari hnekki. Tap í kynslóðalotteríinu er að verða að veruleika fyrir lánsveðshópinn.

### Lífeyrissjóðir standa í vegi sanngirni

Ein stærsta hindrunin sem stendur í vegi fyrir þeim sanngirnisúrbótum að létta skuldabyrði ungs fólks með lánsveð eru lífeyrissjóðirnir. Þeir eru taldir eiga stóran hluta þeirra fasteignalána sem tryggð eru með lánsveði. Hvernig getur staðið á því að lífeyrissjóðirnir einir fjármálastofnana ætla sér ekki að taka þátt í niðurfellingum skulda almennings? Hlutdeild þeirra í niðurfellingum 110% leiðarinnar er vart mælanleg. Það eru einmitt niðurfellingar skulda hjá öðrum fjármálastofnunum sem skapa almenningi það svigrúm að geta greitt af lífeyrissjóðslánum. Lífeyrissjóðirnir eru sem sagt orðnir að laumufarþegum í endurskipulagningu skulda heimilanna, þeir leggja ekkert til en fá allan ávinninginn.

Að vissu leyti er þetta skiljanleg afstaða. Fæstir lífeyrissjóðir geta skilað þeirri ávöxtun sem þeir eiga að skila. Hugmyndaflug þeirra í fjárfestingum nær vart lengra en að lána skjólstæðingum til húsnæðiskaupa og kaupa skuldabréf sem bankar nota til að veita húsnæðislán. Maður spyr sig hvort fólk gæti ekki fengið svipaða niðurstöðu með því að halda eftir greiðslum til lífeyrissjóðanna, eignast húsnæðið sitt hraðar með þeim peningum og eiga lífeyrissjóð tryggðan með eigin fasteign milliliðalaust. Til hvers þarf að hafa lífeyrissjóðina með ef okkar eigin vaxtakostnaður er okkar ávöxtun?

### Langtímahagsmunir hunsaðir

En fyrst stefna sjóðanna er svona má líka spyrja sig hvort það sé best fyrir lífeyrissjóðina að þúsundir fjölskyldna séu fastar í sama húsnæðinu um árabil vegna íþyngjandi lánabyrðar. Fólk sem annars væri að taka ný lán fyrir stærri eignum. Aðgerðaleysi og skammtímahugsun hefur áður stórlaskað lífeyrissjóðina, ef ekki verður tekið í taumana nú er ljóst að afleiðingarnar munu skerða lífsgæði þúsunda Íslendinga og reynast sjóðunum dýrkeyptari en ella.

Öll fasteignalán verður að meðhöndla eins. Ríkisstjórnin og Alþingi ættu að taka þetta mál föstum tökum svo hægt sé að ljúka um margt farsælli meðhöndlun skulda almennings með sanngirni. Því hefur verið lofað. Lífeyrissjóðirnir verða jafnframt að líta á málið með langtímahagsmuni almennings í huga.

# ÁVÍSUN
## Á ALLT FÍNT FYRIR JÓLIN




## Ávísun til þín!

Þú átt 3.000 kr. ávísun sem þú getur notað í Húsasmiðjunni og Blómavali, sé keypt fyrir 10.000 kr. eða meira.
**Komdu með ávísunina þína og gerðu allt fínt fyrir jólin.**




FULLT VERÐ 2.690
**TILBOÐ 1.345 kr/m²**

**Harðparket 8 mm**
Eik Catania, 8 x 192 x 1292 mm
146946



FULLT VERÐ 2.490
**TILBOÐ 1.690 kr/m²**

**Harðparket 8 mm**
Eik Sierra planki,
8 x 193 x 1380 mm
147066
KAINDL



**1.290 kr/m²**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Veggflísar**
Blanco Mate 20x25 cm.
8600097/8611003

BLACK & DECKER



FULLT VERÐ 12.995
**TILBOÐ 9.995 kr**

**Hleðsluborvél B&D**
12V, 2 rafhlöður.
5245999

DEWALT



KYNNINGARVERÐ
**13.995 kr.**
**NÝTT!**

**Slípirokkur**
D28139, 850W, 125 mm.
5159020

Öll Jotun innimálning
**20% afsláttur***
um land allt




**ERIKUR OG CALLUNA**
**3 stykki**
að eigin vali
**999**



STÓRAR OG FLOTTAR!

**Hillurekki**
150x75x30, 4 hillur.
Hver hilla ber 50 kg.
5803671

**2.495 kr.**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



BOMANN



**54.900 kr.**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

**Þvottavél**
Bomann 5 kg.
1000 snúninga
1805438

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956**

markhonnun.is

# netto

Kræsingar & kostakjör



## NAUTALUNDIR
DANSKAR

**3.379**

ÁÐUR 3.975 KR/KG

# DANSKIR DAGAR



### GRÍSABÓGUR
HRINGSKORINN

29% AFSLÁTTUR

**496**

ÁÐUR 698 KR/KG

KJÖTSEL



### NAUTASTEIK
MJAÐMASTEIK

**1.998**

KR/KG



### OFNSTEIK MEÐ DÖNSKUM BLÆ



**1.998**

ÁÐUR 2.498 KR/KG

GOÐI



### KJÚKLINGABORGARAR
240 G X8

**498**

KR/PK



### KALKÚNASTRIMLAR

**1.499**

ÁÐUR 1.898 KR/KG



### GÆÐA MARSIPANTERTA



**998**

KR/STK

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




# HALDA ÁFRAM Í NETTÓ!



















**Tilboðin gilda 11. - 14 . okt.**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Eru allir öryrkjar fatlaðir?

Samfélagsmál



Helga Björk Grétudóttir
f.h. Aðgerðahóps háttvirtra öryrkja

Nokkrir félagar úr Aðgerðahópi háttvirtra öryrkja hafa að undanförnu hist vikulega til að ræða ýmis hagsmunamál öryrkja. Eitt af því sem verið hefur í brennidepli er spurningin hvort allir þeir sem fengið hafa 75% örorkumat teljist fatlaðir og falli þar með undir lög um málefni fatlaðs fólks og lög um réttindagæslumann fatlaðs fólks.

Hugtakið fatlaður eða fatlað fólk er vandmeðfarið, ekki síst þegar að lagasetningu kemur. Þegar rætt er um fatlaðan einstakling kemur upp í huga margra mynd af líkamlega fötluðum einstaklingi, jafnvel einhverjum sem situr í hjólastól eða einstaklingi sem er fæddur með fötlun, t.d. þroskaskerðingu. Færri gera sér grein fyrir því að fötlun getur verið afleiðing slysa eða veikinda og getur verið bæði líkamlegs og andlegs eðlis.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks frá 1992 nr. 59 2. júní 2. grein hljóðar skilgreiningin á fötlun svo: Einstaklingur á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sé hann með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum. Einnig má benda á skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna, en samkvæmt henni getur fólk verið fatlað á margan hátt: á líkamlegan eða andlegan hátt, vegna taugalegs skaða, læknisfræðilegra aðstæðna eða vandamála af geðrænum toga. Á skilgreiningin við um tímabundið jafnt sem viðvarandi ástand.

Við lestur þessara skilgreininga vaknar óhjákvæmilega upp sú spurning hvort öryrkjar falli undir lög um málefni fatlaðs fólks, þar sem skilgreining laganna nær yfir allar meginorsakir þess að fólk fær örorkumat. Það er að okkar mati mikilvægt að hafa þessa skilgreiningu á hreinu, því lög um málefni fatlaðs fólks eiga að tryggja fötluðu fólki ýmis réttindi og lögbundna þjónustu. Hins vegar er hægt að velta því fyrir sér hvort löggjafinn hafi haft ákveðna hópa í huga þegar lögin voru samin og hvort lögbundin þjónusta sé miðuð við þarfir þessara hópa.

Að okkar mati hallar á þá sem eiga við geðsjúkdóma að stríða, þegar kemur að réttindum og þjónustu við fatlað fólk. Einnig þá sem fengið hafa metna 75% örorku vegna langvarandi sjúkdóma og eiga við jafnvel ýmis geðræn vandamál að stríða af þeim sökum. Okkur finnst nokkuð vanta upp á það að öryrkjar almennt njóti þeirra réttinda sem lögin eiga að tryggja. Ef fyllsta jafnréttis og jafnræðis á að vera gætt ætti aldrei að leika nokkur vafi á því hverjir falla undir lög um málefni fatlaðs fólk eða hverjir eiga rétt á aðstoð réttindagæslumanns fatlaðs fólk.

Við bendum á tilvik þar sem öryrkja, sem óskaði eftir aðstoð réttindagæslumannsins, var vísað frá á þeim forsendum að flestir öryrkjar væru fullfærir um að gæta réttinda sinna sjálfir. Það væri sannarlega óskandi að svo væri, en því miður er raunveruleikinn annar. Sem dæmi má nefna að ýmis geðræn vandamál öryrkja, svo sem kvíði, þunglyndi og áfallastreituröskun, geta gert að verkum að fólk er alls ófært um að takast á við ýmis vandamál sem koma upp og getur jafnvel ekki sinnt heimilishaldi og innkaupum. Spurningin er hvort lögbundin þjónusta sé einnig í boði fyrir fólk sem á við slík vandamál að stríða.

> Ef fyllsta jafnréttis og jafnræðis á að vera gætt ætti aldrei að leika nokkur vafi á því hverjir falla undir lög um málefni fatlaðs fólks eða hverjir eiga rétt á aðstoð réttindagæslumanns...

Að lokum er vert að velta því fyrir sér hvort öryrkjar séu almennt nógu meðvitaðir um réttindi sín og hvernig staðið sé að ráðgjöf og upplýsingamiðlun til öryrkja af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Örorka er ekki val eða lífsstíll. Það fær enginn örorkumat nema að undangengnu læknisfræðilegu mati, í kjölfar veikinda eða slysa. Það eitt að lenda í slíkri stöðu er áfall í sjálfu sér. Því teljum við mikilvægt að þeir sem fá 75% örorkumat fái frá upphafi skýrar og greinargóðar upplýsingar um réttindi sín og þá þjónustu sem í boði er. Það er mikilvægt að þeir sem eiga, lögum samkvæmt, að veita fötluðu fólki – og þar með öryrkjum – þjónustu, eigi frumkvæði að því að fólk geti nýtt sér lögbundna þjónustu. Svo og öll önnur úrræði eða afsláttarkjör, sem gætu létt undir með öryrkjum, sem þurfa oftar en ekki að horfast í augu við fjárhagslegt áfall í kjölfar örorkumats. Betur má ef duga skal.




# Tækifæri til persónukjörs 2013

Stjórnmál



Björn Guðbrandur Jónsson
framkvæmdastjóri

Eitt af því sem kjósendum er ætlað að kveða upp úr með í atkvæðagreiðslunni 20. október næstkomandi um ný stjórnarskrárdrög er hvort heimila eigi persónukjör. Það segir mikið um hugmyndalegt alræði stjórnmálaflokkanna áratugum saman á þessu sviði að ástæða þykir til að leyfa sérstaklega persónukjör. Það verður að teljast ágalli á fyrirkomulagi fulltrúalýðræðis að kjósendum sé ekki heimilt að velja í frjálsu vali þá fulltrúa sem þeir treysta best. Fyrst þurfi að efna til flokkadrátta áður en kjósendum er treyst til að rækja hlutverk sitt.

Stjórnarskrármálið og téð atkvæðagreiðsla eru til komin af þeim almenna áhuga fyrir bættu samfélagi sem kviknaði upp úr hruninu. Enn örlar á þessum áhuga, um það vitna þau mörgu nýju samtök sem ætla sér að efna til framboðs fyrir alþingiskosningarnar næstkomandi vor.

En þessi nýju öfl standa frammi fyrir vanda. Sá felst ekki í því að ný stjórnmálaöfl eigi ekki erindi, heldur í því að stjórnmálastéttin sem fyrir er hefur úthlutað sjálfri sér gríðarlegri forgjöf í baráttunni um stuðning og atkvæði kjósenda. Um er að ræða kerfislæga mismunun á formi styrkja af opinberu fé sem veitast eingöngu þeim sem fyrir eru og 5% þröskuldar fyrir því að framboð fái fulltrúa á þing. Undir þessum kringumstæðum er borðleggjandi að fari nýju framboðin fram hvert fyrir sig þá tæta þau fylgi hvert af öðru, ná fæst tilskildu lágmarki og enda með að spila öllu upp í hendurnar á fjórflokknum sem fyrir er. Slík niðurstaða yrði vond og það alversta að hún væri sjálfskaparvíti.

Því þessi nýju öfl eiga tromp á hendi sem getur nýst til fulls meðan enn er heill vetur til undirbúnings næstu alþingiskosninga. Ég á auðvitað við sameiginlegt framboð allra hinna nýju afla og ekki bara það heldur yrði afar hentugt að beita þar persónukjöri innan þess ramma sem núgildandi kosningalög leyfa. Lögin þau eru hins vegar sniðin að flokkaframboðum og þar hefur persónukjör lítið vægi. Þó er í lögunum (82. grein) gert ráð fyrir að kjósendur geti raðað og strikað frambjóðendur út á þeim lista sem þeir kjósa. Þetta gera einhverjir kjósendur að jafnaði en sjaldnast í þeim mæli að það hafi skipt verulegu máli. Aldrei hefur það gerst mér vitanlega að framboð hafi komið fram með yfirlýstan óraðaðan lista og hvatt kjósendur sína til að raða á listann í kjörklefanum með útstrikunum og/eða umröðun.

Undirritaður hefur lengi verið áhugasamur um persónukjör og litið svo á að það geti verið lykillinn að bættri stjórnmálamenningu hér á landi. Hjarðhegðun í kringum flokksforystur er að mínum dómi vont atferli, til þess fallið að leiða menn og málefni í ógöngur. Munum hrunið og aðdraganda þess.

Stefnuskrár eru ekki aðalatriðið – stjórnmálastéttin hefur þróað hæfni til að fara á svig við allt slíkt – heldur trúverðugleiki þess fólks sem velst inn á fulltrúasamkomur í lýðræðisþjóðfélagi. Ég vil sem kjósandi geta valið það fólk sem ég treysti, því flokkum treysti ég ekki.

Hér er einnig holt að hafa í huga samanburð á vinnubrögðum, annars vegar Alþingis, sem kjörið er á grunni flokka, og hins vegar Stjórnlagaráðs, sem kosið var persónukjöri. Alþingi nýtur hvorki mikils trausts né virðingar landsmanna enda virðast flokkadrættir, óvinavæðing og málþóf helst einkenna þar starfshætti. Stjórnlagaráðið virtist starfa á öllu heilnæmari hátt, í átt að sameiginlegri niðurstöðu sem nú kemur til umfjöllunar hjá kjósendum.

Nýju öflin sem horfa til alþingiskosninga vorið 2013, hvaða nafni sem þau nefnast, Samstaða, Dögun, Björt framtíð, Hægri grænir, Húmanistar og hugsanlega fleiri, þurfa að steypa sér saman á einn framboðsvettvang. Annars eiga þau enga raunhæfa möguleika og það sem er öllu alvarlegra, þá er lítil von fyrir okkur, hina fjölmörgu kjósendur sem vilja sjá raunverulegar breytingar. Til að nýta möguleika sína til fulls þurfa þau svo að bjóða fram óraðaða lista sem kjósendur hafa verið hvattir eindregið til að raða og stroka út samkvæmt eigin dómgreind og sannfæringu. Þetta er einfalt og á færi allra kjósenda.

Að sjálfsögðu halda viðkomandi samtök áfram að starfa og gera grein fyrir sér, stefnumálum sínum og sínu fólki. Sameiginlegt framboð þarf ekki að hafa neina samræmda stefnu, frambjóðendurnir bera uppi stefnumál sín og sinna stjórnmálasamtaka. Tilgangur slíks framboðs er að koma á framfæri frambjóðendum og veita þeim raunhæfa möguleika við aðstæður sem gömlu flokkarnir hafa mótað í sína þágu. En til að þetta virki þarf að nýta veturinn vel og ekki er eftir neinu að bíða.

# Sameining Garðabæjar og Álftaness

Sveitarstjórnarmál



María Grétarsdóttir
bæjarfulltrúi í Garðabæ

Bæjarstjórnir Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness samþykktu á fundum sínum haustið 2010 skipan samstarfsnefndar á grundvelli heimildar í 90. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum. Hlutverk samstarfsnefndar var að kanna möguleika á sameiningu sveitarfélaganna tveggja. Nefndin samþykkti að leita til R3-Ráðgjafar ehf. (R3) um sérfræðiráðgjöf í undirbúningsvinnunni og liggur nú fyrir skýrsla sem við hvetjum alla Garðbæinga til að kynna sér og er birt á vefnum okkarval.is.

Ef til sameiningar sveitarfélaganna kemur mun Garðabær yfirtaka sem nemur um 1,8 milljörðum króna umfram þær skuldir sem eru á íbúa í Garðabæ. Þetta þýðir að skuldir í sameinuðu sveitarfélagi verða um 130 þúsund krónum hærri á íbúa en nú er í Garðabæ, fara úr um 520 þúsund krónum á íbúa í um 650 þúsund krónur á íbúa, hækkun sem nemur um 25%. Ákjósanlegt hefði verið að leggja upp með jafnræði í skuldastöðu sveitarfélaganna en eftir samningaviðræður við lánardrottna Álftaness og ríkið er niðurstaðan þessi. Í skýrslu R3 kemur fram að hjá sveitarfélaginu Álftanesi séu málaferli í gangi vegna tveggja ágreiningsmála en engin í Garðabæ. Einnig kemur fram að ráðast þurfi í framkvæmdir í fráveitumálum á Álftanesi sem áætlað er að nemi allt að 270 milljónum króna.

Gert er ráð fyrir sömu skattlagningu og þjónustu í sameinuðu sveitarfélagi og nú er í Garðabæ. Aftast í skýrslu R3 eru settar fram áætlaðar lykiltölur sem taka mið af sameiningu sveitarfélaganna og þær bornar saman við áætlaðar lykiltölur sveitarfélaganna án sameiningar. Áætlað er að hagræðing náist í rekstri sameinaðs sveitarfélags um 120 milljónir króna á ári en á móti komi kostnaðaraukning upp á 150 milljónir króna vegna jöfnunar á skattheimtu og endurgreiðslum sem nú eru í Garðabæ og Álftnesingar muni njóta í sameinuðu sveitarfélagi. Áætluð hagræðing gerir ráð fyrir að ráðist verði í verulega fækkun nefnda hjá sameinuðu sveitarfélagi. Á vefnum www.okkarval.is kemur fram að engar ákvarðanir hafi verið teknar um fækkun nefnda þannig að slá þarf varnagla við þessari tölu. Gert er ráð fyrir að kostnaðaraukinn við bætta þjónustu/auknar niðurgreiðslur til Álftnesinga muni nema um 23 milljónum króna árlega og samræming á útsvarsprósentu minnkar tekjur frá íbúum Álftaness um 124 milljónir króna árlega. Útsvarstekjur á íbúa á árinu 2011 voru 392 þúsund krónur í Garðabæ en 375 þúsund krónur á Álftanesi eða um 4% lægri en í Garðabæ. Ef útsvarsprósenta Álftnesinga á árinu 2011 hefði verið sú sama og í Garðabæ, eða 13,66% í stað 15,20%, þá hefðu útsvarstekjurnar verið 15% lægri á íbúa á Álftanesi en í Garðabæ.

Samkvæmt 11. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, skal fjöldi aðalmanna í sveitarstjórn vera 11-15 talsins í sveitarfélögum með 10.000-49.999 íbúa. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í nýjum sveitarstjórnarlögum þarf þó ekki að koma til fjölgunar á fulltrúum í sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags fyrr en við sveitarstjórnarkosningar 2018. Tekið er fram í skýrslu R3 að við sameiningu sveitarfélaganna sé hægt að ákveða að fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn við kosningar árið 2014 verði óbreyttur, eða sjö. Í næstu kosningum eða árið 2018 þarf þó fjöldi fulltrúa að vera kominn í 11-15 eins og að framan segir, algjörlega óháð því hvort til sameiningar komi eða ekki fyrir Garðabæ. Þess er getið í skýrslunni að rétt þyki ef til sameiningar komi að hafa sama fulltrúafjölda í nefndum líkt og nú er í Garðabæ þ.e. fimm fulltrúa, þó þannig að Fræðslunefnd verði sameinuð nefnd grunnskóla-, leikskóla- og tónlistarskólamála sem í væru sjö fulltrúar til að tryggja sem mesta breidd sjónarmiða. Meðal kostnaðarhagræðingar sem lögð er til í skýrslunni er gert ráð fyrir verulegri fækkun nefnda í sameinuðu sveitarfélagi eða í sex. FÓLKIÐ- í bænum telur mikilvægt að ef til sameiningar kemur að ráðist verði í rekstrarhagræðingu að lágmarki eins og lagt er upp með í skýrslu R3 en samhliða verði þó gætt lýðræðis í stjórnskipuninni þannig að allir flokkar sem eiga bæjarfulltrúa, eigi fulltrúa í nefndum og ráðum bæjarins.

FÓLKIÐ- í bænum hefur í sameiningarviðræðunum verið jákvætt í garð sameiningar en á sama tíma höfum við verið varkár og kallað eftir ítarlegum upplýsingum til að fá sem heildstæðasta mynd af stöðunni. Við hvetjum ykkur bæjarbúar til að huga vel að kostum og göllum sameiningar og meta á kjörstað til að tjá hug ykkar til sameiningar.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## TÍSKUSÝNING Á SATT

**M-Design kynnir nýja hönnun á morgun kl. 17.00 á Satt á Reykjavík Natura hótelinu. Fatnaðurinn er gerður úr íslenskri ull en einnig eru fylgihlutir eins og húfur, vettlingar, legghlífar, treflar og sjöl. Margrét Árnadóttir stendur að baki M-Design.**


BIKINI - TANKINI



fæst í D,DD,E,F,FF,G skálum, þessi hér til hliðar á **kr. 9.550,-**

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur



Eirberg

sempermed®



Latex • Nitril • Vinyl

Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11 -16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



Peysudagar

20% afsláttur!

Þýskar gæðapeysur í fallegum litum og ótal gerðum.

Stærðir 36-52.

Hlý og notaleg peysa er góð gjöf!

Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 | laugardaga frá kl. 10-16


# BLEIKIR DAGAR Í HEILSUBORG

**HEILSUBORG KYNNIR** *Heilsuræktarstöðin Heilsuborg fagnaði þriggja ára afmæli sínu í gær. Ýmislegt verður gert til að halda upp á áfangann.*

Mikið er um að vera í Heilsuborg þessa dagana í tilefni afmælisins. Á sjálfan afmælisdaginn, hinn 10. október, voru starfsmenn klæddir í bleikt og með bleikar kórónur. „Bleiki liturinn var allsráðandi hér hjá okkur, jafnt á skrifstofunni sem og í leikfimissölunum, en meginástæðan var að vekja athygli á góðum málstað Krabbameinsfélagsins. Fjöldinn allur af viðskiptavinum okkar tók þátt í gleðinni með okkur," sagði Hildur Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Heilsuborgar.

**OPIÐ HÚS**

Heilsuborg verður með opið hús næstkomandi laugardag þar sem mánaðarkort í heilsurækt verður á afmælistilboði á þrjú þúsund krónur. „Við búumst við því að margir leggi leið sína til okkar í Heilsuborg á laugardaginn. Segja má að þetta sé einstakt tækifæri fyrir þá sem hafa lengið ætlað sér að byrja í Heilsuborg. Nú er tíminn til að setja sjálfan sig og sína heilsu í forgang. Einnig bendum við fyrirhyggjusömum á að kortið er tilvalin jólagjöf enda ekki oft hægt að fá kort í heilsurækt með yfir sjötíu prósenta afslætti. Frí ráðgjöf verður í boði varðandi hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl."

**BLEIKUR GÓÐGERÐARTÍMI**

Aðgangur verður ókeypis í heilsuræktina allan laugardaginn en hátindur dagsins verður Bleikur góðgerðartími. „Bleikur góðgerðartími verður fjörugur leikfimistími sem er opinn öllum. Aðgangseyrir í tímann felst í frjálsum framlögum í söfnunarbauk Krabbameinsfélagsins sem verður á staðnum," segir Hildur. „Starfsfólkið verður í bleiku og hvetur alla gesti stöðvarinnar til að vera í einhverju bleiku þessa afmælisdaga."

**SPENNANDI ÖRFYRIRLESTUR**

Andleg næring verður einnig í boði hússins á laugardag en þá býður Sigríður Arnardóttir, Sirrý, upp á örfyrirlestur sem kallast að „Laða til sín það góða". Fyrirlesturinn hefst kl. 12.15 og er öllum opinn. „Sirrý fjallar um hvernig við getum öll haft áhrif á eigin líðan og laðað að okkur hamingjudaga, bjartsýn og upplitsdjörf."

Heilsuborg er heilsustöð í Faxafeni 14.



**BLEIKIR BORGARAR** Starfsfólk Heilsuborgar klæddist bleiku í tilefni þriggja ára afmælis heilsuræktarstövarinnar sem var í gær.

MYND/ANTON



**OPIÐ HÚS**
Opið hús verður í Heilsuborg á laugardaginn og afmælistilboð á mánaðarkortum í heilsuræktina.


Gerðu gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

ÝMIR, SAGA, FREYJA, ÞÓR OG ÓÐINN

Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



ÝMIR rúm 153x203 aðeins kr. **124.900**



FINNDU MUNINN

LOKAÐ

laugardaginn 13. október vegna árshátíðar starfsmanna

Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is

*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

NÝ SENDING
FRÁ SPÁNI OG ÍTALÍU
Náttföt, nærföt, sængurgjafir í úrvali
JÓLAFÖTIN STREYMA INN
stærðir 50 - 166 cm
IANA mayoral
Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17
VERTU VINUR Á FACEBOOK

GLYMSKRATTINN
MEÐ SMUTTY SMIFF FÖSTUDAGSKVÖLD KL. 22
X 97-7

# LYKKJUFALL VERÐUR AÐ MATREM

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Sigrún Baldursdóttir fatahönnuður er flutt til Danmerkur til að fylgja hönnun sinni á fatnaði fyrir nýbakaðar mæður eftir á erlendan markað. Fyrirtæki Sigrúnar hét áður Lykkjufall en hefur fengið nýtt nafn.*

Ég er að taka fyrirtækið í gegn, skipta um nafn og markaðssetja það enn frekar í Danmörku," segir Sigrún Baldursdóttir fatahönnuður, en hún stofnaði árið 2006 fyrirtæki í kringum eigin hönnun á fatnaði fyrir nýbakaðar mæður. Fyrirtækið hét áður Lykkjufall en heitir nú Matrem.

„Orðið lykkjufall vafðist fyrir kaupendum erlendis og því ákvað ég að breyta til. Matrem er beygingarmynd af latneska orðinu Mater, sem þýðir móðir. Mér fannst nafnið hljóma fallega og höfða vel til vörunnar sem einblínir á nýbakaðar mæður," segir Sigrún, en flíkurnar eru sérhannaðar fyrir brjóstagjöf.

„Ég er einnig að gera fyrirtækið „grænt og sjálfbært" og nota íslenska ull í kápur og peysur sem eru framleiddar á Íslandi. Þá verða vörur frá mér framleiddar undir Gots-merki, það þýðir að vörurnar eru úr lífrænu efni og að vel sé hugsað um vinnuaflið við framleiðsluna," útskýrir Sigrún, en Gots-vörurnar verða einungis seldar á heimasíðunni, www.matremdesign.com. Síðan er í smíðum en fljótlega verður hægt að panta gegnum hana.

Verslunin Purl og persille selur vörur Sigrúnar í Danmörku og verslunin Mor og meg í Noregi.

Sigrún segir flutningana til Danmerkur leggjast vel í sig og fjölskylduna, en þau hafa komið sér vel fyrir í Hvidovre, rétt fyrir utan Kaupmannahöfn. Fyrirtækjareksturinn er þó ekki það eina sem Sigrún hefur prjónunum, því hún skellti sér einnig í meistaranám.

„Ég er í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði í CBS, skiptinámi frá Háskóla Íslands, þannig að það er nóg að gera."





SIGRÚN BALDURSDÓTTIR



**ÍSLENSK ULL** Kápurnar frá Matrem eru framleiddar á Íslandi.
MYND/MAGNÚS HJÖRLEIFSSON

LAGERHREINSUN

50% afsláttur af völdum vörum
• Kjólar
• Skokkar
• Mussur
• Toppar
• Pils
• Allar peysur á 5.000 kr.
FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201
Við erum á Facebook

NÁMSKEIÐ
Heklaðar jólabjöllur
17. október kl. 19-22
Skráning í síma 511-3388
Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511-3388
Opið mán - fös 9 - 18, lau 11-15
Amma mús handavinnuhús


Full búð af flottum fötum fyrir flottar konur
Stærðir 40 – 58
Verslunin Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

## RAUÐAR NEGLUR

**KVENLEGT** Það er nauðsynlegt að gefa sér tíma fyrir naglasnyrtingu nú þegar vetur gengur í garð. Um tíma voru ljósar neglur vinsælastar en nú skulu þær vera áberandi. Eldrauðar neglur eru hámóðins en einnig má nota aðra liti eins og fjólublátt, grænt og svart. Fallega rauðar neglur eru kvenlegar og smart. Ekki sakar að hafa rauðan varalit í stíl. Myndin er af nýjasta naglalakkinu frá Lancôme.



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427

Lepicol
- fyrir meltinguna
Inniheldur Psyllium husk trefjar ásamt mjólkursýrugerlum. Lepicol Plús inniheldur einnig meltingarenzym. Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Lepicol Plús örvar meltinguna
Lepicol heldur hægðunum í jafnvægi



# FRJÁLSÍÞRÓTTAKONA VANN FYRIRSÆTUKEPPNI

**ÆVINTÝRI** *Sigurlaug Birna Guðmundsdóttir, 14 ára frjálsíþróttakona frá Reykjavík, bar sigur úr býtum þegar Elite-fyrirsætan 2012 var valin. Hennar bíður nú ferðalag til Sjanghaí.*

Sigurlaug Birna er 182 cm á hæð, en fyrirsætuheimurinn leitar jafnan að hávöxnum stúlkum. Þegar Elite á Íslandi bauð stúlkum að koma í Smáralind til prufu fyrir keppnina í byrjun september ákvað Sigurlaug að slá til. Hún segist hafa haft áhuga á tísku þótt fyrirsætustörf hafi verið fjarlæg. „Ég sá þetta auglýst og ákvað að fara í Smáralind. Þangað mættu um 180 stúlkur en fimmtíu af þeim fengu að fara í áframhaldandi prófanir,“ útskýrir Sigurlaug Birna.

**FÉKK ÞJÁLFUN**

Myndir voru teknar af stúlkunum og reyndu þær sig á tískusýningu á palli. „Eftir það var valið í rúmlega tuttugu manna hóp en síðan var stúlkunum fækkað niður í sautján sem var lokahópur,“ bætir hún við.

Lokahópurinn sýndi á tískusýningu fyrir íslenska hönnuðinn Ellu í Smáralind og féll auk þess þjálfun í að koma fram. „Á lokakvöldinu 29. september sýndum við föt frá Vero Moda. Keppnin var spennandi, sérstaklega á úrslitastundinni,“ segir Sigurlaug Birna, sem tekur þátt í Elite Model Look World í Sjanghaí í Kína í nóvember. Þar koma saman sigurvegarar frá sextíu löndum og munu stúlkurnar sem raða sér í efstu sætin hljóta samning hjá Elite World.

**EKKI OF UNG**

Sigurlaug hefur skrifað undir samning hjá Elite á Íslandi sem opnar dyr að fyrirsætustörfum hér heima. Hún segist vissulega vera ung en telur það í lagi. „Foreldrum mínum fannst þetta hálf ótrúlegt fyrst en ég held að þau séu farin að venjast þessu,“ segir hún. „Það fer fylgdarmaður frá Elite með mér til Kína.“

Sigurlaug vill ekki meina að hún hafi gengið með þann draum að verða fyrirsæta. „Nei, en ég á mér draum um að verða læknir. Ég er í Háteigsskóla í níunda bekk og stefni á MR eftir grunnskóla.“

Sigurlaug er öflugur frjálsíþróttamaður og hefur stundað hástökk og hlaup. Hún hefur stundað íþróttina í sex ár og hefur hug á að halda því áfram með íþróttafélaginu Ármanni. Þar að auki er hún að læra á píanó en hafði áður stundað nám á básúnu í nokkur ár.

**LÆRÐI AÐ GANGA Á HÁUM HÆLUM**

Þegar hún er spurð hvernig það hafi verið að stíga á svið og sýna föt segir hún það hafa verið skemmtilegt. „Ég þurfti reyndar að læra að ganga á háum hælum en það hafði ég aldrei gert áður né heldur farðað mig,“ segir hún. „En ég hlakka mikið til að fara til Sjanghaí.“

■ elin@365

**Í GÓÐU FORMI** Sigurlaug hefur stundað íþróttir frá því hún var barn auk þess að læra á hljóðfæri. MYND/VALLI

**SPENNANDI** Sigurlaug Birna tekur þátt í Elite Model Look World í Sjanghaí í nóvember.









# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir **92%** lesenda blaðanna




**Allt sem þú þarft...**

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, jan.-júní 2012.

# JÓLAHLAÐBORÐ

FIMMTUDAGUR **11. OKTÓBER 2012**




Svín með teppi kallast þetta góðgæti sem alltaf slær í gegn. Feitt beikon er gott og við hæfi í kuldum vetrar, vafið utan um kokkteilpylsur og bakað í ofni.


Tartalettur með hangikjöti, brokkólíi, papriku og svörtum ólífum er gómsætt og skemmtilegt útspil á mesta jólamat Íslendinga.


Hver stenst innbakaðan reyktan lax og rjómaost, sem bráðna í munni í unaðslegri smjördeigsrúllu? Sesamfræin senda gestina í sjöunda himin.


Kanilkryddaðar jólamúffur með karamellugljáðum salthnetum æra upp jólaskapið í yndisleik sínum.


Sérðu ekki fyrir þér kátínuna þegar gestirnir sjúga sleikjóstaf sem óvænt rataði í kokkteilana frá jólasveininum?

# Notalegheit heima á aðventunni

Jólahlaðborð eru yndisleg heim að sækja en það er líka hægt að gera sér glaðan dag heima í eldhúsi á meðan beðið er eftir jólum. Aðventan er tími töfra, stemningar og samfunda og þarf ekki að kosta aleiguna að hóa í góða vini til að smjatta saman á sögum og jólalegu góðgæti.

# Jólagleði í umgjörð náttúrunnar

Í aðdraganda jóla breytist **Bláa Lónið** í ævintýraland, umlukið rökkvuðum sjarma náttúrunnar í bjarma blikandi jólaljósa. Innandyra ríkir notalegt andrúmsloft, ylur, djass og angan af freistandi jólakrásum. Jólahlaðborð Bláa Lónsins er enda í heimsklassa og upplifunin ógleymanlega ljúf.


Viktor Arnar Andrésson er yfirmatreiðslumaður í Bláa Lóninu og kann að dekra við bragðlaukana.

Metnaður, gæði og ferskleiki eru einkunnarorð matreiðslumeistarana á Lava, veitingahúsi Bláa Lónsins. Þar er dekrað við bragðlauka gesta í einstöku umhverfi.

„Við vinnum allan jólamatinn frá grunni hér í eldhúsinu. Það tryggir hámarksgæði og ferskleika," segir Viktor Arnar Andrésson, yfirmatreiðslumeistari á Lava. Viktor er meðlimur í landsliði íslenskra matreiðslumeistara og segir undirbúning jólahlaðborðsins vera skemmtilegan. „Því fylgir alltaf mikil stemning að undirbúa hátíðarréttina."

Magnús Héðinsson, rekstrarstjóri veitingasviðs Bláa Lónsins, segir góða þjónustu mikilvægan hluta af heildarupplifun gesta.

„Þess vegna leggjum við mikla áherslu á faglega og framúrskarandi þjónustu. Við höfum á að skipa frábærum hópi faglærðs starfsfólks sem býr yfir mikilli reynslu á sínu sviði."

Magnús segir einkar huggulegt að eiga dásamlega jólastund með fjölskyldu og vinum í Bláa Lóninu.

„Þá er skemmtileg upplifun að slaka aðeins á í Bláa Lóninu áður en sest er að borði og notið dýrindis veitinga í ævintýralegu umhverfi."

Á jólahlaðborðinu freista ljúffengar sælkerakrásir. Þar má nefna jólasúpu með rjómatoppi, appelsínusíld með reyktum kartöflum, mini-hreindýrahamborgara með gráðosti, nautapiparsteik, andabringu, kanil crème brûlée og sérrítriffle með makkarónum og ferskum jarðarberjum.


Ferskleiki og gæði einkenna unaðslega matseld meistarakokkanna á Lava.


Umgjörð veitingahússins Lava er ævintýraleg eins og sjá má á náttúrunni í kringum Bláa Lónið.

„Einstakt náttúrulegt umhverfi, arkitektúr, matur og góð þjónusta gera jólahlaðborð í Bláa Lóninu að ógleymanlegri upplifun. Yfir borðhaldinu ómar lifandi djasstónlist Andrésar Þórs Gunnlaugssonar og félaga svo stemningin verður einstök, ljúf og jólaleg," segir Magnús.

Jólahlaðborð í Bláa Lóninu hentar vel minni og stærri hópum. Innifalinn er fordrykkur og boðskort í Bláa Lónið sem gildir út apríl 2013. Starfsfólk Bláa Lónsins getur aðstoðað við tilboð og bókun á sætaferðum fyrir allar stærðir hópa.

Sjá nánar á www.bluelagoon.is.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmaður auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson. benediktj@365.is. s. 5125411 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

2012

# Villibráð

*Villibráðarhlaðborð Perlunnar byrjar þann 25. október*

**Elgurinn er kominn í hús!**

## Forréttir

Villibráðarsúpa
Blinis og kavíar
Hreindýra paté m/títuberjasultu
Reykt súla elduð í Guinnesbjór
Gæsa og kjúklingafrauð
Skelfisksalat
Krabbasalat í sweet chilli sósu
Reyktur áll á eggi
Heitreyktur silungur m/piparrót
Sushi
Reyktur lax með wasabi majónes
Hvala carpaccio m/parmisan
Graflax
Síldar salöt
Parmaskinka með rjómaosti
Dúfu-terrin með foie gras
Grafið lamb m/balsamico og sultuðum lauk

## Aðalréttir

Villigæsabringa
Heilsteiktur hreindýravöðvi
Hreindýrabuff
Sultuð gæsalæri
Villisveppir í smjörkænu
Gufusoðinn kræklingur
Hnetufylling
Krónhjörtur
Kryddlegin elgur
Pottréttur
Rauðvínssósa
Kóngasveppasósa.

**8.990 kr.**
*tilboð mánud.-miðvikud*
*7.990 kr.*

## Eftirréttir

Ostaterta
Úrval osta
Heit eplakaka
Ferskt ávaxtasalat
Rjómalagaður ítalskur ís
Crème Brullée
Fylltir súkklaðibollar
Kókostoppar
Enskt krem
Karamellusósa
Súkkulaðiterta
Skyrkaka
Tapioka búðingur
Fylltar vatnsdeigsbollur.





# Jólahlaðborð

**8.790 kr.**
*tilboð mánud.-miðvikud*
*7.790 kr.*

**Gjafabréf Perlunnar**
**Góð gjöf við öll tækifæri!**

*Jólahlaðborð Perlunnar byrjar þann 15. nóvember*

## *Opið í hádeginu 2 helgar í vetur*

*Föstudaginn 7. desember og laugardaginn 8. desember*

*Föstudaginn 14. desember of laugardaginn 15. desember*

**Aðeins 5.290 kr.**



Mekka verður með vínsmökkun á eðalvínum fyrir mat, á hlaðborðum Perlunnar.



Frábærir tónlistamenn flytja tónlist í Jólahlaðborðinu. Grétar Örvarsson og Sigga Beinteins á fimmtudögum og sunnudögum. Þórir Baldursson og Sveinn Óli Jónsson spila á föstudögum og laugardögum.

Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

PERLAN

# Nýtt og óhefðbundið jólahlaðborð

**Slippbarinn** á Icelandair hótel Reykjavík Marina bætist við jólahlaðborðsflóru borgarinnar í ár. Þar verður þó ekki hefðbundinn jólamatur á borðum heldur mega gestir eiga von á jólakalkúninum í allt öðrum búningi en venjan er.

Þetta er ekkert venjulegt jólahlaðborð! Óhefðbundið er okkar þema í matargerð alla daga og við höldum okkur við það, líka í jólahlaðborðinu,“ segir Jóhannes Steinn Jóhannesson, matreiðslumeistari á Slippbarnum á Icelandair hótel Reykjavík Marina.

„Hjá okkur er ekkert reykt eða saltað og lítið um rjóma og feitmeti. Það er þó tenging við jólin, á matseðlinum er til dæmis „frómasinn hennar mömmu.“ Við leikum okkur einnig með hefðbundið hráefni eins og svínabóg og kalkún en matreiðum það ekki eins og fólk er vant. Svínabógurinn er rifinn og kalkúninn útbúum við í borgara með rauðkáli, sem er þó ekkert venjulegt rauðkál.“

Á Slippbarnum er mikið af grænmeti notað í matargerðina og jólahlaðborðið létt og ferskt. Jóhannes segir tilvalið fyrir þá sem vilja hugsa um heilsuna á aðventunni að koma við á Slippbarnum.



Jóhannes Steinn Jóhannesson matreiðslumeistari býður upp á óhefðbundið jólahlaðborð. MYND/PJETUR



SLIPPBARINN

JÓLIN 2012

**Marina fiskisúpan okkar vinsæla**
- Smekkfullur pottur af fiski með tómatgrunni, enginn rjómi

**Charcuterie**
- Allskonar pylsur og skinkur, ostar ýmiskonar, ólífur og sýrt grænmeti

**Grasker og sætar kartöflur**
- Ofnristað með karamelliseruðum hnetum og appelsínu

**Lambaróst á brauði**
- Steikt lambalæri á rúgbrauði, heimagert remúlaði, stökkur laukur, sveppir, súrar agúrkur, karsi og piparrót.

**Rauðrófusalat**
- Salat með geitaosti, valhnetum og rauðrófum

**Steikt spergilkál**
- Steikt með chilli og sesamfræum

**Rækjukokkteill 2012**
- . Rækjur, eldpipar, brauðkruður og sítrónusósa (ekki bleik, sorry…)

**Eplasalat**
- Hvorki með rjóma né mæjónessu, ferskt og fínt.

**Kúrbítur og strengjabaunir**
- Bakaður kúrbítur með sítrónu og hvítlauk og stökkar strengjabaunir

**Andasalatið hans Jóa**
- Andalæri confit, grillaður mais, Manchego ostur og sýrð fennika

**Rifið og tætt svín**
- Langtímaeldaður svínabógur, sýrt hvítkál og chilli ketchup

**Kalkúnaborgari**
- Á dökku brauði með rauðkáli trönuberjum og salvíumæjónessu

**Þorskur**
Þorskhnakki djúpsteiktur í tempura með tartarsósu slippbarsins

**Frómasinn hennar mömmu**
- Gamaldags Sjerrí frómas sem allir eru vitlausir í.

**Draumarúllan**
- Karamella, kókos og kaka

„Réttirnir verða allir bornir fram á minni diskum sem við skiptum ört út. Við viljum að allt sé ferskt á borðinu. Fólk labbar ekki út með bjúg héðan. Það þarf heldur ekki að fara beint heim að leggja sig eftir matinn heldur getur það fengið sér kokkteil á barnum,“ segir Jóhannes, en á aðventunni verða nokkrir drykkir á Slippbarnum í sérstökum jólabúningi.

„Við bjóðum til dæmis upp á glögg, sem er að sjálfsögðu ekki venjulegt jólaglögg,“ segir Jóhannes sposkur.

„Við munum ekki leika hefðbundna jólatónlist yfir gestum og jólaskreytingarnar verða í lágmarki. Við verðum vin sem fólk getur leitað í þegar það er búið að versla og versla með jólatónlistina í eyrunum allan daginn. Þetta verða fyrstu jólin okkar á Slippbarnum og þau verða mjög hugguleg. Við hlökkum til og höfum fulla trú á þessu. Fólk borðar svo mikið í desember af hefðbundnum jólamat. Maður má ekki vera búinn að fá nóg þegar jólin loksins koma.“

Boðið verður upp á jólahlaðborð Slippbarsins á kvöldin dagana 16., 17., 23. og 24. nóvember, en eftir 29. nóvember verður hlaðborðið opið bæði í hádeginu og á kvöldin alla daga fram að jólum. www.icelandairhotels.is


Jólahlaðborð 2012

**Nú fer í hönd sá árstími er við gleðjumst saman og njótum þess að gera vel við okkur í mat og drykk og hefur jólahlaðborðið á Hótel Örk um árabil verið ómissandi hluti af jólaundirbúningnum.**



**Kvöldstund sem bragð er af**

Jólarokkbandið stígur á stokk í lok borðhalds. Bandið er skipað valinkunnum tónlistarmönnum, en þar fer fremstur í flokki Ólafur Þórarinsson, eða Labbi í Mánum. Ásamt Labba er trommuleikarinn og heimamaðurinn Páll Sveinsson úr *Í svörtum fötum*, bassaleikarinn Jón Örvar Bjarnason úr *Landi og sonum* og hljómborðsleikarinn Ríkharður Arnar úr *Karma*. Jólarokkbandið flytur nokkrar þekktar jólaperlur og síðan tekur við hressandi danstónlist og gestir geta stigið dans til kl. eitt eftir miðnætti.

**Dagsetningar á jólahlaðborð**

Nóvember: laugardaginn 24. og föstudaginn 30.
Desember: laugardagana 1. *(uppselt)*, 8. og 15.

Verð fyrir jólahlaðborð er **7.700 kr.** á mann.

Fáðu jólatilboð fyrir hópinn þinn í gistingu og mat.
*Bjóðum rútuferðir fyrir hópa (30 eða fleiri) frá Reykjavík og Selfossi, ef óskað er.*

HÓTEL ÖRK

Breiðumörk 1c, 810 Hveragerði / sími 483 4700 / www.hotelork.is / info@hotel-ork.is



# Jólahátíð á Hilton

## Jólin byrja á Hilton Reykjavík Nordica og VOX þann 19. nóvember

Dýrindis jólahlaðborð í hátíðarsal Hilton öll föstudags- og laugardagskvöld frá 23. nóvember til 15. desember. Listamennirnir **Hreimur**, **Magni**, **Erna Hrönn** og **Pálmi** sjá um að töfra fram ósvikna jólastemmningu með ljúfum tónum. **Verð 9.400 kr.**

Samhliða þessu bjóða meistarakokkarnir upp á stórglæsilegan jólamatseðil á VOX og ógleymanlega kvöldstund fyrir þá sem kjósa framúrskarandi þjónustu og umgjörð.

Frá 19. nóvember verða hádegishlaðborðið og hinn sívinsæli helgarbrunch með sérstökum jólasvip. **Verð 4.400 kr.**

Kynnið ykkur tilboð á gistingu á Hilton Reykjavík Nordica: www.hilton.is
Nánari upplýsingar í síma 444 5052 eða hilton@hilton.is | www.hilton.is

VOX RESTAURANT

Hilton REYKJAVIK NORDICA



# Jólahlaðborð í hjarta miðborgarinnar

Veitingastaðurinn **Reykjavík Restaurant** býður girnilegt jólahlaðborð í glæsilegu nýstandsettu húsnæði. Eyjólfur Kristjánsson mun spila ljúfa tóna fyrir gesti og jólasveinar líta við á sunnudögum. „Húsið verður skreytt að innan sem utan og breytt í sannkallað jólahús," segir Þórður Norðfjörð kokkur.



Glæsilegur salur er á neðstu hæð hússins sem tekur allt að 180 manns í sæti. MYND/VALLI



Húsið mun verða skreytt hátt og lágt. Ljósadýrð mun loftin gylla og jólailmur líða um.

Reykjavík Restaurant er til húsa að Vesturgötu 2, en nýir rekstraraðilar tóku við staðnum í maí á þessu ári og voru í kjölfarið gerðar breytingar á honum. Þar er nú einn stærsti og glæsilegasti matsölustaður Reykjavíkur með húsrúm fyrri allt að 700 manns. Frá og með 16. nóvember verður boðið upp á ljúffengt jólahlaðborð allar helgar frá föstudegi til sunnudags fram að jólum.

## Ljúffengir réttir

Þórður Norðfjörð, matreiðslumeistari Reykjavík Restaurant, á veg og vanda að glæsilegum matseðli staðarins. „Hlaðborðið verður einkar glæsilegt með fjölbreyttu matarúrvali. Bæði verðum við með hefðbundinn jólamat; tvíreykt hangikjöt, svínaskinku, bæði venjulega og sérsaltaða ásamt fleiru.

Einnig munum við setja ýmsa gamla hefðbundna rétti í nýjan búning. Þá verður villibráð á boðstólum; önd, gæs og hreindýr. Kokkar munu skera kjötið frammi fyrir gestunum og ég held ég geti lofað fólki veglegum veitingum og eftirminnilegri stund."

## Fjölskylduþema á sunnudögum

„Á sunnudögum verður lögð áhersla á fjölskyldur. En þá mun jólasveinn koma í heimsókn og heilsa upp á krakkana. Þá verðum við með séraðstöðu fyrir börnin til að lita, púsla eða horfa á skemmtilega jólamynd. Fullorðna fólkið getur þannig notið þess að borða áhyggjulaust í rólegheitum meðan börnin leika sér."

## Aðal jólahúsið í miðborginni

Húsið mun verða skreytt hátt og lágt svo ljósadýrð mun loftin gylla og jólailmur líða um húsið. „Við munum skreyta húsið að innan sem utan og breyta því í sannkallað jólahús. Þetta er gríðarlega fallegt hús með mikla sál og langa sögu og á eftir að verða mjög rómantískt og fallegt í vetrarmyrkrinu."

## Ljúfir tónar

Tónlistarmaðurinn geðþekki Eyjólfur Kristjánsson mun spila ljúfa tónlist eins og honum einum er lagið á meðan gestir renna niður girnilegum réttum sem í boði eru.

## Stórir sem litlir hópar velkomnir

Reykjavík Restaurant er veitingastaður á þremur hæðum með sex sali. „Við getum tekið á móti litlum sem stórum hópum. Bæði er hægt að vera í aðalsalnum á neðstu hæðinni sem tekur allt að 180 manns í sæti, en svo erum við með sali á annarri og þriðju hæð.

Á annarri og þriðju hæðinni eru salir sem taka frá fimmtán og upp í 140 manns. Þeir sem hafa áhuga á því að gera bæjarferðina enn eftirminnilegri geta svo bætt við hótelgistingu á Hótel Plaza á mjög vægu verði.

Allar nánari upplýsingar um Reykjavík Restaurant er að finna á www.restaurant-reykjavik.is



Þórður Norðfjörð kokkur lofar fólki veglegum veitingum og eftirminnilegri stund. MYND/VALLI







# JÓLAHLAÐBORÐ MEÐ SÍGILDRI HÁTÍÐARSTEMNINGU

Hlaðborðið okkar er orðið að dásamlegri hefð, klassískt með fersku ívafi. Hugljúf og lifandi tónlist um helgar, jólasveinar og fjölskyldugleði ásunnudögum.







## Jólin hefjast á Satt 15. nóvember

Eftir það bjóðum við upp á jólahlaðborðið á kvöldin og í hádeginu 16. – 17. og 23. – 24. nóvember og alla daga frá 29. nóvember til 22. desember.

Verð í jólahlaðborð í hádeginu: 4.400 kr
Verð í jólahlaðborð á kvöldin: 8.800 kr

Borðapantanir í síma 444 4050 eða á satt@sattrestaurant.is.

Icelandair hótel Reykjavík Natura   Nauthólsvegur 52   101 Reykjavík   Sími 444 4050   satt@sattrestaurant.is   www.sattrestaurant.is

# Jólin eru að koma

**Hótel Saga** og **Broadway** eru að koma sér í jólabúninginn og byrjar jóladagskráin hinn 17. nóvember. Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hátíðarskap í Súlnasal með Erni, Helgu og Sigga Hlö, notalega jólastemmingu í Skrúði, glæsilegan jólamatseðil í Grillinu eða 5-stjörnu veislu á Broadway.




Eins og svo oft áður býður Hótel Saga upp á glæsilegt jólahlaðborð í Súlnasal. Jólahlaðborðin hafa verið haldin í mörg ár og notið mikilla vinsælda hjá öllum aldurshópum enda eru veitingarnar í senn fjölbreyttar og ljúffengar. Valgerður Ósk Ómarsdóttir, markaðsstjóri Hótels Sögu, segir að boðið sé bæði upp á sígilda rétti sem eru ómissandi á jólahlaðborðum og nýja og spennandi rétti fyrir þá ævintýragjörnu. „Jólahlaðborðin í Súlnasal eru árlegur viðburður hjá mörgum fjölskyldum, vinahópum og fyrirtækjum. Gestir okkar komast svo sannarlega í hátíðarskap enda er boðið upp á frábærar veitingar í bland við góða kvöldskemmtun með úrvals skemmtikröftum.“

Grínistinn og Spaugstofumeðlimurinn Örn Árnason tekur á móti gestum með léttu gríni og glensi og syngur nokkur lög eftir að borðhaldi lýkur ásamt söngkonunni Helgu Möller. Að loknu borðhaldi er dansað fram á nótt með hinum eina sanna Sigga Hlö og Helga Möller kemur mannskapnum í hátíðarskap og syngur nokkra gamla smelli.

## Gott úrval rétta

Að venju verður boðið upp á mikið úrval girnilegra rétta á jólahlaðborðinu. „Kokkarnir okkar í Súlnasalnum eru með skandinavískar áherslur í bland við séríslenska rétti. Það er mikið úrval forrétta, aðal- og eftirrétta.“ Meðal forrétta verður síld, grafinn lax, kjúklingasalat og heitreykt andabringa. Í aðalrétt er meðal annars boðið upp á nauta-prime, grísasíðu með puru, kalkúnabringu og hangikjöt ásamt ljúffengu meðlæti. Að lokum verða bornir fram margir gómsætir eftirréttir í anda Hótels Sögu.

Valgerður Ósk segir sérstöðu Hótels Sögu fyrst og fremst liggja í sögunni og hefðinni. „Hótel Saga er alltaf sígild. Gestir okkar geta stólað á úrvals gæði og reynslumikla matreiðslumenn sem kunna að matreiða góðar veitingar. Þjónustufólk okkar í Súlnasal sér til þess að öllu sé vel stjórnað en salurinn hentar frábærlega vel undir jólahlaðborð og skemmtanir enda hefur hann verið vinsæll í fimmtíu ár.

Súlnasalur býður líka upp á jólahlaðborð í hádeginu þar sem áherslan er lögð á börn og fjölskyldufólk. Íþróttaálfurinn og Solla stirða skemmta ásamt Erni Árnasyni.

## Upplifðu jólastemningu í Skrúði

Auk þess að bjóða upp á glæsilegt jólahlaðborð í Súlnasal er einnig boðið upp á jólahlaðborð á veitingastaðnum Skrúði á jarðhæð hótelsins. „Skrúður er með skandinavíska stemmingu fyrir jólin og býður upp á jólahlaðborð bæði í hádeginu og á



Valgerður Ósk Ómarsdóttir er markaðsstjóri Hótels Sögu. MYND/ÚR EINKASAFNI

kvöldin. Hádegið er sérstaklega vinsælt hjá vinahópum og fjölskyldum og um helgar koma margir til okkar í bröns með jólaívafi. Þá koma hingað heilu stórfjölskyldurnar og borða saman.“

## Jólatónar Grillsins

„Við erum líka í jólaskapi á toppnum.“ Í byrjun nóvember verður boðið upp á villibráðina að sögn Valgerðar og í kjölfarið verður boðið upp á sérstakan jólamatseðil. „Þar verða í boði þriggja, fjögurra og sjö rétta matseðlar að hætti hússins. Allir borðgestir fá sama matinn og kokkarnir og þjónarnir spjalla við gesti og kynna mat og drykk undir fagmannlegri leiðsögn frá hinum nýja veitingastjóra Grillsins, Jakobi Má Harðarsyni.“

## Fimm stjörnu matar- og tónlistarveisla

Broadway er eitt af stærstu og glæsilegustu skemmti- og veitingahúsum landsins. Allt að 1.100 gestir geta snætt veislukvöldverð saman og Broadway rúmar yfir 2.000 gesti á dansleik. „Við bjóðum upp á fimm stjörnu tónlistar- og matarveislu um jólin á Broadway. Ingó og veðurguðirnir, Sveppi, Bríet Sunna og Sverrir Bergmann fara saman í gegnum vinsælustu lög síðustu fjörutíu ára ásamt frábærum hópi dansara og hljóðfæraleikara. Eftir að borðhaldi lýkur verður stórdansleikur með Ingó og Veðurguðunum.“ Jólahlaðborðið inniheldur sígildar veitingar að sögn Valgerðar ásamt fjölbreyttu meðlæti. „Helsta sérstaða Broadway er skemmtiatriðin og íburðurinn þar í kring enda er mikill metnaður lagður í glæsilegar sýningar með matnum.

## Af hverju ekki að spara leigubílinn og slappa af?

Hótel Saga og Hótel Ísland bjóða upp á pakka með gistingu sem margir nýta sér núorðið, hvort sem gestir koma utan af landi eða Reykjavík. „Það er notalegt að gista á hótelunum og fá sér góðan morgunmat áður en keyrt er heim daginn eftir ævintýralega matarveislu og góða kvöldskemmtun,“ segir Valgerður Ósk að lokum.

Sérstaða **Hótels Sögu** liggur fyrst og fremst í sögunni og hefðinni. Gestir geta stólað á úrvals gæði og reynslumikla matreiðslumenn sem kunna að matreiða góðar veitingar. Súlnasalur og Skrúður bjóða upp á glæsileg jólahlaðborð og veitingastaðurinn Grillið býður upp á spennandi jólamatseðill. MYND/ÁRNI TORFASON









Sérstaða **Broadway** liggur í glæsilegum og metnaðarfullum sýningum. Yfir jólin býður Broadway upp á fimm stjörnu tónlistar- og matarveislu þar sem landsþekktir söngvarar syngja mörg af vinsælustu dægurlögum síðustu 40 ára. MYND/EDDI





# Sígilt jólahlaðborð á Grand Hótel Reykjavík

Klassískir og vinsælir réttir einkenna jólahlaðborð **Grand Hótel Reykjavík**. Margir matargestir koma ár eftir ár enda sækja þeir í sígilda rétti og notalegt andrúmsloft sem ríkir á hótelinu. Fjöldi skemmtilegra viðburða er í boði yfir girnilegum veitingum.

Mikið verður um dýrðir á Grand Hótel Reykjavík í nóvember og desember. Um margra ára skeið hefur hótelið boðið upp á sígilt jólahlaðborð sem hefur notið vaxandi vinsælda meðal landsmanna. Auk þess eru fjölbreytt skemmtiatriði í boði þar sem Helgi Björnsson og Bjarni Arason verða í aðalhlutverkum. Aðalheiður E. Ásmundsdóttir, markaðsstjóri Reykjavíkurhótelanna, segir Grand Hótel Reykjavík bjóða upp á klassískt hlaðborð með vel þekktum réttum. „Gestir okkar vita nákvæmlega að hverju þeir ganga enda koma þeir margir aftur og aftur, hvort sem um er að ræða fjölskyldur, vinahópa eða fyrirtæki. Þetta er hið dæmigerða jólahlaðborð sem Íslendingar vilja greinilega upplifa fyrir jól.“ Ein af sérstöðunum við jólahlaðborðið, að sögn Aðalheiðar, er afslappað andrúmsloft þar sem gestir geta setið við borðið út kvöldið og notið matarins í ró og næði.

## Fjölbreytt skemmtiatriði

Stórsöngvarinn Helgi Björnsson skemmtir gestum ásamt hljómsveit á föstudags- og laugardagskvöldum með íslenskum og erlendum dægurperlum í bland við jólalög. Vegna mikillar eftirspurnar hefur tveimur fimmtudagskvöldum verið bætt við í desember. Auk Helga mun söngvarinn góðkunni Bjarni Arason skemmta matargestum í öðrum sal nokkur kvöld í nóvember og desember.

„Bjarni Ara verður með glæsilega söngdagskrá í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík þar sem hann mun flytja ýmis lög frá glæsilegum ferli sínum, auk vel valdra jólasöngva og þekktra slagara með Frank Sinatra, Tom Jones, Elvis Presley og fleiri stórsöngvurum.“ Samhliða söngdagskránni verður boðið upp á veglegt jólahlaðborð.

Sömu kvöld verða einnig aðrir skemmtikraftar á sveimi um hótelið. Jólabjöllurnar nefnist sönghópur þriggja kvenna sem gengur milli sala og syngur jólalög fyrir matargesti. Tónlistarmaðurinn fjölhæfi Reynir Sigurðsson spilar undir fordrykk á víbrafón og á píanó undir borðhaldi. Fyrir þá sem vilja lengja kvöldið er dansleikur í salnum Gullteigi seinna um kvöldið þar sem hin óborganlega hljómsveit Hafrót mun spila fyrir dansi.

## Ferskt og íslenskt hráefni

Á Grand Hótel Reykjavík er ávallt leitað eftir því að nota íslenskt og ferskt hráefni að sögn Aðalheiðar og lögð áhersla á að elda úr íslenskum, lífrænum kryddjurtum og grænmeti þegar það er fáanlegt. „Nú er hótelið með umhverfisvottun frá Svaninum og af þeim sökum kaupum við ávallt umhverfisvottaðar vörur og þjónustu ef það er mögulegt. Gestir geta gengið að því vísu að ávallt sé notað ferskasta hráefnið hverju sinni og matreiðslan sé í hæsta gæðaflokki.“



„Gestir okkar vita nákvæmlega að hverju þeir ganga enda koma þeir margir aftur og aftur,“ segir Aðalheiður E. Ásmundsdóttir, markaðsstjóri Reykjavíkurhótelanna. MYND/PJETUR

Sem fyrr segir er jólahlaðborð hótelsins sígilt. Það inniheldur ljúffenga forrétti og bæði heita og kalda aðalrétti eins og hangilæri, grísahamborgarhrygg, kryddlegið lambalæri, hunangsfyllta kalkúnabringu og purusteik að dönskum hætti. „Eftirréttirnir eru einnig hefðbundnir og sérstaða þeirra liggur meðal annars í því að þeir eru allir lagaðir á staðnum og úr íslensku hráefni sem bakarar okkar sjá um. Við erum auðvitað með ris à l´amande en svo erum við með fjölbreytilegt úrval af sérlöguðum ostakökum sem eru ómótstæðilega góðar.“

Ekki má gleyma grænmetisréttunum, en Aðalheiður segir ört stækkandi hóp kjósa þá ekki síður en hefðbundna jólahlaðborðsrétti. „Við höfum sett saman nokkra hátíðlega létta jólarétti. Þar má meðal annars nefna karrí- og chilikryddaða grænmetis- og karöflurétti, hnetu- og baunasteikur, grænmetislasanja og hrísgrjónasalat.“

Sunnudagar eru fjölskyldudagar hjá Grand Hótel Reykjavík. Þá er boðið upp á jólabröns fyrir alla fjölskylduna þar sem börnin borða frítt.

Jólahlaðborðið er í boði í hádeginu á föstudögum og einnig á kvöldin á föstudögum, laugardögum og sunnudögum og hefst 16. nóvember. Hópar geta pantað jólahlaðborðið aðra daga.





Dagsetningar: 23. og 30. nóvember / 7. 8. 14. og 15. desember
Verð: 7.900 kr. / Innifalið: Jólahlaðborð, fordrykkur og boðskort í Bláa Lónið
Bókanir í síma 420 8800 eða senda tölvupóst á sales@bluelagoon.is

BLUE LAGOON ICELAND



Hátíðlegt verður í Viðey á aðventunni en þá verður fjögurra rétta jólamatseðill í boði á Viðeyjarstofu.

# Lifandi tónlist og róleg stemning

**Viðeyjarstofa** býður upp á fjögurra rétta hátíðamatseðil á aðventunni. Áhersla verður lögð á rólega og yfirvegaða stemmningu og sjá þau Sigríður Thorlacius og Guðmundur Óskar um að skemmta gestum með ljúfum og þægilegum tónum.

Eins og undanfarin ár verður hátíðlegt í Viðey á aðventunni. Í ár verður jólahátíðin í eynni með örlítið breyttu sniði því nú verður boðið upp á fjögurra rétta jólamatseðil í stað hefðbundins jólahlaðborðs.

### Fyrir einstaklinga og hópa

Veislan er í boði bæði fyrir hópa og einstaklinga og er ferjan innifalin í verðinu. „Ef stórir hópar ætla að koma í jólamatinn til okkar er hægt að sníða ferðir ferjunnar eftir þeirra þörfum. Annars eru reglulegar ferðir til og frá eyjunni en það er mikilvægt að taka bátinn út á réttum tíma til að ná tónleikunum,“ segir Friðgeir Eiríksson yfirmatreiðslumeistari.

### Sigríður Thorlacius syngur

Sigríður Thorlacius og Guðmundur Óskar sjá um að matur Viðeyjarstofugesta renni ljúflega niður með fallegum tónum sínum. „Við ætlum að spila fyrir fólk þegar það kemur og svo komum við fram nokkrum sinnum um kvöldið. Þetta verður ekki stanslaus spilamennska undir borðhaldi heldur langar okkur frekar að spila tvö til þrjú lög í einu í nokkur skipti,“ segir Sigríður. „Við ætlum að sjálfsögðu að spila jólatónlist en líka aðra tónlist í bland. Þetta verður hátíðlegt en ekki of mikil yfirgengileg jólabjöllustemmning. Við leggjum áherslu á að hafa rólegt og kósí sem verður í anda staðarins og matarins en jólamatseðillinn er glæsilegur og það verður mikill klassi og yfirvegun yfir öllu.“



Sigríður Thorlacius og Guðmundur Óskar töfra fram fallega tóna í jólaveislu Viðeyjarstofu.

### Hefðbundið og öðruvísi í bland

Sigríður hefur sjálf ekki farið oft á jólahlaðborð í gegnum tíðina. „Þessi hefðbundnu jólahlaðborð henta mér ekki. Mér finnst þessi hugmynd með jólamatseðil og að maturinn sé gerður fyrir hvern og einn flott. Þá er þetta bara eins og að fara út að borða og það er meira fyrir mig.“

Spurð um sinn eigin jólamat segir hún að sér finnist gaman að fá eitthvað nýtt og öðruvísi þó að sumt verði að vera í boði í það minnsta einu sinni yfir hátíðirnar, eins og til dæmis hangikjöt og rjúpur.

### Glæsilegur hátíðaseðill

„Við ætlum að hafa þetta þægilegt og yfirvegað og leyfa fólki að njóta þess að geta setið við uppdekkað borð og fylgst með skemmtuninni í stað þess að hafa hefðbundið jólahlaðborð með röðum og tilheyrandi. Við verðum með hátíðaseðil sem hefst á forréttadiski sem samanstendur af hangikjöti með rjómaosti og grænertum, hreindýraterrínu með bláberja-vinaigrette og graflaxi með hunangssósu. Svo tekur við milliréttur, bleikja, beikon og sveppir í döðlum með vanillugljáa. Aðalrétturinn er svo brasseraðar kalkúnabringur og purusteik ásamt ofnbökuðu graskeri, marineruðum ávöxtum og kremaðri rauðvínssósu. Í eftirrétt er síðan frosinn vacherin-vanilluís, marens, jarðarberjaískrap og jólarjómi. Þessi gómsæti jólamatur, ferja og lifandi tónlist er í boði fyrir 10.900 krónur,“ segir Friðgeir.



## GÓÐ RÁÐ FRÁ JÓLASVEININUM

**Gott er** að huga snemma að jólahlaðborði, hvort sem á að halda það heima eða borða úti. Enda er oft upppantað á veitingahúsum og erfitt að fá borð eftir því sem nær dregur hátíðinni. Þá getur undirbúningur fyrir heimahlaðborð tekið þó nokkurn tíma. Ef mörg börn eru í fjölskyldunni getur verið gott að velja stað sem býður upp á aðstöðu fyrir börn að leika sér, þar sem þau tolla ekki lengi við matarborð. Þannig getur fullorðna fólkið slakað á og notið matarins lengur. Ef um heimaboð er að ræða gæti verið gott að vera með spil tilbúin, hugljúfa jólamynd eða annað skemmtilegt fyrir krakkana að dunda sér við. Margs konar staðir bjóða upp á jólahlaðborð og mismunandi áherslur eru í mat og því gott að kynna sér það sem í boði er. Heimaboðið þarf að ígrunda vel; velja kjöt, búa til síld, eftirrétt, baka kökur og fleira. Það er um að gera að líta á hlaðborðið sem dekur við sjálfan sig og sína nánustu og vanda því til alls þegar að því kemur.






## HIST Í HEIMAHÚSI

**Margir vinahópar** hafa það fyrir venju að hittast á aðventunni og fara saman á jólahlaðborð. Sumir hafa þann háttinn á að hittast í heimahúsi og borða heimalagaðan mat.

Þá er sniðugt að allir komi með einn rétt svo matseldin og undirbúningurinn lendi ekki á einhverjum einum. Hægt er að skipta réttunum þannig að sumir komi með forrétti, aðrir aðalrétti og enn aðrir sjá um eftirréttina. Þeir sem eru minna liðtækir í eldhúsinu geta fengið að koma með meðlætið eða auðveldari réttina.

Þegar veislan er haldin heima er auðveldara að bregða á leik og hafa hlutina eftir eigin höfði. Margir hafa til dæmis jólagjafaskipti. Þá koma allir með eina litla gjöf sem þeir gefa og fá aðra í staðinn. Þennan leik má útfæra á marga vegu, hægt er að draga um pakkana og svo má jafnvel hafa það leyfilegt að „stela“ pökkum frá hinum.



# SLIPPBARINN







## Við elskum hefðir.
## Þess vegna sköpum við þær.

Við elskum aðventuna. Við elskum að skála við uppáhalds-fólkið okkar. Við elskum kokkteila. Við elskum stemmningu. Við elskum léttan mat sem bráðnar í munni og lætur okkur líða vel. Við elskum syndsamlega góða eftirrétti. Við elskum ekki þungan og gamaldags mat. En það stendur ekki í vegi fyrir girnilegasta hlaðborðinu um jólin 2012.



## Jólin á Slippbarnum

**Hér verðum við í essinu okkar í hádeginu og á kvöldin** 22., 23. og 24. nóvember og svo alla daga frá 29. nóvember til jóla – vertu með. Borðapantanir í síma 560 8009.

Hlaðborð í hádeginu 3.900 kr og á kvöldin 5.900 kr.

Icelandair hótel Reykjavík Marina   Mýrargata 2   101 Reykjavík   Sími 560 8000   www.icelandairhotels.is

# Ekkert uppvask

**Veisluþjónustan Veislan** býður fjölbreytt og girnilegt jólahlaðborð fyrir minni og stærri hópa. Þá er einnig hægt að kaupa gjafakörfur með okkar vinsæla jólamat.

Við útbúum allan mat frá grunni og látum meðal annars sérreykja fyrir okkur hátíðaskinku og grafa lax. Við heitreykjum einnig silung sjálfir og eftirréttirnir eru allir lagaðir af okkur," segir Ísak Runólfsson, matreiðslumaður og annar eigenda veisluþjónustunnar Veislu á Seltjarnarnesi.

„Við bjóðum upp á fimm mismunandi veislupakka; hangikjötsveislu og kalkúnaveislu með meðlæti við hæfi og svo þrjú mismunandi jólahlaðborð upp á danska vísu, með reyktum og gröfnum laxi, hangikjöti, purusteik og fleiru. Fjöldi rétta á hlaðborðunum er frá fimmtán og upp í 28 rétti og það stærsta er mjög veglegt," segir Ísak og bætir við að þjónustan sé mjög vinsæl af fyrirtækjahópum en einnig í heimahús.

„Þetta er bara svo þægilegt. Við komum með allt á staðinn og getum einnig útvegað borðbúnað ef óskað er. Svo tökum við allt til baka aftur seinna um kvöldið svo enginn þarf að vaska upp. Við þurfum ekki að vera á staðnum meðan fólk er að borða enda er það þægilegra og afslappaðra fyrir hópana. Þá getur fólk verið með eigin drykkjarföng í sínu umhverfi og haft það notalegt og þarf ekkert að hugsa um matargerð né frágang. Nánari upplýsingar er að finna á síðunni www.veislan.is.



Ísak Runólfsson matreiðslumeistari segir ekkert aðkeypt rata á hlaðborð Veislunnar. Allt sé unnið frá grunni. MYND/PJETUR



## Fyrsta jólahlaðborðið

Bjarni Árnason, veitingamaður í Brauðbæ/Óðinsvéum, átti frumkvæði að því að bjóða Íslendingum upp á jólahlaðborð hérlendis. Fyrir jólin árið 1980 auglýsti veitingastaðurinn Brauðbær danskt jólahlaðborð en fyrstu tvö árin var jólahlaðborðið einungis í boði í hádeginu. Fyrst um sinn voru það helst aðilar úr viðskiptalífinu sem sóttu hlaðborðið. Meðal veitinga fyrstu árin má nefna nokkrar tegundir af síld sem matreiðslumenn veitingastaðarins löguðu sjálfir, danska svínakjötsrétti, eplaskífur, volga lifrakæfu, hamborgarhrygg, graflax, reyktan lax, paté og jólagraut. Það var ekki fyrr en árið 1987 sem jólahlaðborðin færðust almennt yfir á kvöldin og íslenskir réttir bættust á hlaðborðið, eins og hangikjöt, laufabrauð og fleiri íslenskir réttir. Mun færri veitingahús voru í Reykjavík á þessum árum og voru október, nóvember og desember dauður tími í greininni á þessum árum. Jólahlaðborðin áttu því sinn þátt í að bæta rekstrarumhverfi veitingahúsa á þessum árum eins og þau gera reyndar enn í dag.



Friðgeir Eiríksson matreiðslumeistari býður upp á gómsætan hátíðarmatseðil í jólaveislu Hótels Holts. MYND/VILHELM



Andrúmsloftið í glæsilegum sal Holtsins kemur gestum jólaveislunnar í hátíðarskap.

# Lambakjöt og leynigestur á Holtinu

Jólaveisla **Hótels Holts** byrjar hinn 16. nóvember næstkomandi. Boðið verður upp á fjögurra rétta hátíðlegan jólamatseðil á kvöldin og þriggja rétta jólaveislu í hádeginu. Nýlega var tekið upp á því að fjölga réttum og bjóða upp á brasserie-stemningu í hádeginu.

Löng hefð er fyrir jólaveislu Hótels Holts og margir koma þangað á hverju ári. „Við erum með marga fastakúnna sem koma hingað ár eftir ár til að borða jólamatinn og komast í jólagírinn," segir Friðgeir Eiríksson, yfirmatreiðslumeistari Hótels Holts.

### Fjögurra rétta jólamatseðill

„Við bjóðum upp á glæsilegan jólamatseðil á kvöldin sem byrjar með konfektdiski sem samanstendur af hangikjöti, graflaxi og jólasúpunni okkar sem í ár er kanilkrydduð blómkálssúpa. Seinni forréttadiskurinn er Klausturbleikja með parmaskinku og ristaðri parmesansósu. Þá er komið að aðalréttinum en þar má velja um annaðhvort koníakslegnar kalkúnabringur eða lambahrygg sem heitir Jóla-hvað og verður ekki jólalegri. Í eftirréttunum er hægt að velja íslenskt skyr með tiramisú-stíl eða jólaköku með kryddbrauðsís."

### Þjónað til borðs

Eins og sjá má af þessu býður Hótel Holt ekki upp á hefðbundið jólahlaðborð. Friðgeiri finnst ekki passa að fólk standi í röð inni á veitingastaðnum. „Við höfum valið að fara þessa leið, að þjóna fólki til borðs og láta það ekki standa í röð heldur á það að geta setið við borðið og notið matarins og stundarinnar. Við höfum líka þennan hátt á í hádeginu en þá bjóðum við upp á þriggja rétta jólaveislu þar sem eitt fast verð er í boði og gestir geta valið þrjá rétti af matseðli. Við höfum nýlega breytt hádegismatseðlinum hjá okkur og erum nú með brasserie-stemningu í hádeginu og verða jólin hjá okkur líka í þessum brasserie-búningi."

### Sérbruggaður bjór

Aðspurður um hvað brasserie merki segir Friðgeir orðið vera franskt og þýða brugghús og að upprunalega sé það til komið vegna þess að bjór var bruggaður á staðnum frekar en að vera keyptur inn. „Í ljósi sögunnar bjóðum við upp á sérbruggaðan bjór frá Kalda. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á hádegisseðlinum okkar því á honum eru tuttugu franskir, klassískir réttir í stað átta áður og einnig þriggja rétta matseðill vikunnar."

### Lambakjötið vinsælla en áður

Jólamatseðill Hótels Holts er nýr á hverju ári. „Við erum alltaf með ákveðið hráefni sem er sameiginlegt á öllum jólamatseðlum, til dæmis kalkún og purusteik, en réttirnir eru framreiddir á ólíkan máta á hverju ári. Við erum núna með lambahrygg í fyrsta skipti á jólamatseðlinum. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að lambakjötið er orðið dýrt og fólk leyfir sér síður að kaupa lambasteik um helgar. Lambakjötið hefur verið miklu vinsælla upp á síðkastið en það hefur verið í langan tíma." Auk jólamatseðilsins verður hefðbundinn matseðill veitingastaðarins í boði.

### Líkur á leynigesti

Gestir Hótels Holts gætu átt von á góðu því líkur eru á að leynisöngvari troði upp í einhverjum jólaveislum þar. „Það verður ekki gefið upp hver þetta er en hann gæti læðst hér inn á barinn hjá okkur og þá verður það óvænt ánægja fyrir gesti staðarins. Annars er nóg fyrir flesta að koma hingað til okkar og borða jólamatinn okkar til að komast í jólaskapið," segir Friðgeir.

Jólakvöldið á Hótel Holti með fjögurra rétta hátíðarmatseðli kostar 7.900 krónur og verðið fyrir þriggja rétta jólaveislu í hádeginu er 4.900.

## Námskeið

NATHA YOGACENTER

**Ný námskeið að hefjast.**
**Betri og ítarlegri yógakennsla fyrir þá sem vilja kynnast hugmyndafræðinni bak við yóga æfingarnar og öðlast persónulega reynslu af áhrifum þeirra. Skriflegt efni á ensku fylgir hverjum tíma.**
**www.natha.is**

**NATHA YOGACENTER**
**Bolholt 4, 4 hæð -**
**105 Reykjavík**
**nathaiceland@gmail.com**

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

## Uppboð

# UPPBOÐ

Tollstjóri

### Boðnir verða upp lausafjármunir í Vörumiðstöð Samskipa, Kjalarvogi 7-15 (hurð 33), 104 Reykjavík - laugardaginn 20. október 2012 kl. 12:00

Um er að ræða ótollafgreidda vöru þar sem aðflutningsgjöld eru fallin í gjalddaga. Meðal vara sem boðnar verða upp eru ferða DVD spilarar, sjónvörp með DVD, fatnaður, skór, púsl og fleira. Hvorki ávísanir né kreditkort eru tekin gild sem greiðsla, einungis debetkort eða peningar. Greiðsla við hamarshögg.

**Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Tollstjóra www.tollur.is**
*Tollstjóri,*
*10. október 2012*

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**DVERG SCHNAUZER**
Hreinræktaðir Dverg Schnauzer hvolpar með ættbók frá HRFÍ til sölu. Tilb. til afh. Uppl. í s. 897 6229.



Eigum gullfallegan ólofaðan rakka sem er búinn með sína fyrstu bólusetningu, heilsufarsskoðun og örmerkingu. Hann er með ættbók frá HRFÍ. Skoða má myndir á FB-síðu okkar: Dropasteins ræktun. Nánari uppl. á kvöldin í síma 554-3456 eða 820-8181

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

2ja herb. í miðbæ RVK. Húsgögn fylgja. Sameiginl. eldhús, bað og þvottaherb. í 4ja herb. íbúð. V. 75 þ. s. 895 0482.

80fm íbúð til leigu í 103 m/40fm garði. m/ húsgögnum og þvottaherb. S. 778-4597

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3ra herb. íbúð sem allra fyrst á svæði 101,105 og 107. Skilvísar greiðslur og reglusemi. Uppl. í s. 860 0262.

**2 herb íbúð í Ártúni eða Breiðholti**
Karlmaður um sextugt óskar eftir langtímaleigu, fyrirmyndaleigjandi. Fæ greitt frá lífeyris- og tryggingast. Uppl. 777-5066.

Óska eftir 4 herb íbúð í hverfi 110-111. Verð allt að 150þ á mán. Lilja 8446840

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir 30-60fm geymsluhúsnæði. Uppl. s. 896 0608.

**Til leigu.**
Við sund. 20 fm skrifstofuherbergi og 20 fm. geymsla. Einning 55 og 70 fm. vinnustofur á 2. hæð. leiguval.is simi 894 1022 og 553 9820.

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

**Keiluhöllin Öskjuhlíð og Egilshöll**

**Óska eftir að ráða dyraverði. Vinnutími föstudags- og laugardagskvöld frá 20:00 - 01:00. Viðkomandi þarf að hafa reynslu og réttindi til að starfa sem dyravörður.**

**Umsóknir sendast á unnar. magnusson@keiluhollin.is eða nánari uppl. í s. 617 1106**

Vélavörður og háseti óskast á 170 tonna skip sem heldur til túnfiskveiða. Nánari upplýsingar í símum 894-2806, 854-2806 og 861-2806.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu.**
**Geta hafið störf nú þegar.**
**Starfsmannaþjónustan**
**S. 661 7000.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Karlmaður leitar hömlulausra leikja með karlmanni. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8279.

Ung og heit íslensk kona, laghent með olíu, leitar karlmanns til ljúfra leikja. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8742.






# Aukin þjónusta við utangarðsfólk í efnahagshruni

Samfélagsmál

Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir
félagsráðgjafi



Um leið og ég fagna áhuga almennings á málaflokki utangarðsfólks tel ég enn fremur mikilvægt, í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um slakan aðbúnað utangarðsfólks, að greint sé frá þeim umbótum og þeirri auknu þjónustu sem hefur orðið í málaflokknum í Reykjavík undanfarin ár.

Árið 2008 var sett fram Stefna Reykjavíkurborgar um málefni utangarðsfólks 2008-2012. Formleg stefnumótun í málaflokki utangarðsfólks er nýlunda hér á landi. Við gerð þessarar stefnu var leitað til fagfólks, notenda þjónustunnar (þ.e. utangarðsfólks) og annarra hagsmunaaðila og málefni sett fram í samræmi við það. Á tímum hagræðingar í opinberum rekstri hefur Reykjavíkurborg hrint í framkvæmd fjölmörgum verkefnum sem öll hafa það að markmiði að auka lífsgæði fólks og koma í veg fyrir útigang. Starfshópur, skipaður borgarfulltrúum og fagfólki, vinnur nú að gerð nýrrar stefnu. Helstu verkefni sem sett hafa verið á laggirnar eftir efnahagshrun:

- Árið 2008 voru tekin í notkun fjögur smáhýsi þar sem allt að átta einstaklingar geta búið. Verkefnastjóri í fullu stöðugildi er íbúum smáhýsa innan handar allan sólarhringinn.
- Dagsetur Hjálpræðishersins er athvarf sem opið er alla daga vikunnar. Þar er m.a. hreinlætisaðstaða, heit máltíð o.m.fl. Reykjavíkurborg kom að samstarfi vegna Dagseturs árið 2009 með stöðugildi félagsráðgjafa með aðsetur í Dagsetri. Félagsráðgjafinn sinnir félagsráðgjöf og byggir upp iðju fyrir utangarðsfólk.
- Haustið 2009 fór skaðaminnkunarúrræðið Frú Ragnheiður af stað á vegum Rauða krossins. Um er að ræða sérútbúinn bíl með hjúkrunarfræðingum og fleiri sjálfboðaliðum og veitt er nálaskiptiþjónusta ásamt almennri hjúkrun og ráðgjöf fyrir vímuefnaneytendur. Frá janúar 2011 hefur Dagsetrið verið með nálaskiptiþjónustu í samstarfi við Frú Ragnheiði.
- Árið 2010 opnaði Reykjavíkurborg heimili fyrir fimm heimilislausar konur. Sólarhringsvakt er á heimilinu.
- Í ársbyrjun 2012 tók Reykjavíkurborg yfir rekstur á stoðbýli fyrir átta tvígreinda karlmenn þ.e. þá sem eru greindir með geðsjúkdóm ásamt áfengis- og vímuefnafíkn. Íbúarnir eiga það sammerkt að hafa verið heimilislausir til langs tíma.
- Í maí 2012 jók Reykjavíkurborg stuðning sinn við Dagsetur með stöðugildi stuðningsfulltrúa og hálfu stöðugildi félagsráðgjafa.
- Á vormánuðum 2012 fór af stað tilraunaverkefnið Borgarverðir. Um er að ræða samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Tveir sérfræðingar frá Reykjavíkurborg og einn lögreglumaður aka um borgina á bíl og þjónusta utangarðsfólk með því t.d. að aka því til læknis, á meðferðarstofnanir, í viðtöl til félagsráðgjafa, í og úr Dagsetri, Konukoti og í Gistiskýlið o.fl.

Allt ofantalið er viðbót við þá þjónustu sem þegar var til staðar fyrir efnahagshrun. Þannig hefur Reykjavíkurborg rekið frá árinu 2007 heimili fyrir átta heimilislausa karlmenn. Samhjálp rekur Gistiskýlið við Þingholtsstræti samkvæmt samningi við Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða (Reykjavíkurborg). Gistiskýlið getur veitt 20 karlmönnum næturgistingu og hafa félagsráðgjafar frá Þjónustumiðstöðinni þar vikulega viðveru. Rauði krossinn rekur Konukot samkvæmt sambærilegum samningi og þar hafa félagsráðgjafar frá Þjónustumiðstöðinni einnig vikulega viðveru. Konukot er með átta rúm fyrir næturskjól. Systur Móður Theresu bjóða utangarðsfólki (og öðrum) upp á morgunverð fimm daga vikunnar. Auk þessa styrkir borgin rekstur Kaffistofu Samhjálpar sem er opin alla daga vikunnar

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða er þekkingarstöð um margbreytileika, þar undir fellur málaflokkur utangarðsfólks. Fjölmennt sérfræðingateymi fundar þar reglulega um stöðu einstaklinga og málaflokksins í heild. Starfræktur er Samráðshópur um málefni utangarðsfólks. Í Samráðshópnum sitja fulltrúar frá hinum ýmsu stofnunum og félagasamtökum sem öll sinna þjónustu við utangarðsfólk s.s. Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Rauða krossinum, Hjálpræðishernum, Hjálparstarfi kirkjunnar, Samhjálp, Fangelsismálastofnun, Geðsviði Landspítalans o.fl. Samráðshópurinn samanstendur af einstaklingum sem starfa á vettvangi með utangarðsfólki og hefur þá sérstöðu að geta komið með ábendingar um það sem betur má fara og hefur orðið eins konar málsvari heimilislausra, t.d. hvað varðar pólitíska stefnumótun.

Það er því ljóst að málaflokkurinn er ekki afskiptur af borgaryfirvöldum né öðrum stofnunum og félagasamtökum. Miklum fjármunum er veitt ár hvert til að viðhalda og auka við þjónustu í málaflokki utangarðsfólks. Mikilvægt er, þegar verið er að fjalla um málaflokk utangarðsfólks, að fjölmiðlafólk sé meðvitað um hvaða þjónustu hið opinbera og önnur félagasamtök eru að veita til að koma í veg fyrir misskilning og/eða einhliða umfjöllun. Stór hópur sérfræðinga og fagfólks lætur sig málin varða og kappkostar við að veita utangarðsfólki góða þjónustu. Enginn dregur í efa neyð þeirra sem ekki eiga sér fastan samastað og við sem samfélag eigum að láta okkur málefni utangarðsfólks varða. Við eigum að vinna saman og því er mikilvægt að allar upplýsingar um fyrirliggjandi þjónustu séu uppi á borðinu.




Bleika slaufan
- árveknisátak gegn krabbameini í konum



SÖLUSTAÐIR BLEIKU SLAUFUNNAR Í SILFRI:

Sölustaðir á höfuðborgarsvæðinu:

**Sign verkstæði** - Við höfnina í Hafnarfirði
**GÞ Skartgripir og Úr** - Bankastræti
**Rammagerðin** Reykjavík
**Leonard** - Kringlan, Smáralind, Leifsstöð og Lækjagata
**Gallerí Grandi** - Grandagarði
**Grand Hótel** - Sigtúni Reykjavík
**Úr og Gull** - Firðinum Hafnarfirði
**ITA - Hótel Saga, Hótel Hilton og Hótel Natura**
**Hótel Cabin** - Borgartúni Reykjavík

Sölustaðir á landsbyggðinni:

**Karl R. Guðmundsson** - Selfossi
**Halldór Guðmundsson** - Glerártorg Akureyri
**Georg V. Hannah** - Reykjanesbær
**Póley** - Vestmannaeyjum
**Módel** - Akranesi
**Klassík** - Egilsstöðum
**Siglósport** - Silglufirði
**Töff Föt** - Húsavík

**Blómsturvellir** - Hellissandi
**Palóma föt og skart** - Gridavík
**Húsgagnaval** - Höfn í Hornafirði
**Rammagerðin** - Akureyri
**Bláa Lónið** - Svartsengi Grindavík
**Gullauga** - Ísafirði

Sign
Element of Iceland
Skartgripahönnun og gullsmíði
www.sign.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ELEANOR ROOSEVELT** (1884-1962) fæddist þennan dag.

*„Framtíðin er þeirra sem þora að láta sig dreyma og trúa á fegurðina í draumum sínum.“*




13 ára afmæli

**LAURA**

Joyeux anniversaire

**Við elskum þig!**

Amma Janine og pabbi þinn.





†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTINN FINNSSON**
**múrarameistari,**
**Laufásvegi 7, Stykkishólmi,**

lést á St. Franciskusspítalanum aðfaranótt þriðjudagsins 9. október. Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 13. október kl. 13.00.

**Sigurður Kristinsson** — **Sesselja G. Sveinsdóttir**
**Magdalena Kristinsdóttir** — **Ingi Björn Albertsson**
**Inga Jóhanna Kristinsdóttir** — **Sveinn Þór Elinbergsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**EINAR PÉTURSSON**
**húsasmíðameistari,**
**Dvalarheimilinu Grund, áður Árskógum 8,**

lést aðfaranótt föstudagsins 5. október. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 12. október kl. 11.00.

**Pétur Einarsson** — **Svanfríður Ingvadóttir**
**Sigríður Björg Einarsdóttir** — **Skúli Jónsson**
**Þórhalli Einarsson** — **Guðný Tómasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**INGVELDUR EINARSDÓTTIR**
**Álfabergi 14,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 9. október.

**Trausti Sveinbjörnsson**
**Björn Traustason** — **Helga Halldórsdóttir**
**Bjarni Þór Traustason** — **Sigrún Ögn Sigurðardóttir**
**Ólafur Sveinn Traustason** — **Eydís Eyþórsdóttir**
**og barnabörn.**





†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**GUÐLAUG ALBERTSDÓTTIR**
**Vogatungu 93,**
**Kópavogi,**

er látin. Jarðarförin fór fram í kyrrþey.

**Sveinn Oddgeirsson**
**Katrín Lillý Sveinsdóttir** — **Jón Örn Árnason**
**Oddgeir Már Sveinsson** — **Sigrún Stefanía Jónsdóttir**
**Albert Jón Sveinsson** — **Jónína Hreinsdóttir**
**Guðni Gýjar Albertsson**
**Þórkatla Albertsdóttir**
**og barnabörn.**





†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**JÓN RÚNAR GUNNARSSON**
**Sælundi, Bíldudal,**

lést mánudaginn 8. október á taugadeild Landspítalans í Fossvogi. Útför hans fer fram frá Bíldudalskirkju laugardaginn 13. október klukkan 14.00.

**Nanna Sjöfn Pétursdóttir**
**Anna Vilborg Rúnarsdóttir** — **Gísli Ægir Ágústsson**
**Lilja Rut Rúnarsdóttir** — **Elfar Steinn Karlsson**
**og barnabörn.**




**FRIÐARLEIKUR** Um fimmtíu ungmenni eru nú stödd í Hugmyndahúsinu á forþingi fyrir Friðarþingið. Ungmennin eru á aldrinum 16 til 25 ára og eru frá Palestínu, Búlgaríu, Georgíu, Eistlandi, Lettlandi, Danmörku, Austurríki og Íslandi. Unnsteinn Jóhannsson er meðal skipuleggjenda. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FIMMTÍU UNGMENNI FRÁ ÁTTA LÖNDUM: BÚA TIL FRIÐARLEIK Á FORÞINGI

## Fjölbreytilegt friðarþing í Hörpu

Bandalag íslenskra skáta fagnar 100 ára afmæli sínu nú í ár og slær í tilefni af því upp Friðarþingi í Hörpu um helgina. Þetta er í fyrsta skipti sem þingið er haldið og miðar það að því að fjarlægja fólk frá þeirri hugsun að tengja þörfina á friði einungis við stríð og miða friðarboðskapinn út frá einstaklingnum. „Þátttakendurnir á þinginu eru mjög ólíkir, allt frá Íslendingum og öðrum friðsælum þjóðum og til fólks sem lifir á ófriðarsvæðum og við dagleg átök,“ segir Unnsteinn Jóhannsson skáti og einn skipuleggjenda Friðarþingsins.

Unnsteinn segir mikilvægt að hampa því hversu mikið skátahreyfingin vinni að friði í heiminum. „Ég hef til dæmis sungið bræðralagssönginn frá unga aldri og þó að hann fjalli um að treysta friðarbönd og bræðralag þá hafði ég ekki beint áttað mig á hversu öflug friðarhreyfing við erum, með 40 milljón manns innanborðs,“ segir hann. Fyrirlestrarnir á þinginu fjalla allir um frið en frá mismunandi sjónarhornum. Tuttugu fyrirlesarar munu stíga á stokk og má þar meðal annars nefna Eddu Björgvinsdóttur leikkonu, Pál Óskar Hjálmtýsson tónlistarmann, Herdísi



> Þátttakendurnir eru mjög ólíkir. Allt frá friðsælum þjóðum og yfir í fólk sem lifir á ófriðarsvæðum og við dagleg átök.

Egilsdóttur, kennara og rithöfund, og íþróttaálfinn Magnús Scheving. Framkvæmdastjóri alþjóðabandalagsins er einnig væntanlegur á þingið sem Unnsteinn segir hafa vakið mikla athygli á alþjóðavísu. „Alþjóðabandalagið hefur beðið okkur um að búa til snið að þessu þingi svo ungir skátar í öðrum löndum geti notað það til að fá hugmyndir og leikið það eftir á sinni heimagrund,“ segir hann, en skátahreyfinguna er að finna í öllum löndum heims að undanskildum Kína og Norður-Kóreu. Hann segir hreyfinguna hérlendis hafa stigið fram í blindni hvað varðar uppsetningu á þinginu en að allt hafi gengið vel og þau vonist til að geta haft þetta árlegt héðan í frá. „Að minnsta kosti annað hvert ár,“ segir hann.

Forþing stendur nú yfir í Hugmyndahúsinu á Granda og eru þar saman komin 50 ungmenni á aldrinum 16 til 25 ára til að undirbúa helgina. Ungmennin koma frá átta mismunandi löndum, Palestínu, Búlgaríu, Georgíu, Eistlandi, Lettlandi, Danmörku, Austurríki og Íslandi, og segir það sig því sjálft að mikil fjölbreytni er í hópnum. „Þau eru að setja saman svokallaðan friðarleik sem verður farið í á laugardaginn,“ segir Unnsteinn og bendir á að öllum sé velkomið að koma og taka þátt. „Leikurinn lítur rosalega spennandi út, bæði fyrir börn og fullorðna,“ bætir hann við.

Alls konar skemmtilegar vinnusmiðjur verða einnig í boði í Hörpu um helgina og hluti þeirra fólki algjörlega að kostnaðarlausu. Á fyrirlestrana er hægt að kaupa hvort heldur sem er dagspassa eða helgarpassa og velja svo á milli þeirra viðburða sem heilla mest. „Það er okkar gjöf til landsmanna að bjóða upp á einhverja viðburði frítt, en annars er þetta þing sem enginn sem lætur sig friðarmálefnið varða ætti að láta framhjá sér fara,“ segir Unnsteinn.

tinnaros@frettabladid.is




†

Faðir okkar, tengdafaðir, fyrrverandi eiginmaður og afi,

**JÓN ÁSBJÖRNSSON**
**forstjóri,**

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 2. október. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 11. október kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Ásbjörn Jónsson** — **Hildigunnur Gunnarsdóttir**
**Ásdís Jónsdóttir** — **Árni Rúdolf Rúdolfsson**
**Birgir Jóhannes Jónsson**
**Halla Daníelsdóttir**
**Jón Gunnar, Ásbjörn Daníel og Arndís Ásbjörnsbörn**
**Rudolf Jón og Halla Marta Árnabörn**





†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÁLL INGIMUNDUR AÐALSTEINSSON**
**Bjarkarholti 1, Mosfellsbæ,**

lést miðvikudaginn 3. október. Útförin fer fram föstudaginn 12. október kl. 13.00 frá Grafarvogskirkju.

**Guðrún Hafsteinsdóttir**
**Hafsteinn Pálsson** — **Lára Torfadóttir**
**Bjarnveig Pálsdóttir**
**Björk Pálsdóttir** — **Páll Valdimarsson**
**Hrönn Pálsdóttir** — **Magnús L. Alexíusson**
**Aðalsteinn Pálsson** — **Helga Grímsdóttir**
**Steinþór Pálsson** — **Áslaug Guðjónsdóttir**
**Gunnar Páll Pálsson** — **Ásta Pálsdóttir**
**Snæbjörn Pálsson** — **Þórdís Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**


Markaðstorg
frá fimmtudegi til sunnudags
© Inter IKEA Systems B.V. 2012
IKEA
Það verður markaðsstemmning í IKEA frá fimmtudegi til sunnudags. Við rýmum til á lagernum og setjum upp markaðstorg. Húsgögn, smávara, sumarhúsgögn, framhliðar á eldhúsinnréttingar, sófar og miklu fleira. Það úir og grúir af alls kyns húsbúnaði, bæði vörum enn í umbúðum auk sýnishorna og útlitsgallaðra vara úr Umbúðalaust.
20% aukaafsláttur er af öllum vörum úr Umbúðalaust.
Komdu og gerðu frábær kaup!
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is
IKEA®

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** teikniblek, **6.** ógrynni, **8.** skýra frá, **9.** endir, **11.** belti, **12.** losti, **14.** uppskafningsháttur, **16.** karlkyn, **17.** eyða, **18.** þrá, **20.** íþróttafélag, **21.** áhrifavald.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** stefna, **4.** kassabók, **5.** andi, **7.** forhlaup, **10.** ætt, **13.** sódi, **15.** einungis, **16.** þyrping, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** túss, **6.** of, **8.** tjá, **9.** lok, **11.** ól, **12.** frygð, **14.** snobb, **16.** kk, **17.** sóa, **18.** von, **20.** kr, **21.** ítak.

**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** út, **4.** sjóðbók, **5.** sál, **7.** forskot, **10.** kyn, **13.** gos, **15.** bara, **16.** kví, **19.** na.




# Hreðjar Sjálfstæðisflokksins

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Hver skaut JFK? Gekk maðurinn í alvörunni á tunglinu? Hver stóð í raun og veru fyrir árásunum á tvíburaturnana í New York? Samsæriskenningar eru góð skemmtun. Þeir eru þó fáir sem leggja trú á þær aðrir en einstaka einfari sem hírist í kjallaranum hjá mömmu umkringdur ofurhetjufígúrum og óhreinataui. Eða hvað?

**ÞEIR** félagar Davíð Oddsson og Björn Bjarnason fóru mikinn í ritmiðlum um síðustu helgi. Var þeim sérstaklega hugleikin Búsáhaldabyltingin svokallaða. Flestir eru sammála um að mótmælin sem fóru fram á Austurvelli fyrir fjórum árum hafi verið handahófskenndar samkomur fólks ólíkra skoðana úr ólíkum áttum sem átti það eitt sameiginlegt að óska þess að stjórnvöld tækju ábyrgð á undangengnu fjármálahruni. En ekki Davíð og Björn. Eins og glannalegustu samsæriskenningasinnum er lagið virðast þeir sjá í Búsáhaldabyltingunni útpælt plott pólitískra andstæðinga til valdaráns. „Enn hefur ekki verið upplýst hverjir skipulögðu óeirðirnar eða fjármögnuðu þær. Vísbendingarnar eru þó margar og flest ber þar að sama brunni," segir Davíð í Reykjavíkurbréfi.

**FJÖLMIÐLAMAÐURINN** Egill Helgason skrifaði pistil um málið og lýsti því sem svo að þarna væri gerð tilraun til að endurskrifa söguna. Það er þó ekki laust við að sá grunur læðist að manni að Egill ætli þeim félögum of fágaðan ásetning. Eru skrif þeirra í raun svo yfirveguð?

**Á VEFNUM** Evrópuvaktinni lýsir Björn Bjarnason friðsömum mótmælunum sem „aðför að Alþingishúsinu". Svo virðist sem Davíð og Björn lifi og hrærist í plotti í bók eftir Tom Clancy þar sem samsæri leynast í hverju horni. Þeir harðneita að horfast í augu við nýja tíma og ríghalda í grútfúlan kaldastríðshugsunarhátt eins og barn í öryggisteppi. Með stjórnmálaheimspeki 20. aldarinnar á heilanum eru þeir í álíka miklu jarðsambandi og Neil Armstrong þegar hann var staddur – eða ekki staddur – á tunglinu. Ekkert af þessu skipti nokkru máli ef ekki væri fyrir þær sakir að þessir fulltrúar liðinna tíma virðast hafa skelmistak á hreðjum Sjálfstæðisflokksins. Formaður flokksins þorir ekki svo mikið sem hósta án góðfúslegs leyfis hæstvirts ritstjóra Morgunblaðsins, en skemmst er að minnast kúvendingar viðhorfs Bjarna Benediktssonar til Evrópusambandsins.

**ÞAÐ STYTTIST** óðum í kosningar. Vænisjúkur vaðall Davíðs og Björns er jafngagnlegur Sjálfstæðisflokknum og það væri Framsókn ef Jónas frá Hriflu gengi aftur og tæki að drita út aðsendum greinum í blöðin. Ætlar stærsta stjórnmálaafl landsins ekkert að fara að hrista af sér roluskapinn og losa sig undan taki slíkra afturgangna?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott





Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# menning

menning@frettabladid.is



**STUDIO STAFN** í Ingólfsstræti heldur áfram kynningu á myndlist Gunnars S. Magnússonar með opnun sýningar á kolateikningum og málverkum hans á morgun kl. 17. Á síðasta ári sýndi Studio Stafn geómetríur eftir Gunnar S. og nú er komið að öðrum hluta þessara sýninga.


Hlúum að lífinu

Örráðstefna í dag kl. 16:30-18:00 í tilefni af alþjóðlegum degi líknar í samstarfi Krabbameinsfélags Íslands, Lífsins og Landspítala.

Fyrirlestrar:
- **Getur lækning og líkn farið saman?**
  - Valgerður Sigurðardóttir yfirlæknir Líknardeildar.
- **Líknarmeðferð í lok langrar ævi.**
  - Jón E. Jónsson yfirlæknir bráðaöldrunarlækningadeildar.
- **Af eigin reynslu.**
  - Ágústa Erna Hilmarsdóttir segir frá sinni reynslu.
- **Fyrir hverja er líknarmeðferð.**
  - Kristín Lára Ólafsdóttir hjúkrunarfr. í líknarteymi.

Fundarstjóri: **Margrét Gunnarsdóttir** sjúkraþjálfari hjá Virk

**Allir velkomnir - ókeypis aðgangur**

Krabbameinsfélagið LANDSPÍTALI

Krabbameinsfélagið, Skógarhlíð 8, 105 Rvk., 540 1900, www.krabb.is



Málþing Náttúrulækningafélags Íslands – 12. október 2012

Heildræn nálgun til heilbrigðis

Náttúrulækningafélag Íslands efnir til málþings í Hvammi, Grand Hótel, föstudaginn 12. október 2012 kl. 13:00 – 17:00



- *Er blanda af hefðbundinni meðferð og viðbótarmeðferð viðurkennd?*
- *Er hugur og líkami órjúfanleg heild?*
- *Tölum við um sjúkdóma fremur en heilbrigði?*
- *Að leita jafnvægis – er það leið til heilbrigðis?*
- *Geta tilfinningar valdið sjúkdómum?*
- *Hvaða úrræði eru í boði?*


Hólmfríður Margrét Bjarnadóttir


Arnbjörg K. Konráðsdóttir


Arnbjörg Linda Jóhannsdóttir


Anna Ottesen


Sveinn Guðmundsson


Bridget Ýr McEvoy


Haraldur Erlendsson

**Frummælendur:**

Hólmfríður Margrét Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur M.Sc.
**Að meðhöndla hið stóra í gegnum hið smáa**

Arnbjörg K. Konráðsdóttir, kundalini jógakennari, jógískur ráðgjafi, bowentæknir og heilari.
**Hugleiðsla og jógaiðkun til lífs í jafnvægi**

Arnbjörg Linda Jóhannsdóttir, Dip.phyt. Lic.ac
**Viðbrögð líkamanns við tilfinningalegu áreiti**

Anna Ottesen, sjúkraþjálfari B.Sc.
**Heilsan í öngstræti – hvað er til ráða?**

Sveinn Guðmundsson, doktorsnemi í mannfræði við HÍ
**Læknar, hjúkrunarfræðingar og heildræn heilsa**

Bridget Ýr McEvoy, verkefnisstjóri í hjúkrun á HNLFÍ
**Gjörhygli og slökun**

**Fundarstjóri:** Haraldur Erlendsson yfirlæknir á HNLFÍ

**Fyrirspurnir og pallborðsumræður – Hollar veitingar í hléi**

Allir velkomnir.
Aðgangseyrir kr. 2.000.
Frítt fyrir félagsmenn

NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAG ÍSLANDS NLFÍ

Berum ábyrgð á eigin heilsu





SAFT

RÆDDU UM ÞÁ ÁHÆTTU SEM FYLGIR ÞVÍ AÐ HITTA NETVINI

Heimili og skóli

www.saft.is




**GULLBRÚÐKAUP** Jónsmessunótt er kolsvört kómedía þar sem segir frá afdrifaríku gullbrúðkaupi, þar sem fjölskyldufaðirinn reynir að endurskrifa fjölskyldusöguna með þeim afleiðingum að upp úr sýður. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Gullbrúðkaup endar í tilfinningalegri rússíbanareið

**Leikritið Jónsmessunótt eftir Hávar Sigurjónsson verður frumsýnt í Kassa Þjóðleikhússins í kvöld.**

„Þetta er mjög flott verk frá hendi höfundar, leikandi létt en hefur um leið marga fleti og býður upp á margar tengingar við íslenskan samtíma," segir Harpa Arnardóttir, leikstjóri Jónsmessunætur, nýs leikrits eftir Hávar Sigurjónsson sem frumsýnt verður í Kassanum í Þjóðleikhúsinu í kvöld.

Verkinu lýsir Harpa sem kolsvartri kómedíu um íslenska fjölskyldu sem kemur saman í sumarbústað til að fagna gullbrúðkaupi elstu kynslóðarinnar. Í verkinu er sögð saga fjölskyldunnar, sem endurspeglar samfélagið sem hún hefur lifað í. Fjölskyldufaðirinn vill endurskrifa sögu fjölskyldunnar og í uppsiglingu eru átök um völd og eignir og uppgjör á milli einstaklinganna er óumflýjanlegt.

### JÓNSMESSUNÓTT

**Höfundur:** Hávar Sigurjónsson.
**Leikarar:** Kristbjörg Kjeld, Arnar Jónsson, Þorsteinn Bachmann, Atli Rafn Sigurðarson, Edda Arnljótsdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Maríanna Clara Lúthersdóttir.
**Leikmynd:** Finnur Arnar Arnarson.
**Búningar:** Kristína Berman.
Lýsing: Ólafur Ágúst Stefánsson.
Tónlist: Vala Gestsdóttir.
**Leikstjóri:** Harpa Arnardóttir.

„Þarna leysast úr læðingi fjölskyldubönd sem eru bæði ógnvænleg og meinfyndin og brúðkaupsafmælið, sem átti að verða létt og skemmtilegt, endar í allsherjar rússíbanareið."

Fjölskyldan í verkinu endurspeglar um margt íslenskt samfélag í dag. „Þess vegna eru ný íslensk leikverk svo mikilvæg," segir Harpa. „Þau eru sprottin úr okkar samtíma og segja svo margt um ástandið í dag. Þess vegna er svo mikilvægt að hlúa að leikskáldum."


**HARPA ARNARDÓTTIR**

Þetta er í fyrsta sinn sem Harpa leikstýrir verki í Þjóðleikhúsinu.

„Ég er fyrst og fremst leikkona en hef leikstýrt inn á milli í gegnum tíðina og hef sífellt meira gaman af því." Hún er hæstánægð með leikhópinn, sem og aðra sem að verkinu koma.

„Þetta eru stórkostlegir listamenn og algjörlega frábært að fá að vinna í svona stórum listrænum faðmi. Vinnuferlið er mjög opið og allir taka virkan þátt í sköpuninni. Mér þykir sjálfri mjög gott að vinna í opnu, skapandi og dýnamísku ferli."

bergsteinn@frettabladid.is

# Horfin verk Kristins Péturssonar til sýnis

Tómið nefnist myndlistarsýning sem verður opnuð í Listasafni Árnesinga á laugardag. Undirtitillinn er „Horfin verk Kristins Péturssonar" en þar verður sjónum beint að þeim verkum sem Kristinn (1896-1981) vann að síðustu æviárin. Sýningin er unnin í samstarfi við Listasafn ASÍ en sýningarstjóri er Markús Þór Andrésson.

„Kristinn skildi eftir sig töluvert magn verka," segir Markús. „Mörg eru varðveitt á Listasafni ASÍ en öðrum var hent á haugana. Ég er að leika mér að skoða þau verk sem var hent í ljósi þeirra verka sem varðveittust. Ég notast þá helst við skissur, dagbækur og örfáar ljósmyndir í þessum verkum sem eru horfin. Þetta voru mest þrívíð verk, skúlptúrar og innsetningar, en líka nokkrar teikningar og málverk sem gefa hugmynd um hversu framúrstefnulegar hugmyndir hann var að fást við undir það síðasta."

Markús segir að ævistarf Kristins skiptist í þrennt. Hann hafi byrjað í landslagsmyndum, þróast yfir í súrrealískari verk áður en hann tók að fást við innsetningar og staðbundna list. „Þetta voru hugtök sem enginn var að pæla í hér á landi á þeim tíma og má geta sér til að hann hafi verið að kallast beinlínis á við strauma og stefnur út í heimi." Kristinn hélt sína síðustu sýningu árið 1956 og Markús segir að af dagbókarbrotum megi ráða að honum hafi fundist hann útskúfaður. „En það má velta fyrir sér hvort hann hafi sjálfur átt þar hlut að máli. Hann virðist hins vegar fyrst og fremst hafa verið upp á kant við jafnaldra sína og maður fær á tilfinninguna að ef hann hefði komist í samband við yngri kynslóðir, til dæmis SÚM-arana, hefði hann smellpassað við þann díalóg.



**MARKÚS BAK VIÐ STRIGA** Sýningarstjórinn mundar eitt af verkum Kristins Péturssonar.

Auk verka Kristins taka fjórir listamenn af yngri kynslóðinni þátt í sýningunni; Hildigunnur Birgisdóttir, Huginn Þór Arason, Sólveig Aðalsteinsdóttir og Unnar Örn. Þau sýna verk sem sett eru fram sem eins konar athugasemdir við þungamiðju sýningarinnar.


VERÐHRUN
Í OUTLET 10
MERKI FYRIR MINNA: DICKIES SUPREMEBEING CARHARTT BILLI BI ICHI MOSS EVERLAST SISTERS POINT...OG FLEIRI FLOTT MERKI
Herraúlpa: 7.995.-
Peysa: 2.995.-
Hettupeysa: 5.995.-
Peysa: 5.995.-
T-shirt: 3.995.-
Adidas peysa: 4.995.-
Dömuúlpur í miklu úrvali
Ný sending: 4.995.-
Úlpa: 6.995.-
Kápa: 7.995.-
Herrabuxur:
7.995.-
DIESEL
Dömubuxur:
1x 5.995.-
2x 9.995.-
Jakki: 3.995.-
Golla: 4 .995.-
Góðar stærðir
Skyrta: 2.995.-
Bolur: 1.995.-
Golla: 995.-
Bolur: 1.995.-
Skyrta: 2.995.-
Hettupeysur margir litir: 4.995.-
Jakki: 5.995.-
Kjóll: 2.995.-
Kjóll: 3.995.-
Vorum að taka upp æðislegar haustvörur...
+ + + OUTLET 10 + + +
merki fyrir minna
OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á facebook
OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

# Tímaskekkja í Nemendaleikhúsi Listaháskólans

Tímaskekkja nefnist fyrsta verkefni Nemendaleikhúss LHÍ í vetur og eru það nemendur á 3. ári í leikaranámi sem sýna. Þau hafa einnig samið verkið í sameiningu undir leiðsögn Unu Þorleifsdóttur. Verkið er hugleiðing um samskipti og sambönd kynjanna og hafa nemendur unnið að því síðustu sex vikur. Áhersla námskeiðsins hefur verið á vinnu með ólíkar samsetningar og sköpunaraðferðir við gerð leiksýninga, á ferli slíkrar vinnu og síðan vinnu við samsetningu og úrvinnslu efnis.

Nemendaleikhúsið er nú með öðru sniði en verið hefur í kjölfar breytinga á námi við leiklistar- og dansdeild LHÍ. Eftir sem áður er þó markmið Nemendaleikhússins að nemendur kynnist rekstri leikhúss og hafi tækifæri til þess að opna dyrnar og mæta áhorfendum. Áhorfendum verður í vetur boðið að sjá valin verkefni 3. árs nema leiklistar- og dansdeildar auk fullbúinna lokasýninga nemenda af öllum brautum deildarinnar.

- fsb



**SÝNA TÍMASKEKKJU** Nemendur á 3. ári í leikaranámi veturinn 2012-2013: Arnar Dan Kristjánsson, Arnmundur Ernst Backman, Elma Stefanía Ágústsdóttir, Hafdís Helga Helgadóttir, Hildur Berglind Arndal, Oddur Júlíusson, Salóme Rannveig Gunnarsdóttir, Thelma Marín Jónsdóttir, Þorleifur Einarsson og Þór Birgisson.






**HÖFUNDARKVÖLD** Michel Houellebecq, les úr verkum sínum í kvöld.

# Houellebecq ræðir skáldskap sinn

Franski rithöfundurinn Michel Houellebecq ræðir skáldskap sinn á höfundarkvöldi honum til heiðurs á Kaffi Sólon í kvöld.

Houellebecq, sem er einn þekktasti en jafnframt umdeildasti rithöfundur Frakklands, er staddur hér á landi til að kynna bók sína Kortið og landið sem kom nýlega út í íslenskri þýðingu Friðriks Rafnssonar. Á höfundarkvöldinu kynnir Friðrik Houellebecq stuttlega og ræðir svo við skáldið á frönsku en Torfi Tulinius mun túlka jafnóðum.

Friðrik og Houellebecq lesa jafnframt upp úr bókinni og Hallgrímur Helgason les þýðingar sínar á ljóðum skáldsins en í lokin verður boðið upp á spurningar úr sal. Dagskráin hefst klukkan 20. Viðtal við Michel Houellebecq birtist í Fréttablaðinu á næstu dögum.

# Abstrakt fyrir börn

**Ingibjörg Sigurjónsdóttir, myndlistarmaður og safnakennari hjá Listasafni Reykjavíkur, leiðbeinir börnum í listasmiðjunni „Málað á ferð“ á Kjarvalsstöðum á sunnudag.**

**Smiðjan er ætluð börnum á aldrinum sex til tíu ára í fylgd með fullorðnum. Þar verður unnið með hugtakið abstrakt og ýmis skemmtileg verkefni unnin þar sem áhersla er lögð á tjáningu, hreyfingu, liti, form og línur.**

**Smiðjan er sett upp í tengslum við sýninguna Ljóðheimar en þar er að finna listaverk eftir um 30 listamenn sem lögðu drög að frjálsri eða ljóðrænni abstraktlist á Íslandi þar sem áhersla var lögð á sjálfsprottna og einstaklingsbundna tjáningu. Dagskráin hefst klukkan 14.**

# Mahler sunginn í Salnum

Aðrir tónleikar vetrarins í Tíbrár-röð Salarins verða á laugardag. Að þessu sinni skyggnast Sesselja Kristjánsdóttir messósópran, Ágúst Ólafsson barítón og píanóleikarinn Eva Þyri Hilmarsdóttir inn í ævintýraheim Mahlers.

Á tónleikunum flytja þau safn laga eftir Gustav Mahler samin við texta úr safni þýskra þjóðkvæða sem ber heitið Des Knaben Wunderhorn eða Undralúður drengsins. Kvæðin eru eftir óþekkta höfunda en var safnað saman og þau gefin út af Achim von Arnim og Clemens Brentano í byrjun nítjándu aldar.

Textar þessara þjóðkvæða spila veigamikið hlutverk í mörgum frægustu verkum Mahlers. Kvæðin sem hann samdi laglínur við taka á öllum tilfinningaskala manneskjunnar en þeir fjalla um ástina, hermennsku, sársauka og sorg þó svo inn á milli séu glettnir textar. Sjálfur kallaði Mahler verkin Humoresken, Lieder und Balladen.



SESSELJA KRISTJÁNSDÓTTIR



EVA ÞYRÍ HILMARSDÓTTIR



ÁGÚST ÓLAFSSON

Á tónleikunum flytja Sesselja, Ágúst og Eva Þyri meðal annars lögin Wo die schönen Trompeten blasen, Urlicht og Wer hat dies Liedlein erdacht.

# Í gráum skugga

50 gráir skuggar, hin umtalaða metsölubók E.L. James, situr á toppi metsölulista Rannsóknarseturs verslunarinnar vikurnar 23. september til 6. október. Í næstu sætum koma Létta leiðin eftir Ásgeir Ólafsson og Stóra Disney-heimilisréttabókin. Þýddar kiljur fylla næstu sjö sæti, fyrir utan ljósmyndabókina Iceland Small World, sem er í 7. sæti.

Búast má við hræringum á sölulistum bóka næstu vikurnar því nú fer í hönd viðamesti útgáfutími íslenskra skáldsagna, en nú þegar eru komnar út bækur eftir höfunda á borð við Álfrúnu Gunnlaugsdóttur, Ólaf Gunnarsson, Eirík Örn Norðdahl og Kristínu Ómarsdóttur.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 11. október 2012**

### Félagsvist

**20.00** Félagsvist Rangæinga og Skaftfellinga fer fram í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178.

### Kvikmyndir

**20.00** Heimildarmyndin STEYPA verður sýnd í Flóru. Er myndin sýnd í tilefni sýningar Unnars Arnar Auðarsonar, Brotabrot úr afrekssögu óeirðar á íslandi: Fyrsti hluti, í Flóru.

### Uppákomur

**14.00** Alþjóðadagur verður haldinn á Háskólatorgi Háskóla Íslands. Kynntir verða möguleikar á námi í útlöndum. Fulltrúar frá ýmsum löndum og stofnunum verða á svæðinu.

### Málþing

**12.00** Forum Politica, málfundafélag stjórnmálafræðinema HÍ, efnir til málfundar um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Málfundurinn fer fram í stofu 104 í Háskóla Íslands og er öllum opinn.

### Tónlist

**12.15** Þýski píanóleikarinn Thomas Hell flytur rómantískt 19. aldar píanóverk á þriðju tónleikum tónleikaraðarinnar Líttu inn í hádeginu í Salnum, Kópavogi. Miðaverð er kr. 1.000.

**18.00** Söngkonur stríðsáranna, tónleikar Kristjönu Skúladóttur, fara fram í Iðnó.

**20.30** Varsjárbandalagið heldur tónleika í Víkinni sjóminjasafni. Á efnisskránni verða lög af ýmsum toga og aðgangseyrir er kr. 1.500.

**21.00** Jack Magnet Quintet spilar á Græna Hattinum. Miðaverð er kr. 2.500.

**21.00** Hljómsveitin Árstíðir heldur tónleika á Café Rosenberg.

**22.00** Bítladrengirnir blíðu leika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8 í 100. skiptið. Gestir verða Andrea Gylfadóttir, Gunnar Þórðarson, Gísli Helgason og Þór Breiðfjörð. Þetta verða lokatónleikar Bítladrengjanna þetta árið og er aðgangseyrir kr. 1.500.

**22.00** Hljómsveitirnar Godchilla, Skelkur í bringu og Sindri Eldon and the Ways spila á rokktónleikum á Bakkus. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Kreppukvöld verður haldið á Bar 11. DJ mætir í búrið.

**22.00** Tilbury koma fram á nýrri tónleikaröð, Heineken Music, á Slippbarnum, Hótel Marina. Það eru Heineken og Gogoyoko sem standa fyrir tónleikaröðinni og er aðgangur ókeypis.

### Fyrirlestrar

**15.00** Dr. Rüdiger Rupp heldur fyrirlestur um tækniaðstoð fyrir mænuskaddað fólk. Fyrirlesturinn fer fram í stofu M103 í Háskólanum í Reykjavík.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**









**ALL WE CAN BE** með Bigga Hilmars er plata vikunnar ★★★
*„Biggi úr Ampop með ágæta sólóplötu í ætt við fyrri verk.“* - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Feit hiphop-veisla á Airwaves*

Hiphop-kvöld undir merkjum Kronik er fastur liður á Iceland Airwaves-hátíðinni. Þau hafa oft verið góð, en í ár er dagskráin þétt-ari en stundum áður. Það eru tvær sveitir frá Seattle sem eru stærstu númerin, en að auki koma fram Úlfur Úlfur, Emmsé Gauti, hinn sjóðheiti Gísli Pálmi og nýja bandið hans Sölva Blöndal og Tiny úr Quarashi, Halleluwah.

Seattle-sveitirnar eru THEESatisfaction og Shabazz Palaces. Sú síðarnefnda átti eina af bestu plötum síðasta árs, Black Up. Hún er skipuð þeim Ishmael Butler, sem einu sinn var í Digable Planets, og Tendai Maraire. Tónlistin sem þeir leika er framsækið og ferskt hiphop, en líka svalt og afslappað. Shabazz Palaces byrjaði árið 2009. Þeir félagar höfðu gefið út tvær EP-plötur þegar Sub Pop-útgáfan bauð þeim samning. Sun Pop er mikið rokkmerki, enda er Shabazz Palaces fyrsta hiphop-sveitin sem útgáfan gerir samning við.



**GÓÐAR** Stasia Iron og Catherine Harris-White skipa dúettinn THEESatisfaction sem kemur fram á Þýska barnum 1. nóvember.

Í tveimur lögum á Shabazz Palaces-plötunni eru gestasöngkonurn-ar Stasia Iron og Catherine Harris-White, öðru nafni THEESatis-faction. Þær vöktu það mikla athygli með frammistöðu sinni á plöt-unni að Sub Pop gerði samning við þær líka og fyrsta platan þeirra awE NaturalE kom út í mars. Tónlist THEESatisfaction er mjög flott líka, en hún er nær nýsálartónlist Erykuh Badu en tónlist Shabazz Palaces. awE NaturalE hefur fengið frábæra dóma.

Það er fullt af flottri tónlist úti um allan bæ á Airwaves 2012, en Kronik-kvöldið er, a.m.k. á pappírunum, eitt alsterkasta kvöldið í ár.

## Í SPILARANUM



Tame Impala - **Lonerism**



Stuðmenn og Grýlurnar - **Astralterta**



Jóhann Jóhannsson **Copenhagen Dreams**




# Minna myrkur, meiri gleði

**Hin bandaríska Cat Power gaf fyrir skömmu út sína níundu plötu. Þar blandar hún sálar- og blústónlist saman við elektróník.**

Níunda hljóðversplata bandarísku tónlistarkonunnar Cat Power, Sun, kom út fyrir skömmu en sex ár eru liðin frá síðustu plötu hennar ein-göngu með nýju efni.

Í þetta sinn blandar hún aðal-lega saman sálar- og blústónlist við elektróník. Sjálf hefur Cat Power sagt að daðrið við myrkrið sé minna en áður, í staðinn komi meiri birta, gleði og trú á eigin framtíð eins og nafnið Sun gefur til kynna.

Hún samdi, spilaði og tók upp nýju plötuna upp á eigin spýtur. Upptökur stóðu yfir í þrjú ár og fóru fram á fjórum stöðum, þar á meðal í hljóðveri sem hún smíðaði sjálf í borginni Malibu. Iggy Pop hinni eini og sanni kemur við sögu í hinu átta mínútna langa Nothin‘ But Time og í laginu Peace and Love vitnar hún í söngkonuna Ninu Simone, „Peace and love is a famous generation“.

Cat Power heitir réttu nafni Charlyn Marie Marshall og fædd-ist í Atlanta í Georgíuríki árið 1972. Tvítug flutti hún til New York-borgar og fjórum árum síðar komu Steve Shelley úr rokksveit-inni Sonic Youth og Tim Foljahn úr Two Dollar Guitar auga á hana á tónleikum. Þeir hvöttu hana til dáða og spiluðu á fyrstu tveimur plötum hennar. Árið 1996 samdi Cat Power við útgáfuna Mata-dor sem gaf út þriðju plötu henn-ar, What Would the Community Think, þar sem Shelley stjórnaði upptökum. Þar hristi hún saman rokki, blús- og þjóðlagatónlist í krassandi kokkteil við góðar und-irtektir gagnrýnenda. Næsta plata, Moon Pix, fékk enn betri viðtökur og vakti mikla athygli á henni hjá indírokkurum. Grönsararnir Dave Grohl og Eddie Vedder voru gest-ir á næstu plötu hennar með nýju efni, You Are Free, ásamt Warren Ellis úr Dirty Three, og á þeirri næstu, The Greatest, var sálar-tónlist áberandi. Cat Power hefur gefið út tvær plötur sem hafa nær eingöngu verið með tökulögum, þá síðustu fyrir fjórum árum.

Gagnrýnendur hafa yfirleitt verið mjög hliðhollir Cat Power og sú er einmitt raunin með Sun. Roll-ing Stone og The Guardian gefa henni fjórar stjörnur og vefurinn Pitchfork 7,9 af 10 mögulegum. Cat Power fylgir plötunni eftir með tónleikaferð um Bandaríkin í október og nóvember og eftir það verður förinni heitið til Evrópu.

**freyr@frettabladid.is**



**CAT POWER** Níunda plata bandarísku tónlistarkonunnar er nýkomin út.
NORDICPHOTOS/GETTY

## FYRSTA PLATAN SEM KEMST Á TOPP TÍU

Sun er fyrsta plata Cat Power sem kemst inn á topp tíu á bandaríska Billboard-listanum. Hún náði tíunda sætinu sem er tveimur sætum ofar en sú síðasta, Jukebox, komst. Frakkar hafa verið mjög hrifnir af Cat Power í gegnum árin því báðar þessar plötur hafa náð inn á topp tíu þar í landi. Bretar eiga aftur á móti enn eftir að kveikja fyrir alvöru á tónlistarkonunni og náði Sun til að mynda aðeins 33. sæti á breska listanum.

## LAGALISTINN
Vikuna 27. september - 3. október 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Retro Stefson | *Glow* |
| ▶ | 2 | Muse | *Madness* |
| ▲ | 3 | Valdimar | *Sýn* |
| ▲ | 4 | Mumford & Sons | *I Will Wait* |
| ▼ | 5 | Ásgeir Trausti | *Leyndarmál* |
| ▲ | 6 | Ragnar Bjarnason / Jón Jónsson | *Froðan* |
| ▲ | 7 | Magni | *Augnablik* |
| ▼ | 8 | Philip Phillips | *Home* |
| ▼ | 9 | Moses Hightower | *Sjáum hvað setur* |
| ▲ | 10 | Of Monsters and Men | *Mountain Sound* |

## TÓNLISTINN
Vikuna 27. september - 3. október 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ✱ | 2 | Stuðmenn | *Astralterta* |
| ▲ | 3 | Retro Stefson | *Retro Stefson* |
| ▼ | 4 | Of Monsters and Men | *My Head Is an Animal* |
| ✱ | 5 | Muse | *The 2nd Law* |
| ✱ | 6 | Biggi Hilmars | *All We Can Be* |
| ▼ | 7 | Moses Hightower | *Önnur Mósebók* |
| ▶ | 8 | Sigur Rós | *Valtari* |
| ▶ | 9 | Ojba Rasta | *Ojba Rasta* |
| ▼ | 10 | Eivör | *Room* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymunds-son, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is


ÚTILÍF
KALT ER ÚTI
LÁTTU ÚLPUNA KLÆÐA
AF ÞÉR KÓLNANDI VEÐUR
ÚRVAL AF ÚLPUM FRÁ
THE NORTH FACE, ZO-ON, HELLY HANSEN,
DIDRIKSONS, QUIKSILVER OG ROXY.
THE NORTH FACE
ZO•ON ICELAND
HELLY HANSEN
DIDRIKSONS1913
QUIKSILVER
ROXY

bio@frettabladid.is



**SAMANTHA GEIMER** Konan sem leikstjórinn Roman Polanski nauðgaði þegar hún var þrettán ára gömul tilkynnti nýlega að hún hygðist gefa út ævisögu sína. Bók hinnar 47 ára gömlu Geimer mun heita „The Girl: Emerging from the Shadow“ og er útgáfa áætluð næsta haust.



**LOVE IS ALL YOU NEED** Pierce Brosnan og Trine Dyrholm fara með aðalhlutverkin í dönsku myndinni Love Is All You Need, eftir Óskarsverðlaunahafann Susanne Bier.

# Svartur raunveruleiki eða vongóð kómedía

Auk myndarinnar End of Watch, sem er fjallað um hér á síðunni, eru tvær kvikmyndir frumsýndar í bíóhúsum landsins um helgina.

Fyrst ber þar að nefna íslensku glæpamyndina Blóðhefnd. Myndin er eftir Ingo Ingolfsson og skartar, auk hans, þeim Eyjólfi Ingólfssyni og Alexander Ágústssyni í aðalhlutverkum. Hún fjallar um mansal á Íslandi og segir frá ungum manni sem flækist inn í glæpagengi og það hvernig þátttaka hans í undirheimum hefur áhrif á alla fjölskyldu hans.

Bond-leikarinn Pierce Brosnan snýr aftur á hvíta tjaldið um helgina í dönsku gamanmyndinni Love Is All You Need. Á móti honum leikur danska leikkonan Trine Dyrholm. Myndin er eftir Óskarsverðlaunaleikstýruna Susanne Bier og hefur hlotið mikið lof fyrir að vera á fyndin, fáránleg og falleg. Myndin er að mestu leyti leikin á dönsku, þó að Brosnan hafi ekki þurft að hafa fyrir því að læra tungumálið því hann heldur sig bara við eigið móðurmál.

# Orðaður við Óskarinn

Myndar Bens Affleck, Argo, er beðið með nokkurri eftirvæntingu en myndin verður frumsýnd vestanhafs á morgun. Affleck bæði leikur og leikstýrir myndinni, sem talin er líkleg til verðlauna á Óskarsverðlaunahátíðinni á næsta ári.

Myndin er lauslega byggð á sannsögulegum atburðum og fjallar um hvernig bandaríska leyniþjónustan aðstoðar sex diplómata við að flýja frá Íran þegar byltingarsinnar hafa tekið yfir sendiráðið. Ásamt Affleck eru þeir Alan Arkin, Bryan Cranston og John Goodman meðal leikara í myndinni.

Gagnrýnendur eru enn sem komið er jákvæðir í garð Argo, sem fær fullt hús stiga frá Entertainment Weekly og Boxoffice.



**BEN AFFLECK** Myndar hans, Argo, er beðið með nokkurri eftirvæntingu.



**BESTU VINIR** Vinirnir og félagarnir Brian Taylor og Mike Zavala berjast saman gegn glæpum Los Angeles í myndinni, sem hefur hlotið mikið lof.

# Lögguhasar og læti í L.A.

**Hasarmyndin End of Watch verður frumsýnd um helgina. Myndin hefur hlotið gríðarlega góða dóma og lofar miklum hasar og látum.**

**85%** End of Watch fær einkunnina 85% á vefnum Rotten Tomatoes.

Jake Gyllenhaal og Michael Peña fara með aðalhlutverkin í myndinni. Þeir leika bestu vini og félaga í lögreglunni í Los Angeles, þá Brian Taylor og Mike Zavala.

Taylor og Zavala starfa á einu hættulegasta og harðasta svæði í Los Angeles og þurfa þar að eiga við harðsvíraða glæpamenn á hverjum degi. Taylor, leikinn af Gyllenhaal, er á kvikmyndanámskeiði samhliða vinnunni og nýtir þá atburði og þau viðfangsefni sem hann þarf að takast á við sem efni í mynd sem hann er að vinna að á námskeiðinu. Þeir félagar eru því með upptökuvél falda á sér, auk þess sem slíka er að finna í bifreið þeirra, og taka þær upp daglegt líf þeirra. Stór hluti af kvikmyndatökunni í End of Watch er þannig að svo virðist sem þessar áföstu myndavélar séu notaðar til verksins og fá áhorfendur nánara innlit inn í daglegt líf þeirra félaga, bæði úti á götunni og heima í faðmi fjölskyldunnar.

Í starfi sínu á hverjum degi lenda þeir Taylor og Zavala í ótrúlegustu hlutum. Jafnvel það sem í fyrstu lítur út fyrir að vera hið minnsta mál verður oft mun stórvægilegra þegar á hólminn er komið. Þegar þeir óvart ramba inn í aðstæður sem gera þá að helsta skotmarki helstu gengja svæðisins er þó voðinn vís.

Myndin hefur vakið mikla athygli og fengið gríðarlega góða dóma. Sem dæmi má nefna að hin mikils virta síða Rotten Tomatoes, sem er ekki þekkt fyrir að skafa utan af hlutunum, gaf henni 85% í einkunn og 91% þeirra sem kusu þar á síðunni sögðu myndina góða. Þeir Gyllenhaal og Peña þykja ná einstaklega vel saman og myndin sýna hinn kalda raunveruleika undirheima vel.

tinnaros@frettabladid.is


ez sleep
30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING
Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Rúm Gott Classic
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: 190.049
Tvíbreitt - verð frá: 346.995
Allt að 178.956 kr. AFSLÁTTUR

Rúm Gott Draumey
Íslenskt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: 70.224
Tvíbreitt - verð frá: 129.360
Allt að 61.129 kr. AFSLÁTTUR

Rúm Gott Draumur
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt - verð frá: 131.985
Tvíbreitt - verð frá: 228.488
Allt að 111.423 kr. AFSLÁTTUR

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: 16.732 kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: 30.268 kr. á mán.

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: 6.397 kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: 11.497 kr. á mán.

12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
Einbreitt rúm, verð frá: 11.724 kr. á mán.
Tvíbreitt rúm, verð frá: 20.047 kr. á mán.

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM
Smiðjuvegi 2 · Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16
Löggiltir dýnuframleiðendur
– Starfandi í 60 ár

# Rokka

## TILBOÐ Á HANNYRÐAVÖRUM DAGANA 11. - 13. október



**Ragg sokkagarn**
**423,kr.**
verð áður 498,-




**Smart**
**496,kr.**
verð áður 584,-



**Baby garn**
**626,kr.**
verð áður 695,-



**Léttlopi**
**198,kr.**
verð áður 243,-



**Álafoss lopi**
**348,kr.**
verð áður 398,-




**Woolcott**
**499,kr.**
verð áður 588,-



**Knit Pro prjónar**
**9.985,kr.**
verð áður 11.166,-



**Prjónataska**
**6.995,kr.**
verð áður 7.480,-



**30%**
**afsláttur**
af öllum LOPA-blöðum
nema nr.32



Heklu- og skrautgarn í jólaföndrið
Mikið úrval





**50%**
**afsláttur**
af öllum prjónablöðum frá
Tinnu nema nr.52

Rokka

Taktu þátt í einföldum og skemmtilegum leik þar sem þú skilar inn þessum miða. 3 heppnir vinningshafar verða dregnir út á hverjum degi 11. - 13. okt. Vegleg prjónapakkning er í verðlaun.

Nafn: ______________________________

Netfang: ______________________________

Sími: ______________________________

Með því að skrá netfangið, skráir þú þig á póstlista Fjarðarkaupa

VISA | FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - **Tilvalið gjafakort** | **Tilboð gilda 11. - 13. október** | FK

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga www.FJARDARKAUP.is

FJARÐARKAUP

# lífsstíll

lifsstill@frettabladid.is



**A-VÍTAMÍN** er helsta næringarefnið í sætum kartöflum, en þær eru sérstaklega góðar fyrir þungaðar konur og konur með barn á brjósti. Einnig stjórna þær blóðsykrinum og eru því góðar fyrir fólk með sykursýki.



**NÝJUNG** Facebook-vestið „Like-A-Hug“.

## Vesti sem faðmar þig

**TÆKNI** Nemendur MIT-háskólans hafa hannað sérstakt vesti sem lætur þann sem því klæðist vita þegar vinur viðkomandi á Facebook líkar við stöðuuppfærslu á samskiptasíðunni. Vestið, sem er kallað „Like-A-Hug“, blæs út líkt og björgunarvesti þegar „lækað“ er og er tilfinningin er sögð í líkingu við faðmlag.

Melissa Kit Chow, aðalhönnuður samskiptaflíkurinnar, segir vestið tilraun til að lágmarka sársauka sem fylgir fjarbúð og skora á hólm takmarkanir myndbandssamtala á vefnum, eins og Skype. Sá sem klæðist vestinu getur svo endurgoldið greiðann með því að kreista flíkina, sem tæmir úr henni loftið og sendir um leið faðmlag til baka. Enn er vestið einungis hugsað sem verkefni og verður ekki sett í almenna sölu.

# ALLT UM HÁR Í EINNI BÓK

**Theodóra Mjöll Skúladóttir Jack miðlar visku sinni um hár og hárumhirðu í bókinni Hárið. Þar er að finna yfir 70 uppskriftir að hárgreiðslum en ljósmyndarinn Saga Sig sá um myndskreytingar.**

**TÍSKA** „Mér fannst vanta almennilega bók sem kennir hárgreiðslur og hárumhirðu á markaðinn,“ segir Theodóra Mjöll Skúladóttir Jack, hárgreiðslukona og nemi í vöruhönnun í Listaháskóla Íslands, en hún á heiðurinn að bókinni Hárið sem er væntanleg í lok næstu viku.




Hárið inniheldur uppskriftir að yfir 70 hárgreiðslum, allt frá venjulegu tagli í árshátíðargreiðslur. Einnig er ýtarlegur kafli í byrjun bókarinnar þar sem öllum spurningum um hár og hárumhirðu er svarað.

Hugmyndin að bókinni spratt er Theodóra var að vinna sem hárgreiðslukona hjá Rauðhettu og Úlfinum. „Þegar ég var að vinna á stofunni eyddi ég alltaf miklum tíma í að svara spurningum kúnnanna minna varðandi hárumhirðu og kenndi þeim að flétta og krulla hárið. Þá fór ég að spá af hverju það væri ekki til bók þar sem öllum þessum spurningum væri svarað og gæfi einfaldar uppskriftir að flottum hárgreiðslum.“

Theodóra leggur áherslu á að allar uppskriftirnar í bókinni séu einfaldar og fyrir alla að leika eftir. „Ég eyddi miklum tíma í að einfalda hárgreiðslurnar svo að allir gætu skilið og prufað sig áfram. Svo er ég líka með nokkrar uppskriftir að barnahárgreiðslum fyrir foreldrana að læra.“

Theodóra fékk til liðs við sig ungt fagfólk við gerð bókarinnar. Ljósmyndarinn Saga Sig sá um að taka þær fimm hundruð myndir sem prýða bókina og förðunarmeistarinn Ísak Freyr Helgason mundaði penslana. Stúlkurnar hjá auglýsingastofunni Undralandið sáu svo um útlit og uppsetningu bókarinnar. „Ég var ekkert smá heppin með samstarfsfólk. Mig langaði að fá unga og efnilega listamenn til liðs við mig og gefa þeim um leið tækifæri til að láta ljós sitt skína.“

Theodóra segir bókina vera skyldueign á hvert heimili enda mikilvægt að hugsa vel um hárið sitt. „Ég vona að ég geti komið af stað vitundarvakningu varðandi hárumhirðu. Hár er svo stór partur af okkur og mikilvægt að hugsa vel um það.“

alfrun@frettabladid.is



**FYRIR ALLA AÐ LÆRA** Bókin Hárið inniheldur almennan fróðleik um hárumhirðu sem og uppskriftir að 70 hárgreiðslum sem allir geta lært en hárgreiðslukonan Theodóra Mjöll Skúladóttir á heiðurinn að bókinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON








**GIRNILEGUR KONFEKTMOLI** Ef við ætlum að frelsa upplifun kvenna í kynlífi byrjum við á unaðsstaðnum.

## Ímyndarherferð píkunnar

**KYNLÍF** Ég sá píkuna í nýju ljósi um daginn. Það var ekki svo að ég hefði spennt hana upp með goggi og stungið inn vasaljósi (þó að vissulega sé það hugmynd fyrir áhugasama um leggöng). Ég sá hana í súkkulaðilíki. Í öllu sínu veldi sem smartan og girnilegan konfektmola. Við það að sjá hana svona tignarlega þá kviknaði hjá mér hugmynd.

Umfjöllun um píkuna er oft sú að hún sé ljót og orðið píka sé leiðinlegt og óþægilegt. Við sjáum aldrei ljósmyndir af henni og vitum í raun ekkert hvernig hún lítur út. Ég hélt lengi vel að ég væri með litríka diskópíku eftir að hafa lært um fjólubláá leggöng, appelsínugula eggjaleiðara og grænt leg. Svo er þetta allt bara bleikt! Þvílíkt svindl.

Píkan þarf að fara í smá ímyndarherferð. Hún þarf að sýna á sér fleiri hliðar og fræða landann um mikilvægi sitt sem og skemmtanagildi. Við myndum byrja á því að fá konur til að föndra píkur úr mismunandi efnum. Þannig vinnum við með fyrirframgefnar hugmyndir. Svo kæmum við okkur vel fyrir og myndum skoða hana. Fyrst með spegli en svo í þrívídd. Konur gætu rannsakað hana og snert án þess að hafa áhyggjur af viðbrögðum hennar við snertingunni. Þá gætum við leikið okkur með formið út frá fleiri sjónarhornum. Við myndum svo fræðast saman um hvernig píkan lifir og starfar. Sögulegt samhengi hennar er einnig mikilvægt því það varpar ljósi á ýmsar hliðar kynlífs, eins og af hverju konur virðast byrja seinna að stunda sjálfsfróun og stunda hana sjaldnar heldur en karlar. Svo er talað um að konur hafi minni löngun til kynlífs og að lausnin felist í sjúkdómsvæðingu og pillum. Við stelpur eigum ekki að láta bjóða okkur upp á slíkt og ættum því taka málin í eigin hendur.

Vissulega er þetta hluti af stærri draumi þar sem öll þessi verk væru dregin saman í magnað píkusafnið þar sem karlar og konur gætu fræðst nánar um undraverkið sem píkan er og þar með fræðst um það sem við hinar nú þegar vitum.

Þér finnst þetta kannski algjör óþarfi, hvern langar að leika við píkuna í félagsskap annarra kvenna? Staðreyndin er samt sú að konur þekkja ekki píkuna sína, skilja hana hvorki né sinna. Ef við ætlum að frelsa upplifun kvenna í kynlífi byrjum við á unaðsstaðnum. Ég í raun sé fyrir mér að hér megi skella saman föndri og konfektgerð fyrir jólin. Hver er með mér?

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**

Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.

kynlif@frettabladid.is




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BESTU KAUPIN Í KJÚKLINGABRINGUM Í BÓNUS
KYCKLINGFILÉ
STYCKFRYSTA, KÖTTHALT 80%
900 g
FROSNAR 900 GR
KJÚKLINGABRINGUR
1498 KR.PK
1259 KR.KG
ROÐ OG BEINLAUS SJÓFRYST ÝSUFLÖK
HAUST SLÁTRUN 2012
BÓNUS
1389 KR.KG
AF NÝSLÁTRUÐU FERSKT LAMBALÆRI
ISIO4 MATAROLÍA
20% MEIRA MAGN- SAMA VERÐ
545 KR. 1,2 LTR
FULLELDAÐ
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
HAUST SLÁTRUN 2012
BÓNUS
1879 KR.KG
AF NÝSLÁTRUÐU FERSKUR LAMBAHRYGGUR
MJÚKAR KRINGLUR
4 STK. ALLTAF NÝBAKAÐAR
198 KR. 4 STK.
FISKBITAR Í RASPI
ÞARF AÐEINS AÐ HITA !
798 KR. 800 GR
ØKONOMIKØB - 68 VASKE
Neutral
STORVASK
0% optisk hvidt
0% farvestoffer
0% parfume
HVER ÞVOTTUR AÐEINS 38 KR.
2598 KR.
398 KR.
598 KR.
jordbær
STRAWBERRIES
JORDGUBBAR
1200 g
HEIMILISBRAUÐ
MYLLU HEIMILISBRAUÐ
259 KR. 770 GR
ÞVOTTAEFNI 68 ÞVOTTAR 2598 KR.
FLJÓTANDI HANDSÁPA 300 ML. 398 KR.
STURTUSÁPA 1 LTR. 598 KR.
Neutral
FROSINN JARÐARBER
Í SMOOTHIE DRYKKINN
459 KR. 1.2 KG
ÍSLANDS NAUT
VINSÆLASTA HAKKIÐ Í BÓNUS
GERÐU SPAGEHTTI BOLOGNESE HEIMA: UPPSKRIFT Á BONUS.IS/UPPSKRIFTIR
Barilla
SPAGHETTI n.5
1Kg
ÍSLANDSNAUT
UNGNAUTAHAKK 100% KJÖT
1498 KR.KG.
BARILLA SPAGHETTI N.5
COTTURA 8 MINUTI /1 KG.
245 KR. 1 KG.
BÓNUS BAGUETTE
BRAUÐ ALLTAF NÝBÖKUÐ
129 KR. STK..
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu vefutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

popp@frettabladid.is



**36 ÁR** fyllir leikkonan Emily Deschanel í dag. Hún er þekktust fyrir hlutverk sitt sem Temperance „Bones“ Brennan í þáttunum Bones. „Allt sem ég veit um andlitsfarða og pjatt lærði ég af systur minni,“ lét hún hafa eftir sér eitt sinn, en systir hennar er New Girl-leikkonan Zooey Deschanel.

# HVER ER ÞESSI LADY GAGA?

**Lady Gaga sneri öllu á hvolf á þriðjudaginn þegar hún lenti á Íslandi og tók við friðarverðlaunum Yoko Ono í Hörpunni. En hver er þessi manneskja og hvaðan kemur hún?**

Poppdívan Lady Gaga heitir réttu nafni Stefani Joanne Angelina Germanotta en kallar sig Lady Gaga eftir Queen-laginu Radio Gaga, enda mikill aðdáandi Queen.

Hún fæddist 28. mars 1986 í New York-borg. Hún gekk í kaþólskan stúlknaskóla áður en hún hóf tónlistarnám í New York, sautján ára gömul. Ung að aldri byrjaði Gaga að spila á píanó og semja lög þar sem áhrifavaldarnir voru glysrokkarar á borð við David Bowie og Freddie Mercury úr Queen, ásamt poppurum eins og Madonnu og Michael Jackson. Árið 2007 byrjaði hún að koma fram á klúbbum í New York undir nafninu Lady Gaga and the Starlight Revue ásamt vinkonu sinni Lady Starlight.

Útgáfufyrirtæki sáu fljótt að eitthvað var spunnið í Gaga. Hún komst í kynni við upptökustjórann Rob Fusari. Hann sendi lög sem hann hafði gert með Gaga til Vincents Herbert, eiganda Streamline Records, undirfyrirtækis Interscope Records, sem gerði við hana samning þar sem hún starfaði sem lagahöfundur. En eftir að popparinn Akon heyrði Gaga syngja fékk hann Interscope Records til að gera sameiginlegan útgáfusamning við Gaga og fyrirtæki sitt Kon Live og þar með var hún komin undir hans verndarvæng.

Gaga hóf að undirbúa eigin sólóferil og fyrsta smáskífulagið Just Dance kom út í apríl 2008 og í framhaldinu platan The Fame. Hún samdi öll lögin á þeirri plötu, meðal annars í samstarfi við Fusari. Miklar vinsældir Just Dance opnuðu leiðina fyrir næsta lag, Poker Face, sem varð risasmellur og skaut Lady Gaga upp á stjörnuhimininn. Á sama tíma þurrkaði hún út svo að segja alla samkeppni frá söngkonum á borð við Christinu Aguilera og Britney Spears, bæði með nýtískulegri tónlistinni, sem þó átti rætur að rekja til popps níunda áratugarins, og stórfurðulegum klæðaburðinum sem vonlaust hefur verið fyrir nokkurn annan að slá út.

Í dag er Lady Gaga vinsælasta söngkona heims og virðist hún ekki ætla að gefa hásætið eftir í bráð.



**SKRAUTLEG** Söngkonan Lady Gaga er þekkt fyrir skrautleg höfuðföt og frumlegan klæðaburð. NORDICPHOTOS/GETTY

# Snow Patrol bauð Sykri að „remixa”

Íslenska elektrósveitin Sykur hefur endurhljóðblandað lag norðurírsku og skosku popparanna í Snow Patrol, The Symphony, af síðustu plötu þeirra Fallen Empires. „Við vorum að spila á Barfly í Camden fyrir ári og hittum þar fyrir einn liðsmann Snow Patrol. Hann sá okkur spila og vildi ólmur að við endurhljóðblönduðum eitthvert lag af nýju plötunni þeirra,“ segir Halldór Eldjárn úr Sykri og á þar við söngvarann Gary Lightbody. Aðspurður segir hann meðlimi Sykurs ekki hafa kannast við söngvarann en það gerði umboðsmaður þeirra. „Við höfðum lítið heyrt um þessa hljómsveit en okkur skildist að hún væri mjög stór.“ Mikið er til í því, enda hefur Snow Patrol selt sex plötur sínar í yfir tíu milljónum eintaka um allan heim. Hann áttar sig á því að um mikinn heiður sé að ræða fyrir Sykur. „Það er gaman að geta tekið svona lag og sett það í einhvern allt annan búning, einhvern sem hentar vel inn í veturinn hérna heima.“ Spurður hvort lagið hafi ekki opnað dyr fyrir Sykri úti í hinum stóra heimi vonar Halldór það besta. „Það eru margir áhugasamir aðilar sem við bíðum í ofvæni eftir að tala við hér og þar í kjölfarið á þessu „remixi“. Netheimar hafa líka tekið við sér og fólk er að taka eftir þessu, sem er mjög gott.“ Sykur er að vinna að nýju efni og stefnir á spilamennsku erlendis á næstunni. Önnur plata sveitarinnar, Mesópótamía, kom út í október í fyrra en var gefin út á vínyl fyrir skömmu. freyr@frettabladid.is



**SYKRUÐ SINFÓNÍA** Hljómsveitin Sykur hefur endurhljóðblandað lagið The Symphony eftir Snow Patrol. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## SNOW PATROL SLÓ Í GEGN ÁRIÐ 2003

Snow Patrol sló í gegn með sinni þriðju plötu, Final Straw, sem kom út árið 2003. Hún seldist eins og heitar lummur í Bretlandi og samanlagt seldist hún í yfir þremur milljónum eintaka víðs vegar um heiminn. Næsta plata sveitarinnar, Eyes Open, kom út 2006. Hún hafði að geyma lagið Chasing Cars sem náði miklum vinsældum. Eyes Open fór á toppinn í Bretlandi og seldist í meira en sex milljónum eintaka um allan heim.

Heilunarnám
með Victor McWind
2012-2013



McWind heilunarnám tekur á fjölmörgum þáttum, m.a. höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun, orkumeðferðum og mjúkvefjameðferðum auk þess sem farið er í líffærafræði, svæðanudd og fleira. Námið er 190 klst. og tekur eitt ár. Námið gefur réttindi til að starfa sem McWind Therapeutic Healer/Bodyworker.

Kynning á náminu verður miðvikudaginn 17. okt. kl. 18:00 að Brekkutanga 34 í Mosfellsbæ. Allir velkomnir!

Umsjón með náminu hefur Victor McWind, sem hefur 25 ára reynslu af heilun auk þess að vera lærður í mjúkvefjanuddi. Victor hefur m.a. stundað nám við The Lung Ta Institute og BioSonic Institute. Hann starfaði hjá The Institute for Physical Therapy í New York og í Woodstock, en býr nú og starfar í Reykjavík. Nánari upplýsingar um námið er að finna á www.mcwindbodywork.com. Einnig má hafa samband við Victor í síma 690-7281 eða með tölvupósti: victor@mcwindbodywork.com.

Hvað segja útskriftarnemar okkar um námið?

Ég varð fimmtug á árinu og ákvað að gera eitthvað alveg sérstakt af því tilefni, eitthvað nærandi og skemmtilegt sem myndi skilja eftir einlæga gleði í sálinni.
McWind bodywork heilunarnám varð fyrir valinu. Og það er besta gjöf sem ég hef nokkurn tímann gefið sjálfri mér. Námið er krefjandi, en jafnframt mjög gefandi og skemmtilegt. Það sem ég lærði þarna á eftir að hafa varanleg áhrif á líf mitt til góðs. Og svo er alls ekki slæmt að vera heilt ár að fagna 50 ára afmælinu.

Kristrún Hermannsdóttir.

Ég var svo lánsöm að fara í þetta nám sem breytti miklu í mínu lífi. Victor kemur þessu mjög vel til skila, hjálpar manni að sjá hlutina í nýju ljósi og gefur manni tækifæri að fara í mikla sjálfsvinnu. Ég mæli eindregið með . þessu námskeiði sem er bæði skemmtilegt, fræðandi og opnaði fyrir mig hinn gefandi heim heilunar

Sólborg Erlendsdóttir

Victor hefur mikla hæfileika og er góður kennari. Heilunarnámið er áhugavert og árangursríkt og stjórnað af mikilli fagkunnáttu. Námskeið sem vert er að mæla með.
Steinunn Oddsdóttir



**SPENNT** Adele býr sig undir móðurhlutverkið, en hún á von á sér á næstu vikum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Slakar á fyrir fæðinguna

Söngkonan Adele er í óða önn þessa dagana að undirbúa fæðingu síns fyrsta barns. Söngkonan á von á sér á næstu vikum en er nú byrjuð að slaka á og undirbúa heimilið fyrir barnið ásamt unnusta sínum, Simon Konecki.

Adele er einnig með annað augað á vinsældalistunum. Lag hennar Skyfall kom út í síðustu viku, en lagið er titillag nýjustu James Bond-myndarinnar. Lagið hefur fengið góðar viðtökur, en það var leikarinn Daniel Craig sem vildi endilega að Adele syngi lagið. Hún hefur greint frá því að hún hafi verið hikandi við að taka verkefnið að sér enda mikil pressa sem fylgir því að syngja titillag James Bond-myndar. Lagið er það fyrsta sem Adele gefur frá sér síðan platan 21 kom út í byrjun árs 2011 og fékk frábærar viðtökur.

# GJÖFIN ÞÍN

## DAGANA 11. – 17. OKTÓBER
## Í DEBENHAMS

Glæsileg gjöf* fyrir þig ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 6.900 eða meira Í Debenhams dagana 11. – 17. október

# ESTĒE LAUDER GJÖF

**GJÖFIN INNIHELDUR:**
**Resilience Lift Creme SPF15** – dagkrem, 15ml
**Moisture Rich Foaming Cleanser** – froðuhreinsi, 30ml
**Silky Hydraring Lotion** – rakagefandi andlitsvatn, 50ml
**Advanced Night Repair** – viðgerðardropa, 7ml
**Pure Color Lipstick** – varalit, rose petal, fulla stærð
**Pure Color Gloss** – varagloss, tveir litir
**Sumptuous Extreme Mascara** – svartan maskara, 28ml
**Fallega snyrtitösku**

**Verðgildi gjafarinnar er ca. kr. 26.715.-**
* Meðan birgðir endast




Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS

Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á midi.is

VINSÆLASTA MYND LANDSINS!
ÞEIR LEITA HEFNDA... ...EN VÖLDU RANGAN MANN
LIAM NEESON TAKEN 2
FUGLABORGIN 3D

| SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5% | | |
|---|---|---|
| FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL KL. 4 | | L |
| TAKEN 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 16 |
| TAKEN 2 LÚXUS | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| DJÚPIÐ LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 | 10 |
| DREDD 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| RESIDENT EVIL | KL. 10.20 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 3.30 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 | 16 |
| THE WATCH | KL. 5.40 | 12 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| ROMEO AND JULIET BALLET KL. 7 | | L |
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| RESIDENT EVIL | KL. 10.30 | 16 |
| INTOUCHABLES | KL. 8 - 10.30 | L |

| BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| TAKEN 2 | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SAVAGES | KL. 10 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 6 - 8 | 10 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

SAMBÍÓIN SAMbio.is
Forsýning í Kringlunni í kvöld kl. 22.20
Stórkostleg! Besta löggumynd í mörg ár - Newsweek
Ein besta mynd ársins! - Boxoffice Magazine
100/100 „Besta mynd Jake Gyllenhaal á ferlinum" - R.Ebert Chicago Sun-Times
END OF WATCH
LOOPER
Liam Neeson er mættur aftur! Tvöfalt meiri spenna! TAKEN 2
LAWLESS
LEITIN AÐ NEMO 3D Með íslensku tali
SAVAGES

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| LOOPER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| LOOPER Luxus VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | VIP |
| SAVAGES | KL. 6 - 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| FINDING NEMO M/ísl. Tali | KL. 5:50 | 2D | L |
| LAWLESS | KL. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| CAMPAIGN | KL. 8:40 - 10:30 | 2D | 12 |
| BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:50 | 2D | 7 |
| BRAVE M/ísl. Tali | KL. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| TAKEN 2 | KL. 8 | 2D | 16 |
| LOOPER | KL. 10 | 2D | 16 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 2D | 7 |
| THE RAVEN | KL. 10:10 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| TAKEN 2 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| LOOPER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| SAVAGES | KL. 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| THE CAMPAIGN | KL. 6 | 2D | 12 |
| LAWLESS | KL. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| FINDING NEMO | KL. 5:40 | 3D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| END OF WATCH FORSÝN. | KL. 10:30 | 2D | 16 |
| LOOPER | KL. 8 - 10:30 | 2D | L |
| LEITIN AÐ NEMO | KL. 5:50 | 3D | 16 |
| BRAVE | KL. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| LOOPER | KL. 8 | 2D | 16 |
| LAWLESS | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 10:20 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁSBÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| TAKEN 2 | 8, 10 | 16 |
| FUGLABORGIN 3D | 6 | L |
| SAVAGES | 10.15 | 16 |
| DJÚPIÐ | 6, 8, 10 | 10 |
| INTOUCHABLES | 5.50, 8 | 12 |

ÍSL TEXTI! SÍÐUSTU SÝNINGAR!



RETRO STEFSON Gagnrýnandi Fréttablaðsins hlakkar til að sjá hvers konar viðtökur ný plata Retro Stefson fær úti í hinum stóra heimi alþjóðapoppsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Skref áfram til nýrra afreka

Tónlist ★★★★☆

**Retro Stefson**
Retro Stefson

**Record Records**

Þessi nýja plata Retro Stefson sem er samnefnd sveitinni er hennar þriðja, en jafnframt sú fyrsta sem krakkarnir sjö úr Austurbæjarskólanum taka upp eftir að þeir gerðu samning við Universal-plöturisann.

Fyrstu tvær plötur hljómsveitarinnar voru báðar mjög góðar. Sú fyrri, Montana, var frekar einfalt sambland af íslensku poppi og heimstónlist, en á plötu númer tvö, Kimbabwe, var hljómsveitin búin að þétta útsetningarnar og bæta áhrifum frá rafpoppi, rokki og danstónlist í blönduna.

Á nýju plötunni gengur hljómsveitin enn þá lengra í átt til rafpopps og danstónlistar. Hljómurinn er orðinn bæði dýpri og fágaðri og hljóðheimurinn er enn þá auðugri en áður. Þetta er nútímalegt popp með alþjóðlegu yfirbragði. Lagasmíðarnar eru misjafnar, en í flestum þeirra eru takturinn og söngmelódían mikilvægust.



Retro Stefson hefur aldrei átt í vandræðum með að semja grípandi lög og á nýju plötunni er nóg af þeim; Glow, Qween, Miss Nobody, Julia, She Said… Inni á milli eru svo öðruvísi lög sem auka á fjölbreytileikann og styrkja heildarsvipinn. Opnunarlagið Solaris er frábært, rólegt og stemningsfullt. (o) Kami tekur skemmtilega stefnu í miðju lagi og syntaópin í Time minna á einhvern gamlan „happy hardcore"-klúbbaslagara. Það leynist margt í þessum lögum. Útsetningarnar eru hugmyndaríkar, en auk sjömenninganna í hljómsveitinni koma nokkrir gestir við sögu, þ.á.m. tveir strengjaleikarar, Sigríður Thorlacius söngkona og Sigtryggur Baldursson slagverksleikari. Þá spila Hermigervill og Styrmir Hauksson á synta og slagverk, en þeir tveir stjórnuðu upptökum ásamt meðlimum hljómsveitarinnar.

Á heildina litið er þessi þriðja plata Retro Stefson flott framhald af síðustu plötu og skref áfram til nýrra afreka. Það verður gaman að sjá hvernig viðtökur hún fær úti í hinum stóra heimi alþjóðapoppsins. Það þarf líka að minnast á umbúðirnar, en fyrstu tvö þúsund eintökin koma í sérstöku umslagi sem er þannig hannað að þú getur valið hvaða meðlimur sveitarinnar prýðir framhliðina, og skipt honum út ef þér sýnist svo.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Sjömenningarnir í Retro Stefson með flott framhald af síðustu plötu.

# Í rosalegu rifrildi við mömmu

Ungstirnið Lindsay Lohan er alltaf jafnduglegt við að koma sér í vandræði. Í þetta sinn var lögreglan kölluð að heimili hennar snemma á miðvikudagsmorgunn eftir að leikkonan og móðir hennar Dina lentu í heiftúðlegu rifrildi.

Mæðgurnar voru á leið heim til sín eftir að hafa slett úr klaufunum á næturklúbbi í New York-borg þegar þær lentu í rifrildi, sem hélt áfram svo um munaði eftir að þær komu heim til sín. Samkvæmt vefsíðunni Tmz.com skarst Lindsay á fótlegg og sleit armband í átökunum. Nágrannar þeirra heyrðu allt saman og hringdu umsvifalaust á neyðarlínuna, 911. Lögreglan mætti á svæðið, náði að róa mæðgurnar niður og sluppu þær við handtöku.

Aðeins vika er liðin síðan Lohan hélt því fram að hinn 25 ára Christian LaBaella hefði ráðist á sig á hóteli í Manhattan og tekið af henni myndir án hennar leyfis. LaBella var handtekinn en slapp við ákæru.



VANDRÆÐAGEMSI Lindsay Lohan er alltaf jafndugleg við að koma sér í vandræði. NORDICPHOTOS/GETTY

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS
SLÓ Í GEGN Á RIFF COMBAT GIRLS STRÍÐSSTELPUR
HELDUR ÁFRAM FRÁ RIFF STARTUP KIDS SÝND Í NOKKRA DAGA
„Ein besta mynd ársins." - Fbl A SEPARATION
EN KONGELIG AFFÆRE KÓNGAGLENNA
FIMMTUDAGUR: COMBAT GIRLS (STRÍÐSSTELPUR) 18:00, 20:00, 22:00 ■ START-UP KIDS 20:00 ■ A SEPARATION 17:30, 20:00, 22:30 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) 17:20, 22:40 ■ ELLES 22:00 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 18:00
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# Sú fyrsta í fjórtán ár

Ný sólóplata Friðriks Ómars, Outside the Ring, kemur út 1. nóvember. Þetta er fyrsta sólóplata Friðriks með frumsömdu efni í fjórtán ár. Hún inniheldur tíu ný lög og lagahöfundar eru Friðrik Ómar, Stefán Örn Gunnlaugsson og Karl O. Olgeirsson. Textahöfundar eru Friðrik Ómar, Peter Fenner, Alma Goodman og Steinn Steinarr en titillag plötunnar Outside the Ring er þýðing á ljóði skáldsins Utan hringsins. Það er einmitt fyrsta smáskífulag plötunnar og kemur út í dag.

Útgáfutónleikar verða í Hofi á Akureyri 3. nóvember og í Norðurljósasal Hörpu 8. nóvember.



**FRIÐRIK ÓMAR** Söngvarinn gefur út sólóplötuna Outside the Ring 1. nóvember.

# Tónleikar á næsta ári

Rokkhundarnir í The Rolling Stones hafa bókað tónleika í London og í New York á næsta ári í tilefni af fimmtíu ára afmæli hljómsveitarinnar.

„Ég má ekki tala um þetta núna. Þeir eru búnir að banna mér það," sagði gítarleikarinn Keith Richards við tímaritið Q. Richards og félagar hafa verið að æfa að undanförnu í fyrsta sinn síðan 2007 í tilefni afmælisins. Bill Wyman, sem spilaði með Stones frá 1962 til 1993, hitti fyrrverandi félaga sína á fyrstu æfingunum og mun hugsanlega taka þátt í hátíðarhöldunum.



**AFMÆLI** The Rolling Stones fagnar fimmtugsafmæli sínu á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY



**GIFTUR MAÐUR** Jack Osbourne giftist unnustu sinni og barnsmóður Lisu Stelly á Hawaii um helgina. NORDICPHOTO/GETTY

# Giftist á Hawaii

Jack Osbourne giftist unnustu sinni og barnsmóður, Lisu Stelly, á Hawaii á sunnudaginn. Fyrrverandi raunveruleikastjarnan og sonur rokkarans Ozzy Osbourne vildi ekki kannast við brúðkaupið á samskiptavefnum Twitter en talsmaður Osbourne staðfesti fregnirnar við US Weekly á mánudaginn.

Árið hefur verið viðburðaríkt hjá Osbourne, sem eignaðist sitt fyrsta barn í apríl. Hann var síðan greindur með taugasjúkdóminn MS eftir að hann fór að missa sjón á öðru auganu í byrjun sumars. Nú er hann giftur maður, en athöfnin fór fram á sextugsafmæli móður hans, Sharon Osbourne.



**AFTUR** Jeff Lynne er á leið í stúdíó.

# Klára lagið

Paul McCartney hefur hug á að snúa aftur í hljóðver með upptökustjóranum Jeff Lynne úr ELO til að leggja lokahönd á vinnu við óklárað lag eftir John Lennon. Lynne og eftirlifandi Bítlar unnu saman að laginu árið 1995 ásamt tveimur öðrum lögum, Free as a Bird og Real Love, en aðeins þau tvö síðarnefndu voru kláruð og komu út á Beatles Anthology-plötunum.

Þetta kemur fram í nýrri heimildarmynd um Lynne sem nefnist Mr. Blue Sky. Lagið sem um ræðir gengur ýmist undir nöfnunum Missing You, Now and Then og I Don't Want To Lose You og var samið 1977 eða 1978.



# sport

sport@frettabladid.is

**GUNNAR GUÐMUNDSSON** var í gær ráðinn þjálfari Selfoss, sem féll úr Pepsi-deild karla í haust. Tekur hann við starfinu af Loga Ólafssyni, nýráðnum þjálfara Stjörnunnar. Gunnar lét um leið af störfum hjá KSÍ, þar sem hann hefur verið þjálfari U-17 liðs karla. Þá voru þeir Freyr Alexandersson og Davíð Snorri Jónasson ráðnir þjálfarar Leiknis.

## ÚRSLIT

### Domino's deild karla

**KFÍ - Fjölnir** 67-95 (36-53)
**KFÍ**: C. Miller-Williams 20/15 fráköst, B. Spencer 15, Mirko Virijevic 11, Pance Ilievski 7, Stefán Diegó Garcia 7, Jón Hrafn Baldvinsson 5, Guðmundur Guðmundsson 2.
**Fjölnir**: Árni Ragnarsson 22, C. Matthews 15, Tómas H. Tómasson 13, Arnþór F. Guðmundsson 12, S. Spicer 11, Björgvin Ríkharðsson 9, Elvar Sigurðsson 5, Gunnar Ólafsson 4, Jón Sverrisson 2.

### Domino's deild kvenna

**Grindavík - Njarðvík** 65-70 (29-31)
**Grindavík**: Dellena Criner 19, Berglind Anna Magnúsdóttir 16, Helga Rut Hallgrímsdóttir 12.
**Njarðvík**: Lele Hardy 28/22 fráköst, Ína Einarsd. 11.

**Haukar - Snæfell** 59-68 (35-41)
**Haukar**: Margrét Rósa Hálfdanardóttir 17, Siarre Evans 17, Dagbjört Samúelsdóttir 11.
**Snæfell**: Hildur Sigurðardóttir 17, Hildur Björg Kjartansdóttir 16, Berglind Gunnarsdóttir 14.

**Fjölnir - Valur** 53-76 (32-30)
**Fjölnir**: Britney Jones 29, Bergdís Ragnarsdóttir 9, Fanney Lind Guðmundsdóttir 4.
**Valur**: Alberta Auguste 20/10 fráköst, Kristrún Sigurjónsdóttir 17, Guðbjörg Sverrisdóttir 14, Þórunn Bjarnadóttir 10.

**KR - Keflavík** 54-76 (26-47)
**KR**: Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 15, Björg Guðrún Einarsdóttir 11, Patechia Hartman 9.
**Keflavík**: Pálína Gunnlaugsdóttir 17, Sara Rún Hinriksdóttir 15/15 fráköst, Jessica Ann Jenkins 13.








**ATKVÆÐAMIKILL** Stefán Rafn Sigurmannsson skoraði níu mörk fyrir Hauka í gær og var óhræddur við að skjóta á markið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hauslausir kjúklingar í kofanum

**Hausinn vantaði í sóknarleik Aftureldingar á heimavelli sínum, Hænsnakofanum, í gær. Þrátt fyrir fínan vilja og baráttu var sigur Hauka sannfærandi.**

**HANDBOLTI** Haukar unnu auðveldan sigur, 22-27, á Aftureldingu í Mosfellsbænum í gær. Þarna mættust liðin í efsta og neðsta sæti deildarinnar. Afturelding var eina liðið í deildinni sem hafði ekki fengið stig í deildinni fyrir leikinn og bið þess eftir stigum lengist enn.

Mosfellingar urðu fyrir áfalli fyrir leik er í ljós kom að Örn Ingi Bjarkason gat ekki leikið með vegna meiðsla. Fyrir vikið vantaði hausinn í sóknarleik Aftureldingar og hauslausu kjúklingarnir áttu aldrei möguleika gegn sterku liði Hauka.

Mosfellingar urðu að þjappa sér saman og það gerðu þeir, enda afar grimmir í fyrri hálfleik. Þó vantaði talsvert upp á gæðin í sókn heimamanna. Þar lá fjögurra marka munurinn í hléi. 9-13 fyrir Hauka, sem voru þó ekki að spila neitt sérstaklega vel.

Haukar féllu í þá gildru að slaka aðeins of mikið á framan af síðari hálfleik. Það átti að taka þetta með vinstri og það kann ekki góðri lukku að stýra. Tjörvi Þorgeirsson tók þó í taumana og leiddi Hauka út úr ógöngum og í átt að öruggum sigri.

„Við verðum að fjölga mínútunum þar sem sóknarmenn eru á tánum og beittir. Sækja að marki en horfa ekki upp í stúku. Byrjunin á seinni hálfleik var ekki gæfuleg þannig að ég var ánægður að strákarnir skyldu samt klára þetta örugglega," sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, eftir leikinn.

„Ég þurfti aðeins að öskra á strákana enda er þetta okkar veikleiki að slaka aðeins of mikið á. Við erum ekki betri en svo að þurfa að spila á fullu allan tímann." **- hbg**

## ÚRSLIT

**Afturelding - Haukar** 22-27 (9-13)
**Mörk Aftureldingar (skot)**: Sverrir Hermannsson 6 (12), Hilmar Stefánsson 5/2 (7/2), Jóhann Jóhannsson 5 (12), Böðvar Páll Ásgeirsson 3 (10), Fannar Rúnarsson 2 (3), Þrándur Gíslason 1 (2),
**Varin skot**: Davíð Svansson 19/1 (46/3, 41%),
**Hraðaupphlaup**: 2 (Jóhann 2)
**Fiskuð víti**: 2 (Þrándur 2)
**Mörk Hauka (skot)**: Stefán Rafn Sigurmannsson 9/2 (19/3), Tjörvi Þorgeirsson 6 (9), Freyr Brynjarsson 3 (4), Jón Þorbjörn Jóhannsson 3 (4), Árni Steinn Steinþórsson 2 (3), Gylfi Gylfason 2 (3), Elías Már Halldórsson 2 (4), Gísli Jón Þórisson (1), Adam Haukur Baumruk (3),
**Varin skot**: Giedrius Morkunas 11 (25/1, 44%), Aron Rafn Eðvarðsson 6 (14/1, 43%),
**Hraðaupphlaup**: 6 (Stefán Rafn 2, Freyr 1, Árni Steinn 2, Gylfi 1)
**Fiskuð víti**: 3 (Stefán Rafn 1, Tjörvi 1, Árni 1).





Armatura
Vnr. 15400044
ARMATURA eldhústæki.
2.995kr.
10 LÍTRAR
GLJÁSTIG 10
Vnr. 85540083
BYKO innimálning.
6.990kr.
Vnr. 74802250
EINHELL stingsög
BT-JS, 650W.
4.990kr.
28 STK. TOPPAR OG SKRÚFBITAR
Vnr. 74804108
EINHELL rafhlöðu-
skrúfvél, 4,8V.
1.990kr.
VERÐVERND BYKO
LÆGRA
VERÐ
LÁGT VERÐ
– ALLA DAGA
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50
BYKO KLÚBBURINN
BYKO KLÚBBURINN
TEKUR ÞÁTT Í BLEIKUM OKTÓBER
Í OKTÓBER RENNA 10% AF ANDVIRÐI VARA Á KLÚBBTILBOÐI TIL KRABBAMEINSFÉLAGSINS.
RYKSUGUGILDRA FYLGIR
Vnr. 65144004
Ryksugugildra, frábær til að
tapa ekki dýrmætum litlum
hlutum eins og skartgripum.
KLÚBB verð
5.990kr.
Ryksuga og gildra
Vnr. 65103019
KHG ryksuga, 1400W og
VISIOVAC ryksugugildra.
10.580kr.
Vnr. 42130710
Rafmagns
meindýrafæla, 0,7W.
1.890kr.
KLÚBB verð
1.390kr.
LEIFHEIT
Vnr. 40056590
LH PICOSPRAY
moppa, 26 cm.
4.990kr.
KLÚBB verð
2.990kr.
Vnr. 39008534
GAH hjólafesting á
vegg, þolir 50 kg.
4.990kr.
KLÚBB verð
3.490kr.
Vnr. 42266100
SOEHNLE Page
eldhúsvog.
6.990kr.
KLÚBB verð
3.990kr.
COLORS
Vnr. 52210348-15312
DALLAS loftljós frá
COLORS eða lampar,
margir litir.
Verð frá:
9.990kr.
ÚRVAL LJÓSA FRÁ
ÞESSUM VIÐURKENNDA
DANSKA HÖNNUÐI!
KLÚBB verð frá
6.990kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.
EXPO

Mesta lyfjamisnotkunarsamsæri sögunnar:

## „Armstrong dópaði“

**HJÓLREIÐAR** Lyfjaeftirlitssamtök Bandaríkjanna sendu í gær frá sér risavaxna skýrslu um Lance Armstrong hjólreiðakappa og keppnislið hans.

Armstrong fagnaði sigri í Tour de France sjö sinnum á ferlinum en hann var dæmdur í ævilangt bann í ágúst eftir að hann neitaði að svara fyrir kærur eftirlitsins um lyfjamisferli hans.



Í skýrslunni, sem er meira en þúsund blaðsíður, er sagt frá vitnisburði 26 manna, þar af fimmtán hjólreiðakappa. Fullyrt er að skýrslan sanni með öllu að US Postal Service-hjólreiðaliðið (USPS) hafi starfrækt umfangsmesta, faglegasta og árangursríkasta lyfjasvindl íþróttasögunnar, þar sem Armstrong hafi verið í aðalhlutverki. **- esá**

# Þetta er mín lokatilraun

**„Ég mun aldrei snerta handbolta aftur um ævina ef þetta gengur ekki upp,“ segir handknattleikskappinn Logi Geirsson, sem hefur ákveðið að rífa skóna niður úr hillunni. Hann spilar sinn fyrsta leik með FH á ný í lok mánaðarins.**

**HANDBOLTI** Logi Geirsson gaf það út fyrir rúmu ári að hann væri hættur handknattleiksiðkun, aðeins 28 ára að aldri. Axlarmeiðsli neyddu hann til þess að hætta. Á þrítugsafmælisdaginn sinn, sem var í gær, gaf Logi það aftur á móti út að hann ætlaði að reyna einu sinni enn.

„Ég ætla að spila minn fyrsta leik með FH í vetur gegn Aftureldingu þann 25. október. Þá verð ég klár í slaginn,“ sagði Logi ákveðinn.

Eftir að hafa reynt ýmislegt til þess að ná sér góðum af meiðslunum fór hann í ferð til Englands fyrir Ólympíuleikana í sumar og sú ferð breytti miklu.

„Þar hitti ég axlarsérfræðing sem á að vera mjög góður. Eftir að hafa sent honum mína sögu var hann til í að hitta mig. Hann hafði meðhöndlað kastara í krikket sem var með svipuð einkenni og ég. Hann vildi því fá að hitta mig. Meðhöndlunin þar var önnur og smám saman hef ég verið að hressast,“ sagði stórskyttan kát sem hefur jafnt og þétt verið að bæta sig.

> Það var ekki auðvelt að gefa handboltann upp á bátinn enda er handbolti það sem ég er bestur í.
>
> **LOGI GEIRSSON**
> HANDKNATTLEIKSMAÐUR

„Ég hef verið að mæta einstaka sinnum á æfingar með FH síðan í sumar og alltaf orðið betri. Nú er ég allt í einu orðinn bestur á æfingum hjá liðinu,“ sagði Logi kokhraustur, en skortur á sjálfstrausti hefur aldrei verið einn af hans veikleikum.

„Þetta er tíminn til þess að prófa á nýjan leik. Ég spila ekki handbolta þegar ég verð orðinn fimmtugur. Það var ekki auðvelt að gefa handboltann upp á bátinn enda er handbolti það sem ég er bestur í. Ég vil ekkert meira en að spila handbolta sem mér finnst svo skemmtilegt að gera. Þetta hefur verið stigvaxandi hjá mér og því um að gera að láta á þetta reyna.“

Þó svo engin trygging sé fyrir því hvort Logi geti verið með liðinu í allan vetur þá hefur Logi strax sett sér háleit markmið.

„Ég hef alltaf gert það og það mun seint breytast. Ég er því að fara að vera með til þess að vinna alla titla. Ég vil hjálpa FH að ná titlinum aftur í Kaplakrika. Þar á Íslandsbikarinn heima,“ sagði Logi, sem viðurkennir að ef þetta gangi ekki upp núna þá sé handboltinn búið spil. „Þetta er mín lokatilraun. Ég hef verið að bíða eftir þessu tækifæri og því stekk ég á þetta núna. Ég mun aldrei snerta handbolta aftur um ævina ef þetta gengur ekki upp. Ég get lofað því. Áætlunin er því að koma rólega inn í þetta núna og sjá hvernig fer hjá mér. Ég er samt mættur og ætla mér stóra hluti eins og alltaf.“

Þó svo að Logi hafi ekki spilað handbolta lengi hefur hann ekki slegið slöku við í ræktinni og er í frábæru líkamlegu formi.

„Ég er tíu kílóum léttari en þegar ég var atvinnumaður. Ég er svínfljótur fyrir vikið. Það er eitthvað sem ég verð að nýta mér,“ sagði Logi Geirsson, en endurkoma hans mun klárlega lífga mikið upp á N1-deildina enda var Logi einn litríkasti karakterinn í íslensku íþróttalífi.

henry@frettabladid.is



**GEFST EKKI UPP** Hinn þrítugi Logi viðurkennir að það hafi ekki verið auðvelt að leggja skóna á hilluna. Hann mun því reyna einu sinni enn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Bestur áður en hann byrjaði aftur



„Hann var bestur á æfingum áður en hann tók fyrstu æfinguna að eigin mati,“ sagði Einar Andri Einarsson, þjálfari FH, og hló dátt spurður um ummæli Loga að hann væri þegar orðinn besti maðurinn á æfingum liðsins.

„Að öllu gríni slepptu hefur hann staðið sig mjög vel og gott að fá hann inn í hópinn. Okkur vantar reyndari menn og Logi hefur nóg af reynslu,“ sagði Einar, vonast til þess að Logi geti hjálpað liðinu í baráttunni.

„Við höfum unnið í þessu síðan í maí og honum líður alltaf betur. Vonandi getur hann því farið að hjálpa okkur. Þó svo að hann sé ekki að hamra á markið getur hann hjálpað okkur mikið. Ef öxlin dettur svo í almennilegt stand líst mér ansi vel á hann.“







# OUTLET SPRENGJA

**Í CINTAMANI OUTLETINU**
AUSTURHRAUNI 3
GARÐABÆ

FIMMTUDAG 11. OKT.
TIL LAUGARDAGS
13. OKT.

## 25% AUKA-AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

**VERÐDÆMI MEÐ AFSLÆTTI:**

| | |
|---|---|
| Barnapeysur frá | 2.500 |
| Barnaúlpur frá | 4.870 |
| Dömupeysur frá | 2.500 |
| Herrapeysur frá | 5.000 |
| Dömudúnkápur frá | 14.990 |
| Herraúlpur frá | 13.400 |




**CINTAMANI**
WWW.CINTAMANI.IS

**Cintamani Austurhraun 3**
fim - fös. 10- 18 | lau. 10 -16
S. 533 3800

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**1.610** **LAXAR** veiddust í Miðfjarðará í sumar. Er það ágætis veiði þegar tekið er mið af því hversu léleg laxveiðin var almennt í sumar. Í fyrra veiddust 2.364 laxar í ánni.

**1.507** **LAXAR** komu á land í Selá í Vopnafirði í sumar. Miðað við aðrar ár og ástandið almennt í sumar er það fín veiði. Í fyrra veiddust 2.021 lax í Selá.











**ELVAR ÁRNI LUND** Formaður Skotvís segir skotveiðimenn ánægða með að fá að veiða rjúpu en gagnrýnir veiðifyrirkomulagið.

# „Höfum alveg misst stjórn á refastofninum“

**Gæsaveiðar hafa gengið ágætlega í ár, þó misjafnlega eftir landshlutum. Höfum misst stjórn á refastofninum sem hefur áhrif á rjúpuna, segir formaður Skotvís, sem gagnrýnir stofnstærðarlíkan rjúpunnar sem notað er til að ákvarða veiði.**

„Það er misjafnt hvað menn segja með gæsaveiðina í ár. Sumir bera sig vel en aðrir ekki. Í heildina held ég samt að gæsaveiðin hafi verið nokkuð góð en þetta kuldaskot sem gerði í byrjun september hafði þó töluverð áhrif,“ segir Elvar Árni Lund, formaður Skotveiðifélags Íslands (Skotvís).

Að sögn Elvars Árna hefur aðallega sést af gæs á Norðurlandi eftir kuldatíðina í september enda hafi allt hálendið þar verið þakið snjó. „Gæsin virðist hafa látið sig hverfa á stóru svæði en hefur sennilega fært sig sunnar. Ég efast um að hún sé farin af landi brott. Menn bera sig allavega vel fyrir sunnan.“ Gæsaveiðar á Íslandi standa jafnvel út nóvember ef veðráttan er sæmileg en þá aðallega sunnanlands. „Tilkoma kornakra fyrir sunnan hefur breytt miklu fyrir gæsaveiðimenn. Gæsirnar hafa nú meira aðgengi að ræktuðu landi og þar er meira æti að finna,“ segir Elvar Árni.

Bændur hafa leigt skotveiðimönnum tún til gæsaveiða en þó þeir geti haft ágætis tekjur af því getur gæsin verið heilmikill skaðvaldur, sérstaklega á vorin. „Hún fer mjög illa með tún og er sérstaklega aðgangshörð á kornökrum. Álftir og gæsir eru skelfileg samsetning því álftin treður túnin niður og svo kemur gæsin á eftir. Þetta getur valdið bændum miklum búsifjum,“ segir Elvar Árni.

Rjúpnaveiðin hefst í lok mánaðar. Samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra verður heimilt að skjóta rjúpu í níu daga líkt og haustið 2011 og dreifist veiðitímabilið á fjórar helgar.

Að sögn Elvars Árna eru skotveiðimenn ánægðir með að ráðherra skuli hafa tekið ákvörðun svona fljótt. Engu að síður telja þeir að margt megi betur fara.

„Veiðidögum var fækkað úr átján niður í níu fyrir nokkrum árum. Við teljum engu að síður að það sé alveg jafn mikið veitt nú og þá. Það eru bara fleiri í einu að veiða og álagið á stofninn alveg jafn mikið. Þegar veiðitímabilið stóð lengur yfir voru menn ekki að fara í misjöfnum veðrum. Nú fara menn upp á hálendi í vondu veðri og þá getur skapast hætta,“ segir Elvar Árni. „Við erum samt ánægðir með að veiðar séu enn leyfðar. Okkur finnst samt sem veiðistjórnun á rjúpu sé úrelt fyrirkomulag og vonum að nýtt kerfi verði tekið upp. Við teljum það úrelt kerfi að ráðherra skuli taka ákvörðun um þetta í stað þess að sérfræðingar hjá Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun fari með ákvörðunarvaldið. Nú eru þeir bara til ráðgjafar fyrir ráðherra. Á endanum verður þetta alltaf pólitísk ákvörðun sem ráðherra fer með, sem er mjög sérstakt þegar taka þarf ákvörðun um veiðar á villtum fugli. Það væri betra ef þetta væri bara eins og gæsaveiðarnar sem eru bara í föstum skorðum og ekki verið að hrófla við þeim ár frá ári.“

Elvar Árni segir að stofnstærðarlíkanið sem miðað sé við geri of mikið úr áhrifum veiða á stofn rjúpunnar. „Það eru fyrst og fremst veðurfarsleg áhrif og afrán annarra dýra sem hafa áhrif, svo sem refa, minka og ránfugla. Þetta hefur heilmikil áhrif og að okkar mati meiri áhrif en líkanið gerir ráð fyrir. Við höfum verið að vinna í því að fá Náttúrufræðistofnun til að skoða fleiri þætti en það sem hefur áhrif þar er fyrst og fremst skortur á fé til rannsókna. Við teljum að hægt sé að stjórna þessum veiðum betur og það er örugglega hægt að styrkja stofninn með meiri veiðum á ref. Refurinn étur mjög mikið. Við höfum alveg misst stjórn á refastofninum.“ kristjan@frettabladid.is

> Það eru bara fleiri í einu að veiða og álagið á stofninn alveg jafn mikið.
>
> ELVAR ÁRNI LUND
> FORMAÐUR SKOTVÍS




# *Höfundarkvöld með*
# *MICHEL HOUELLEBECQ*



Í kvöld **11. október kl. 20**
verður haldið höfundarkvöld til heiðurs
Michel Houellebecq á **Kaffi Sólon**,
Bankastræti 7a.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

*„Flugeldasýning sem samanstendur af húmor, kaldhæðni og depurð.“*

LE NOUVEL OBSERVATEUR




- upplestur
- spjall
- áritanir

MÁL OG MENNING

> **Stöð 2 kl. 20.10**

**Neyðarlínan**

***Ný þáttaröð þar sem fréttakonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir ræðir við fólk sem hringt hefur í Neyðarlínuna – 112 – af ýmsum ástæðum. Sögur þeirra eru rifjaðar upp, símtölin til Neyðarlínunnar spiluð og talað við sjúkraflutningamenn, lækna, björgunarsveitarmenn og aðra sem tengjast hverju máli fyrir sig. Barnsfæðing í bíl, skelfilegur bruni, hjartastopp, sjóslys og fleiri dramatískir viðburðir verða teknir til umfjöllunar á vandaðan hátt.***



# dagskrá

## KVIKMYNDIR OG ÞÆTTIR KVÖLDSINS



### Four Weddings and a Funeral
Klassísk bresk gamanmynd með rómantísku ívafi frá árinu 1994. Maður og kona kynnast í brúðkaupi. Þau hittast svo í þremur brúðkaupum og einni jarðarför eftir það og einhverjir neistar eru á milli þeirra.

**Leikstjóri:** Mike Newell
**Aðalhlutverk:** Hugh Grant, Andie MacDowell og James Fleet

Rotten Tomatoes 96% | IMDb 7,0 | Stöð 2 Bíó 19:25

### James Bond: The Man with the Golden Gun
Níunda James Bond-myndin er frá árinu 1975. Roger Moore er hér í hlutverki njósnarans í annað skipti. og nú heldur hann til Asíu í leit að vopni sem er knúið af sólarorku.

**Leikstjóri:** Guy Hamilton
**Aðalhlutverk:** Roger Moore, Christopher Lee og Britt Ekland.

Rotten Tomatoes 50% | IMDb 6,7 | Skjáreinn 22:00

### Far and Away
Mynd frá árinu 1992, þegar Cruise og Kidman voru enn hamingjusöm. Cruise leikur ungan Íra sem missir föður sinn og í kjölfarið heimili sitt. Hann heldur til Ameríku á vit ævintýranna með dóttur landeigandans.

**Leikstjóri:** Ron Howard
**Aðalhlutverk:** Tom Cruise, Nicole Kidman og Thomas Gibson.

Rotten Tomatoes 50% | IMDb 6,3 | Stöð 2 13:00

### Pretty Little Liars
Fyrsta þáttaröðin um vinkonurnar fjórar sem flækjast í hvert sakamálið á fætur öðru, þökk sé hinni dularfullu A, sem enginn veit hver er. Stúlkurnar kljást við stöðugar ógnir sem A leggur fyrir þær, og líta stórkostlega út á meðan.

**Aðalhlutverk:** Lucy Hale, Troian Bellisario, Ashley Benson, Holly Marie.

52/100 | IMDb 8,1 | Popp Tíví 21:05

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Vögguvísa **15.25** Í kvöld um kaffileytið **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.47** Auglýsingar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Fjöll Úthöf Risar **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.20 Stjórnarskráin** (2:4) (e)
**15.40 Kiljan** (e)
**16.30 Herstöðvarlíf** (17:23)(Army Wives)
**17.15 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.25 Múmínálfarnir**
**17.35 Lóa**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (1:31) (e)
**18.25 Dýraspítalinn**(5:10)(Djursjukhuset)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Litla Parísareldhúsið** (1:6) (The Little Paris Kitchen)
**20.35 Andri á flandri - Í Vesturheimi** (2:6) (Gimli)
**21.15 Sönnunargögn** (4:16) (Body of Proof II) Atriði eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Detroit 1-8-7** (10:18) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.03 Ljósmóðirin** (1:6) (Call the Midwife) (e)
**23.55 Krabbinn I** (8:13) (The Big C) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.23 Kastljós** (e)
**00.45 Fréttir**
**01.00 Kappræður í Bandaríkjunum** Joe Biden varaforseti og Paul Ryan varaforsetaefni takast á í kappræðu í beinni útsendingu frá Danville í Kentucky.
**02.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**07.40 Pride and Glory**
**11.00 Ultimate Avengers 2**
**12.15 Fur**
**14.15 Four Weddings and a Funeral**
**16.10 Ultimate Avengers 2**
**17.25 Fur**
**19.25 Four Weddings and a Funeral**
**21.25 My Blueberry Nights**
**23.05 Die Hard**
**01.15 Shooting Dogs**
**03.10 My Blueberry Nights**
**04.45 Die Hard**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (10:22)
**08.30 Ellen** (18:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (5:175)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (24:25)
**11.00 White Collar** (2:16)
**11.45 Lie to Me** (16:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Far and Away** Dramatísk ástarsaga sem fjallar um írska landnema í Bandaríkjunum. Joseph er eignalaus leiguliði á Írlandi sem gerir uppreisn gegn ofríki landeigandans en fellur flatur fyrir dóttur hans, Shannon, og saman ákveða þau að láta drauma sína rætast í Vesturheimi.
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (19:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (14:22)
**19.45 Modern Family** (14:24)
**20.10 Neyðarlínan** Sigrún Ósk Kristjánsdóttir fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna af ýmsum ástæðum.
**20.40 Steindinn okkar** (8:8) Steindi Jr. fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig, jafnt þá sem hafa getið sér gott orð í gríninu og sem þekktir eru fyrir allt annað.
**21.05 Revolution** Þættir um heim sem missir skyndilega allt rafmagn og þarf að læra að komast af án þess.
**21.55 Fringe** (17:22) Olivia Dunham, sérfræðingur FBI, rannsakar dularfull atvik ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter.
**22.45 Breaking Bad** (6:13)
**23.35 Spaugstofan** (3:22)
**00.00 Harry's Law** (11:12)
**00.45 Homeland** (1:12)
**01.40 Mad Men** (9:13)
**02.25 Lie to Me** (16:22)
**03.10 Far and Away**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.05 Pepsi mörkin**
**20.00 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur**
**20.30 Evrópudeildin** Endursýndur leikur í Evrópudeildinni.
**22.15 Evrópudeildarmörkin** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í Evrópudeildinni.
**23.05 Dominos deildin** Allt um liðin í Domino's deild karla í körfuknattleik. Viðtöl við þjálfara liðanna og farið yfir styrkleika og veikleika hvers liðs fyrir sig.
**01.00 Formúla 1: Kórea - Æfing 1**
**05.00 Formúla 1: Kórea - Æfing 2**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Southampton - Fulham**
**18.15 Swansea - Reading**
**20.00 Premier League World 2012/13**
**20.30 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1995**
**21.00 Being Liverpool** Þáttaröð þar sem áhorfendur fá einstaka innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar. Leikmenn og þjálfarar opna dyrnar og sýna hvernig líf knattspyrnumanna er, innan vallar sem utan.
**21.45 Premier League Review Show 2012/13**
**22.40 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**23.10 Tottenham - Aston Villa**
**00.55 Chelsea - Norwich**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.50 Lukku láki**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.05 Ofurhetjusérsveitin**
**17.30 Sorry I've Got No Head**
**18.00 iCarly** (16:45)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan**
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Glee** (19:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu þrátt fyrir mikið mótlæti frá klappstýrukennaranum Sue.
**19.00 Friends**
**19.25 The Simpsons**
**19.50 How I Met Your Mother** (9:22)
**20.15 Game Tíví** Frábær og fræðandi þáttur sem fjallar um allt það nýjasta úr tækni-og tölvuleikjaheiminum.
**20.40 Suburgatory** (9:22) Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**21.05 Pretty Little Liars** (9:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**21.50 Gossip Girl** (1:22) Sjötta þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna. Líf unglinganna ætti að virðast auðvelt þar sem þeir hafa allt til alls.
**22.30 Game Tíví**
**22.55 Suburgatory** (9:22)
**23.20 Pretty Little Liars** (9:25)
**00.05 Gossip Girl** (1:22)
**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.25 Doctors** (45:175)
**19.05 Ellen** (19:170)
**19.45 Logi í beinni**
**20.25 Að hætti Sigga Hall** (5:18)
**20.55 Friends** (9:24)
**21.20 Pressa** (5:6)
**22.05 Það var lagið**
**23.05 Ellen** (19:170)
**23.50 Logi í beinni**
**00.30 Að hætti Sigga Hall** (5:18)
**01.00 Það var lagið**
**02.00 Friends** (9:24)
**02.25 Pressa** (5:6)
**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.10 The Voice** (4:15) (e)
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 America's Next Top Model** (7:13) (e)
**19.00 Everybody Loves Raymond** (15:25)
**19.25 Will & Grace** (7:24)
**19.50 Rules of Engagement** (13:15)
**20.15 30 Rock** (8:22) Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda.
**20.40 House** (4:23) Þetta er síðasta þáttaröðin um sérvitra snillinginn House.
**21.30 Johnny Naz** (3:6) Johnny Naz heimsækir sex lönd og dregur fram það besta frá hverju og einu. Þjóðverjar eru þekktir fyrir járnaga og skipulag en Johnny kemst að því að ekki er allt sem sýnist í Berlín.
**22.00 James Bond: The Man with the Golden Gun** Níunda Bond-myndin skartar Roger Moore í hlutverki njósnara hennar hátignar.
**00.50 CSI: Miami** (3:19) (e)
**00.55 Crash & Burn** (11:13) (e)
**01.40 CSI** (20:22) (e)
**02.25 Everybody Loves Raymond** (15:25) (e)
**02.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.35** Justin Timberlake Open 2012 (4:4) **10.35** Golfing World **11.25** Golfing World **12.15** Justin Timberlake Open 2012 (4:4) **15.15** Presidents Cup 2011 (1:4) **20.00** Frys.com Open 2012 (1:4) **23.00** Inside the PGA Tour (40:45) **23.25** The Sport of Golf (1:1) **00.25** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |







# 60% afsláttur

AF ELDRI VÖRUM

60% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM MARKAÐARINS

next
– MARKAÐURINN

OPIÐ:

| | |
|---|---|
| mán. - mið. | 10:00 - 18:30 |
| fimmtudaga | 10:00 - 21:00 |
| föstudaga | 10:00 - 19:00 |
| laugadaga | 10:00 - 18:00 |
| sunnudaga | 13:00 - 18:00 |

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

## DRYKKURINN



*„Vestfirska bergvatnið er uppáhaldsdrykkurinn minn.“*

Ársæll Níelsson, leikari.

# Örlög Kaffivagnsins eru enn óráðin

„Ég reikna með því að hann fari á þessu ári,“ segir fasteignasalinn Ísak V. Jóhannsson um Kaffivagninn á Granda, sem hefur verið til sölu í um tvo mánuði.

Vinsældir Grandasvæðisins í vesturbæ Reykjavíkur hafa aukist mikið upp á síðkastið og hafa margar nýjar verslanir og fyrirtæki risið þar. Miðað við það mætti ætla að hinn gamalgróni veitingastaður, sem hefur verið í eigu Stefáns Kristjánssonar og eiginkonu hans í næstum fjörutíu ár, væri eftirsóttur á fasteignamarkaðnum.

„Það er einn og einn að spá en það er frekar erfitt að fá fjármögnun í dag, það er eina vandamálið,“ segir Ísak, sem starfar hjá Þingholti/Stórholti. Margir hafa viljað leigja húsnæðið en Stefán er staðráðinn í að selja. „Þetta er bara vegna aldurs sem hann er að hætta. Það þurfa bara einhverjir ungir og ferskir að taka við.“

Sjálfur fór Ísak oft á Kaffivagninn með pabba sínum þegar hann var lítill. „Það eiga margir góðar minningar þaðan. Svo eru það líka allir sjómennirnir sem hafa verið þarna í morgunkaffi og mat.“ **- fb**



**KAFFIVAGNINN** Ísak V. Jóhannsson reiknar með því að Kaffivagninn seljist á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






**HEILLAÐI L.A. REID** Jón Ragnar Jónsson landaði plötusamningi við Sony með því að halda einkatónleika fyrir tónlistarmógúlinn L.A. Reid á skrifstofu hans í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

JÓN RAGNAR JÓNSSON: ÞETTA ER ALVEG GRILLAÐ

# Uppgötvaður af L.A. Reid og kominn á samning hjá Sony

Tónlistarmaðurinn, ritstjórinn og knattspyrnukappinn Jón Ragnar Jónsson hefur landað plötusamningi við Sony eftir að hann heillaði útgáfustjórann og X Factor-dómarann L.A. Reid.

„Það hlaut að vera að það kæmi að því að þið þefuðuð þetta uppi,“ sagði Jón þegar Fréttablaðið hafði samband, en staðfesti um leið fregnirnar.

Jón Ragnar hefur skrifað undir plötusamning við Epic Records, sem heyrir undir Sony-samsteypuna. L.A. Reid er stjórnarformaður útgáfunnar. Jón er að vonum lukkulegur með samninginn og segir söguna sem fylgir aðdraganda hans nánast of góða til að vera sanna.

„Fyrir ári síðan spiluðum við vinur minn, píanóleikarinn Kristján Sturla Bjarnason, nokkur lög fyrir Bryant Reid, bróður L.A. Reid. Góður félagi minn úr háskólanum í Boston kom mér í samband við hann. Eftir það biðum við bara í rólegheitum eftir að eitthvað kæmi út úr þessu,“ segir Jón.

Það var svo um verslunarmannahelgina sem boltinn fór að rúlla. Þá var Jón staddur í sumarbústað með fjölskyldunni og fékk tölvupóst frá Bryant þar sem hann tilkynnti Jóni að L.A. vildi hitta hann. „Þá hugsaði ég bara „vá, hvað þetta er grillað“,“ segir Jón, sem var kominn til New York viku síðar ásamt Kristjáni Sturlu, á fyrsta farrými í boði Sony.

„Þetta var eins og í bíómynd. Bílstjóri sótti okkur út á flugvöll í bíl með skyggðum rúðum, en ég afþakkaði hótelgistingu því ég vildi frekar gista hjá stóru systur minni sem er búsett í New York.“

Jón og Kristján höfðu undirbúið fimm lög til að flytja fyrir L.A. Reid, en tónleikarnir fóru fram á skrifstofu tónlistarmógúlsins í 30 hæð í Sony-byggingunni á Madison Avenue á Manhattan.

„Ég hafði verið mjög stressaður vikuna fyrir þennan fund, svaf lítið og hugsaði mikið um hvaða lög ég ætti að taka. Svo þegar kom að þessu var ég furðu rólegur. Um tíu manns voru viðstaddir og L.A. Reid lék á als oddi. Hann bað Kristján meðal annars um að spila Bítlana á flygilinn,“ segir Jón, sem náði einungis að leika lög sín When You‘re Around og Kiss in the Morning áður en útgáfustjórinn stoppaði hann af. „Þá fórum við bara í annað herbergi á meðan þau réðu ráðum sínum inni á skrifstofunni. Bryant var á báðum áttum hvort það boðaði gott eða ekki að L.A. skyldi stöðva okkur eftir einungis tvö lög. Svo komu allir út og þökkuðu mér fyrir flutninginn, en síðastur kom L.A. Reid og sagði orðrétt: „I want to carry you on my shoulders for the world to see“.

Jón hefur skrifað undir samning sem hljóðar upp á nokkrar plötur, en framhaldið skýrist á næstunni. Jón er með mörg járn í eldinum, þar sem hann ritstýrir Monitor og spilar knattspyrnu með Íslandsmeisturum FH á milli þess sem hann hefur verið duglegur við að troða upp með gítarinn.

„Ég geri mér grein fyrir því að ég þarf að fórna einhverju svo að þetta gangi upp, hvort sem ég þarf að flytja út eða ekki. Mig hefði aldrei grunað að ég myndi nokkurn tíma fá samning hjá Sony. Þetta er tækifæri sem ég verð að stökkva á og prófa. Lukkudísirnar voru svo sannarlega hliðhollar mér í þetta sinn.“ **alfrun@frettabladid.is**

> I want to carry you on my shoulders for the world to see.
>
> **L.A. REID**
> ÚTGÁFUSTJÓRI EPIC RECORDS

### UPPGÖTVAÐI RIHÖNNU OG JUSTIN BIEBER

L.A. Reid er stórt nafn í tónlistarbransanum vestanhafs sem útgáfustjóri og lagahöfundur. Ekki er nema ár síðan hann tók við stjórn hjá Epic Records, en áður stjórnaði hann plötuútgáfunum LaFace Records og The Island Def Jam Music Group.

Með plötusamningnum er Jón Ragnar kominn í góðan hóp með góðu fólki, en L.A. Reid á þátt í frægð og frama Rihönnu, Justins Bieber, Ushers, Avril Lavigne, Mariuh Carey, Kanye West, Pink, Toni Braxton, TLC, OutKast og Dido.

L.A. Reid hefur unnið til þriggja Grammy-verðlauna. Undanfarið hefur hann vakið athygli fyrir vasklega framgöngu sína í raunveruleikaþáttunum X Factor en í ár situr hann í dómarasætinu ásamt Simon Cowell, Britney Spears og Demi Lovato. Sigurlaunin í X Factor-keppninni eru plötusamningur hjá Epic Records-útgáfunni, en Jón Ragnar er einmitt mikill aðdáandi raunveruleikaþáttanna og auðvitað tónlistarmógúlsins.



Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# Allt að 80% afsláttur

ÚTSALA



10030744

## HTC Rhyme

Einn glæsilegasti Android-sími fyrr og síðar frá HTC, glæsilegur aukahlutapakki fylgir með

**Útsöluverð: 49.995**

**37% AFSL.**

**Verð áður 79.995**

## Yamaha TSX 112

Öflugt hljómflutningstæki frá Yamaha með CD / iPod tengi / FM-útvarpi / USB. Til í tveimur litum

**Útsöluverð: 39.995**

**33% AFSL.**

**Verð áður 59.995**



TSX112WH

## LG 32 tommu HDR LED-sjónvarp

32 tommu LED-sjónvarp frá LG með USB-afspilun og 2x HDMI

**Útsöluverð: 99.995**

**33% AFSL.**

**Verð áður 149.995**



32LS359T

## Philips CD180 þráðlaus sími

Einfaldur og þægilegur þráðlaus heimasími frá Philips



**Útsöluverð: 4.995**

**37% AFSL.**

**Verð áður 7.995**

10024542



10036877

## Motorola Xoom II 16GB WiFi

Öflug 10 tommu spjaldtölva frá Motorola. Keyrir á Android 4.0

**Útsöluverð: 49.995**

**50% AFSL.**

**Verð áður 99.995**

## BH-110 Nokia Black Bluetooth headset

Þægilegt Bluetooth-heyrnartól frá Nokia



02730J0

**Útsöluverð: 2.995**

**50% AFSL.**

**Verð áður 5.995**

## Motorola Razr Black

4,3 tommur 1,2 GHz Dual-Core-örgjörvi
Uppfæranlegur í Android 4.0



**Útsöluverð: 59.995**

**25% AFSL.**

**Verð áður 79.995**

10032132

## LG 42 tommu LCD FullHD sjónvarp

Glæsileg hönnun, með USB-tengi fyrir afspilun á myndskeiðum

**Útsöluverð: 139.995**

**17% AFSL.**

**Verð áður 169.995**



42CS460

**Mikið úrval af tölvutöskum og tölvuaukahlutum**

10% afsláttur er af öllum nýjum farsímum sem ekki eru á útsölu.
20% afsláttur er af öllum nýjum farsímaaukahlutum sem ekki eru á útsölu.




Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 122907

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gerir aðra heimildarmynd

Fjölmiðlakonan **Þóra Tómasdóttir**, sem landsmönnum er að góðu kunn fyrir störf sín í sjónvarpi, á dagblöðum og tímaritum, leggur þessa dagana drög að nýrri heimildarmynd. Efniviður myndarinnar er þó enn á huldu, þótt heimildir blaðsins hermi að efnistökin skýrist von bráðar þegar Þóra fer að viða að sér efni í myndina. Þetta er í annað sinn sem Þóra gerir heimildarmynd. Frumraun hennar á þessu sviði, „Stelpurnar okkar!“, um baráttu íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu um að komast á Evrópumeistaramótið í Finnlandi 2009, þótti afar vel heppnuð.



### Ánægjulegt á Íslandi

Poppdívan Lady Gaga var hæstánægð með komu sína til Íslands á þriðjudag og heiðursverðlaunin sem Yoko Ono afhenti henni í Hörpunni. „Dagurinn í dag var sá ánægjulegasti sem ég hef upplifað,“ skrifaði hún á Twitter-síðuna sína og lét fylgja með mynd af sér með verðlaunagripinn. Gaga trónir á toppnum sem vinsælasta söngkona heimsins. Til marks um það á hún yfir 53 milljónir aðdáenda á Facebook-aðdáendasíðu sinni og er vinsælust allra á Twitter með þrjátíu milljón fylgjendur. **- óká, fb**



### Mest lesið VÍSIR

1. Jón Gnarr mætti í Star Wars búningi
2. Barack Obama hyllir son Íslands
3. Yoko Ono tendraði ljós Friðarsúlunnar
4. Kettir hverfa sporlaust á Eyrarbakka
5. Lady Gaga vill fleiri borgarstjóra eins og Jón


BÓKA-MARKAÐUR

Fræðirit fyrir fróðleiksfúsa er í Skeifunni 3.
Opið kl.10-18.
30-70% afsláttur.
8.-13. október

SÖGUFÉLAG
HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG
Sími 588-9060


